

EIRÍKUR HAFDAL

*Fann loksins draumasófann eftir langa leit*

• heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



SIGLUFJÖRÐUR

*Síldarævintýrið stórkostleg fjölskylduhátíð*

Sérblað um Siglufjörð

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



PÁLL TRYGGVI KARLSSON

*Dreginn áfram af besta vini mannsins*

Efnir til hunda-dragkeppni í Garðinum

TILVERAN 12

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. júlí 2008 — 204. tölublað — 8. árgangur · MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI · Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR



**Ástríður tekur á sig mynd**

Þóra Karítas Árnadóttir er á meðal fjölda leikara í sjónvarpsþáttunum Ástríði.

FÓLK 30

**Rósenberg snýr aftur**

Vinsæll skemmtistaður opnaður aftur á Klapparstíg.

FÓLK 22



**Óhefðbundin skútusmíði**

Jarl og Carl Brynjar nota tæknina á nýstárlegan hátt við smíðar á skútunni Rugludalli.

FÓLK 30



**Mikil dramatík í Eyjum**

Kristján Þór Einarsson og Helena Árnadóttir eru Íslandsmeistarar í golfi.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**HITINN Í 24 STIG** í dag verða víðast 3-8 m/s. Bjartviðri norðaustan til, bjart með köflum á landinu norðvestanverðu annars skúrir. Hiti 12-24 stig, hlýjast á Norðausturlandi.

VEÐUR 4



NORDICPHOTO/AFP

Allt að fjórar milljónir manna sækja viðburði við Signu:

## Sólstrandarstemning í París

**PARÍS** Árbakkar Signu, sem rennur í gegnum París, höfuðborg Frakklands, taka umtalsverðum breytingum í nokkrar vikur á hverju sumri. Frá árinu 2002 hafa borgaryfirvöld breytt bökkum árinnar til að skapa sambærilega stemningu og annars er á sólbaðsströndum. - ovd

# Uppræta þarf stórhættulega risahvönnina

**Náttúrustofa Vesturlands og garðyrkjustjórinn á Ísafirði vara eindregið við hættulegri risahvönn. Reykjavíkurborg sinnir ekki ábendingum um risahvönn í Hljómskálagarðinum.**

**NÁTTÚRA** „Það þarf að ráðast gegn risahvönninni áður en hún verður enn útbreiddari,“ segir Ásthildur Cesil Þórðardóttir, garðyrkjustjóri á Ísafirði.

Hlýnandi veðurfar hefur haft þau áhrif á hvönnina, sem áður var einkum skrautjurt í görðum, að hún hefur farið að sá sér í auknum mæli. Sömu sögu er að segja af kerflinum sem áður var garðaprýði en þykir nú illgresi sem ógnar íslenskri flóru.

Risahvönnin hefur enn ekki náð sömu útbreiðslu og kerfillinn. Munurinn er hins vegar sá að risahvönnin getur verið mjög hættuleg.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að lítill drengur væri í einangrun á Barnaspítala Hringsins vegna brunasára. Drengurinn var að leik í risahvannabreiðu og fékk safa úr hvönninni á sig. Hann brenndist á stórum hluta líkamans.

Magnús Jóhannsson læknir telur þessa plöntutegund alls ekki eiga heima í almenningsgörðum þar sem börn eru að leik. Hann segir eitrunaráhrifin verða þegar safi plöntunnar berst á húð í sólarbirtu. Minnsta birta verði til þess að annars stigs bruni myndast, auk ráka og sára sem geta skilið eftir sig ör og bletti.

Magnús kveðst hafa haft samband við Reykjavíkurborg fyrir nokkru og bent á hættuna sem gestum Hljómskálagarðsins kann að stafa af risahvönn, sem er að finna á horni Bjarkargötu og Hringbrautar. Ábendingunni hafi ekki verið sinnt. Einnig sé að finna risahvönn í Lystigarðinum á Akureyri.



**RISAHVÖNN** Nokkrar tegundir risahvannarinnar eru hér á landi en meðal nafna á þeim eru bjarnarkló, tröllapálmi, tröllahvönn og Tromsöpálmi. MYND/ÁSTHILDUR CESIL ÞÓRÐARDÓTTIR

Þá bendir Ásthildur einnig á að varasamt geti verið fyrir sumarbústaðaeigendur að flytja þessa plöntu með sér til gróðursetningar. Plantan sé fljót að sá sér og geti valdið upprunalegum gróðri skaða rétt eins og kerfillinn.

Á Náttúrustofu Vesturlands hefur eindregið verið varað við plöntunni vegna þeirrar hættu sem hún getur skapað börnum. Fyrir þá sem ekki þekkja plöntuna í útliti þá líkist hún um tveggja til fjögurra metra hárri útgáfu af ætihvönn. Á heimasíðu Náttúrustofunnar er plantan sögð harðger og mjög ágeng. Hver planta getur myndað allt að 50.000 fræ og sé um fjórðungur þeirra líklegur til að spíra. Plantan þykir mikil plága í Norður-Evrópu og víða munu hafnar skipulagðar herferðir til að hefta útbreiðslu hennar. - kdk




Refasérfræðingur segist aldrei áður hafa heyrt um að refur bíti mann:

## Tófa beit konu í fótlegginn

**ÚTIVIST** Kona í gönguhópnum Fjalla-Freyjum þurfti að leita á slysadeild í fyrradag eftir að hafa verið bitin af tófu í hlíðum Húsfells, suðaustur af Hafnarfirði.

„Okkur brá náttúrlega rosalega,“ segir Svanhildur Sveinsdóttir, sem var með konunni í ferðinni. Hún lýsir atvikinu þannig að konurnar hafi verið sex saman í hlíðinni að fá sér kaffibolla þegar þær sáu eitthvert dýr koma æðandi í átt til þeirra. Þær séu sammála um að það hafi líklega verið tófuyrðlingur.

„Við görguðum alveg hreint skíthræddar,“ segir Svanhildur. Tófan hafi hlaupið að einni konunni og síðan rakleiðis til baka. Hún hafi fljótlega áttað sig á því að það blæddi úr fæti hennar.

Konan leitaði þegar á slysadeild þar sem málið var litið alvarlegum augum. Gert var að sári hennar og hún fékk stífkrampasprautu.

„Þessi saga er alveg með ólíkindum. Ég hef aldrei heyrt svona lagað áður,“ segir doktor Páll Hersteinsson, prófessor í spendýrafræði og helsti refasérfræðingur landsins. Engar sögur séu til um refi sem bíta menn. „Ég get ekki skýrt þetta,“ segir hann, en bendir þó á að refir sjái illa og allt öðruvísi en menn og hugsanlega hafi tófan ekki séð konurnar fyrr en hún bókstaflega rakst á þær og hvekktist við. - sh






**SPURNING DAGSINS**



*Friðrik, hafið þið fundið fyrir miklum meðbyr?*

„Já, við höfum fengið svolítið af vindi í seglin.“

Landssamband íslenskra útvegsmanna, LÍÚ, er að kanna hvort hagkvæmt sé að nota segl á íslensk fiskiskip til að draga úr eldsneytiskostnaði. Friðrik J. Arngrímsson er framkvæmdastjóri LÍÚ.

Lögregla trúir ekki sögu um að maður sem fannst slasaður í Keflavík hafi dottið:

# Óhugsandi að sá slasaði hafi hrasað

**LÖGREGLUMÁL** Fimm mönnum sem handteknir voru á laugardagsmorgun í Keflavík grunaðir um líkamsárás var sleppt úr haldi að loknum yfirheyrslum í gær. Alblóðugur og illa leikinn maður fannst á götunni fyrir utan samkvæmi sem þeir voru í. Þeir sögðu allir að maðurinn hefði dottið, en lögregla segir það útilokað.

„Það hefði þurft að vera heldur rosalegt fall,“ segir Jón Þór Karlsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Suðurnesjum. Ljóst sé að maðurinn hafi orðið fyrir líkamsárás. Hann segir að sjötti maðurinn, sem handtekinn var síðar, hafi viðurkennt að til átaka hafi komið í samkvæminu, þótt hann hafi borið um atburði svipað og hinir að öðru leyti.



**HAFNARGATA Í KEFLAVÍK** Lögregla naut liðsinnis sérsveitarmanna við handtökuna, þar sem inni voru þekktir misindismenn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sá slasaði var enn á sjúkrahúsi í gær. Hann er ökklabrotinn og með talsverða áverka í andliti. Ekki hafði verið tekin skýrsla af honum í gær, en þegar lögregla kom á vettvang á laugardagsmorgun sagðist hann vilja jafna sakirnar við þá sem inni voru, og þótti lögreglu ljóst af orðum hans að til slagsmála hefði komið.

Mennirnir, fórnarlambið og hinir handteknu, eru allir á þrítugsaldri. Þeir hafa allir komið við sögu lögreglu, þó mismikið, meðal annars vegna fíkniefna- og ofbeldisbrota. Sum ofbeldisbrotin munu vera alvarleg. - sh

Handrukkun í Heiðmörk:

# Námu mann á brott og lömdu

**LÖGREGLUMÁL Handrukkarar drógu rúmlega þrítugan mann út af heimili sínu í Hafnarfirði í fyrrinótt, óku með hann upp í Heiðmörk og gengu þar hrottalega í skrokk á honum.**

**Maðurinn komst við illan leik að verslun Bónuss við Kauptún í Garðabæ. Hann braut rúðu til að setja öryggiskerfi í gang, í von um að einhver kæmi og fyndi hann. Það gekk eftir. Maðurinn var alblóðugur og marinn í andliti og var færður á slysadeild.**

**Einn var handtekinn vegna málsins en honum sleppt síðdegis í gær. Ekki fékkst uppgefið hjá lögreglu hvort sá játaði brotið. - sh**

Flóð valda tjóni í Úkraínu:

# Þrettán látnir vegna flóða

**ÚKRAÍNA, AP Þrettán manns, þar af fimm börn, hafa látist í óveðri og flóðum í Úkraínu. Tveggja er saknað. Fimm daga úrhelli í Karpati-fjöllunum olli flóðum í ánum Prut og Dniestr. Um 21.000 heimili hafa orðið fyrir skaða, rúmlega þrjú hundruð þeir eru rafmagnslausir og um átta þúsund manns hafa yfirgefið heimili sín.**

**Forsetinn, Viktor Jústsjenkó, yfirgaf hátíðahöld í tilefni 1020 ára afmælis kristnitöku í Kiev til að sinna fórnarlömbum flóðanna. Ekki er útlit fyrir að ástandið batni þar sem óveðri var spáð fyrir daginn í dag. - kbs**

Formaður Kennarasambandsins:

# Auglýsa á allar lausar stöður

**MENNTAMÁL** „Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að allar lausar stöður, og þá sérstaklega stjórnunarstöður, á að auglýsa,“ segir Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, spurður um skoðun á ráðningu framkvæmdastjóra fræðslusviðs hjá Kópavogsbæ, en ráðið var í það embætti án þess að auglýsa. Sá sem var ráðinn hefur ekki reynslu af fræðslumálum.

„Þegar staða er ekki auglýst er ekki hægt að segja að hæfasti maðurinn hafi verið ráðinn,“ segir Eiríkur. - vsp

**SUÐURLAND**

**Umhverfisverðlaun**

Hreppsnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps ákvað nýverið að veita allt að 50 þúsund krónum í verðlaun því býli sem fegurst þykir í sveitarfélaginu. Með þessu vill nefndin hvetja fólk í sveitarfélaginu til að huga betur að umhverfi sínu.

# Loka verður á flóttaleiðir barnaníðinga

**Hæstaréttarlögmaður og réttargæslumaður segir miðlægan gagnagrunn í barnaverndarmálum vanta. Menn stundi glæpi óáreittir vegna þekkingar á glufum kerfisins. Samstaða um aðgerðir hefur ekki náðst milli sveitarfélaga.**

**BARNAVERNDARMÁL** „Fyrirkomulag við geymslu gagna barnaverndarnefnda er mjög slæmt,“ segir Steinunn Guðbjartsdóttir, hæstaréttarlögmaður og réttargæslumaður kærenda háskólakennarans svokallaða, sem grunaður er um gróf og langvarandi kynferðisbrot gegn sínum eigin börnum, stjúpbarni og vinkonum þeirra. Steinunn telur núverandi fyrirkomulag veita gerendum tækifæri til að komast upp með athæfi sitt lengur en væri ef gögnin væru í miðlægum grunni.

Steinunn segir nauðsynlegt að stefnt sé að því að gera gögn um barnaverndarmál aðgengilegri. Gögnin séu nú aðeins geymd hjá barnaverndarnefnd hvers sveitarfélags fyrir sig. Ástæðan sé persónuverndarsjónarmið sem geti nýst gerendum fremur en þolendum. Það væri til mikilla hagsbóta að öll gögn yrðu aðgengileg í gagnagrunni sem ákveðinn hópur fólks hefði aðgang að. Þannig væri hægt að koma í veg fyrir að þeir sem grunsemdir hefðu vaknað um að hefðu í frammi misjafnt athæfi gagnvart börnum gætu flutt fjölskyldu sína í annað sveitarfélag til að losna undan eftirgrennslan barnaverndaryfirvalda.

Sem dæmi má nefna að grunsemdir um athæfi háskólakennarans vöknuðu fyrst í grunnskóla barna hans og bárust tilkynningar til barnaverndaryfirvalda. Maðurinn flutti þá ásamt fjölskyldu sinni í annað bæjarfélag og komst upp með glæpi sína lengur. Þetta fyrirkomulag segir Steinunn gerendum í kynferðisbrotamálum gegn börnum yfirleitt fullkunnugt um sem og þá staðreynd að með því að sýna eftirlitsaðilum ekki samstarfsvilja sé hægt að þæfa mál.



**BARNAVERNDARMÁL** Steinunn Guðbjartsdóttir minnir auk þess á hve mikilvægt er að brugðist sé skjótt og vel við ábendingum sem berast um slæman aðbúnað barna. Undanfarin ár hefur málum sem nefndirnar kanna eftir að hafa fengið tilkynningar hlutfallslega fækkað þótt tilkynningum hafi fjölgað.



**STEINUNN BERGMANN**



**STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR**

Loka verði á þessar undankomuleiðir barnaníðinga gagnvart barnaverndaryfirvöldum. „Stundum þegar mál koma upp er það vegna þess að þau hafa nokkrum sinnum verið tilkynnt. Maður veltir fyrir sér því tjóni sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir ef brugðist hefði verið öðruvísi við,“ segir hún.

Steinunn Bergmann, félagsfræðingur hjá Barnaverndarstofu, segir umræðu um frekara aðgengi að gögnum og tilkynningum til nefndanna oft hafa komið upp. Samstaða um aðgerðir hafi hins vegar enn ekki náðst milli sveitarfélaga enda málin mjög vandmeðfarin.

karen@frettabladid.is



**HREYFILLINN SKOÐAÐUR** Flugvirkjar og slökkviliðsmenn skoðuðu hreyfil flugvélarinnar stax eftir lendingu. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Bilun í hreyfli Boeing 757:

# Flugvélin lenti án vandræða

**SAMGÖNGUR** Flugvél Icelandair á leið til New York með 170 manns innanborðs var í gær snúið við og lent aftur á Keflavíkurflugvelli vegna bilunar í hægri hreyfli. Að sögn Guðjóns Arngrímssonar, upplýsingafulltrúa Icelandair, heyrðist hvellur í hreyflinum þegar flugvélin var að takast á loft. Missti hreyfillinn við það nokkurt afl og ákvað flugstjórinn að snúa vélinni strax við og lenda. Viðbúnaður var á Keflavíkurflugvelli með hæsta móti. Lendingin gekk vel og var viðbúnaður því afturkallaður. Farþega sakaði ekki og gekk vel að rýma flugvélina. Var þeim strax boðin áfallahjálp. Fluginu var seinkað um sólarhring á meðan flugvélin var skoðuð frekar. - ovd

**SIMBABVE**

**Áframhaldandi viðræður**

Forseti Suður-Afríku, Thabo Mbeki, sagði í gær að viðræður milli flokka Roberts Mugabe og Morgans Tsvangirai héldu áfram í Simbabve. Mbeki hefur tekið að sér að miðla málum milli flokkanna.

**AKRANES**

**Verkefnisstjóri ráðinn**

Linda Björk Guðrúnardóttir hefur verið ráðin verkefnisstjóri vegna komu flóttamanna til Akraness í byrjun september. Ráðning Lindu Bjarkar er til 16 mánaða.


SIEMENS

Ryksuga VS 01E1800




Létt og lipur. Kirsuberjarauð. Stillalegt afl mótors frá 300 upp í 1800 W. Sjálfinndregin snúra, hleðsluskynjari. 3 lítra poki. Vinnuradíus: 8 m. Vinnuhollt handfang. Stillanleg lengd á sogröri.

Tilboðsverð: 9.900 kr. stgr.
(Verð áður: 12.700 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


Mikil mengun í Peking í Kína veldur aðstandendum Ólympíuleikanna áhyggjum:

# Mengunarský hylur Peking

**PEKING, AP** Þykkt mengunarský liggur nú yfir Peking, höfuðborg Kína, hvar Ólympíuleikarnir verða haldnir í ár. Ráðgert er að leikarnir hefjist 8. ágúst næstkomandi en embættismenn hjá umhverfissviði borgarinnar heita því að mengunin verði minni þegar leikarnir hefjast.

Mengunin er sögð með versta móti þrátt fyrir að borgaryfirvöld hafi nýlega sett miklar hömlur á umferð vélknúinna ökutækja í borginni. Með því vildu þau draga úr menguninni en skyggni hefur mælst innan við kílómetri í hlutum borgarinnar og veldur það aðstandendum leikanna miklum áhyggjum.

Við opnun Ólympíuþorpsins, sem hýsir keppendur, í gær var mengunin svo mikil að ekki sást á milli þess og meginkeppnissvæðis leikanna.

Yfirmaður umhverfismála í Peking segir ástandið skapast vegna mikillar þoku og lognviðris undanfarna daga. Hann bætti því við að mengun í borginni væri nú tuttugu prósentum minni en á sama tíma í fyrra þegar veðurfar var með svipuðum hætti.

Gunilla Lindberg, einn varaforseta Alþjóðaólympíunefndarinnar, sagði ástandið ekki gott en það færi batnandi dag frá degi.



**TORG HINS HIMNESKA FRIÐAR** Jacques Rogge, forseti Alþjóðaólympíusambandsins, segir að fresta verði viðburðum Ólympíuleikanna sem haldnir eru utandyra ef mengun er mikil. NORDICPHOTOS/AFP

Búist er við að þátttakendur á leikunum fari að streyma til borgarinnar í vikunni. - ovd




Greiðslumáti: Mánaðarleg 2.000 kr. afborgun í 12 mánuði greidd með kreditkorti. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán. Fullt verð - Þá þarf ekki kreditkort.

3G pungur 19.900 kr. staðgreitt eða 1.990 kr./mán. í 12 mánuði og reikningur greiddur með kreditkorti. Ef keyptur er 3G pungur fylgir 3G internet með í 12 mánuði. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán.

## GENGIÐ 25.07.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 80,96 | 81,34 |
| Sterlingspund | 161,68 | 162,46 |
| Evra | 127,44 | 128,16 |
| Dönsk króna | 17,077 | 17,177 |
| Norsk króna | 15,755 | 15,847 |
| Sænsk króna | 13,465 | 13,543 |
| Japanskt jen | 0,7545 | 0,7589 |
| SDR | 131,85 | 132,63 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 163,6289

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Barack Obama sætir gagnrýni fyrir að heimsækja ekki særða hermenn:

# Hætti við að hitta hermenn

**WASHINGTON, AP** John McCain hefur gagnrýnt Barack Obama, verðandi keppinaut sinn um forsetaembættið í Bandaríkjunum, harðlega fyrir þá ákvörðun Obama að hitta ekki særða bandaríska hermenn í Þýskalandi fyrr í vikunni. Til stóð að Obama myndi hitta hermennina, en hann hætti við heimsóknina af ókunnum ástæðum.

Obama sagði bandaríska varnarmálaráðuneytið hafa beðið hann að fara ekki, þar sem hermenn mættu ekki vera hluti af pólitískum átökum. Þessu neita hins vegar fulltrúar ráðuneytisins.

Myndir náðust af Obama í íþróttafötum á sama tíma og heimsóknin hafði átt að fara fram. McCain gagnrýnir mjög að Obama skuli ekki gefa sér tíma til að sinna hermönnum þjóðar sinnar, heldur fari þess í stað í ræktina.




**ÁBÚÐARFULLUR** Obama segir fulltrúa Pentagon hafa meinað sér að hitta hermennina. Því neitar Pentagon.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skömmu áður hafði McCain dregið í land með hvassa gagnrýni sína á afstöðu Obama í málefnum Íraks. Hann hafði látið þau orð falla að Obama myndi frekar tapa stríði en kosningum, þar eð Obama vill draga bandarískt herlið heim frá Írak. McCain segist með þessu ekki hafa ætlað að draga þjóðernishollustu Obama í efa, heldur hafi hann viljað árétta að Obama skildi illa ástandið í Írak og hvað væri þar í húfi.

Forskot Obama á McCain í kapphlaupinu um forsetastólinn fer óðum minnkandi samkvæmt skoðanakönnunum. **- sh**

Eldur ógnar heimilum:

# Þjóðgarður fuðrar upp

**KALIFORNÍA Sinueldur ógnar íbúðabyggð við Yosemite-þjóðgarðinn í Sierra Nevada, Kaliforníu. Rúmlega 2.000 heimilum stendur ógn af eldinum. Rýma þurfti 200 heimili, en aðrir íbúar eru í viðbragðsstöðu. Sextán þúsund ekrur hafa þegar orðið eldinum að bráð, eða 64.8 ferkílómetrar.**

**Eldsupptök eru rakin til skotæfinga á laugardag. Þurr viður og annar gróður veldur því slökkvistarf er erfitt en talið er að gróðurinn sé um 100 ára. Brugðið verður á það ráð að reyna að ráða viðlögum eldsins úr lofti, breiði hann frekar úr sér. - kbs**



**BERGSTAÐASTRÆTI 22** Í raun er ekki verið að rífa húsið heldur er einungis um upplyftingu að ræða.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Steinbærinn endurgerður:

# Bergstaðastræti fær upplyftingu

**SKIPULAG** „Ég er að gera húsið upp í upprunalegri mynd og ætlaði að reyna að gera það fyrir haustið," segir Kristján S. Kristjánsson, rafvirkjameistari og eigandi að Bergstaðastræti 22.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að unnið væri að því að rífa húsið, sem er einn af fáum steinbæjum landsins. Kristján segir að verið sé að rífa allt nema steininn og því sé ekki um raunverulegt niðurrif að ræða.

Fjórar kynslóðir hafa búið þarna í röð og upplyftingin er í góðri þökk þeirra. Kristján eignaðist húsið 10. júlí og segir óvíst hvort hann ætli að búa í því. **- vsp**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Stungu sér í höfnina

Þrír karlmenn stungu sér berir til sunds í höfninni á Húsavík um helgina. Þeim var gert að klæða sig að nýju og hlýddu því. Mennina sakaði ekki af sundsprettinum.

### Slapp ómeiddur úr veltu

Maður velti bíl í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp í gær. Ökumaður var einn í bílnum og slasaðist lítillega. Hann komst út af sjálfsdáðum. Vegurinn er ómalbikaður, en vegaframkvæmdir standa yfir í firðinum.

# Konum fjölgar í friðargæslu

**Hlutur kvenna við störf hjá íslensku friðargæslunni jókst úr tæpum þrjátíu prósentum í upphafi síðasta árs og nálgaðist helming við lok ársins. Fleiri verkefnum er sinnt og aukið samstarf við SÞ tekið upp.**

**FRIÐARGÆSLA** Sífellt fleiri konur sinna störfum fyrir íslensku friðargæsluna erlendis.

Fyrri hluta síðasta árs sinntu konur 27 prósentum starfa friðargæslunnar. Hlutfall kvenna var komið í 38 prósent síðari hluta ársins, ef litið er til unninna mánaða, og nálgaðist jafna kynjaskiptingu undir lok ársins.

„Við höfum breytt verkefnavali okkar og bjóðum nú fleiri störf sem henta konum," segir Erlingur Erlingsson, skrifstofu íslensku friðargæslunnar. „Við höfum bæði gert landfræðilegar áherslubreytingar og horft til nýrra samstarfsaðila."

Erlingur segir samstarf friðargæslunnar við Sameinuðu þjóðirnar hafa aukist mikið. „Við sinnum fleiri verkefnum í Miðausturlöndum og Afríku," segir Erlingur. „Ríkisstjórnin hefur til að mynda samþykkt að leggja aukna áherslu á starf í Miðausturlöndum og höfum einkum veitt aðstoð við Palestínumenn og íraska flóttamenn."

Umfangsmesta verkefni friðargæslunnar er þó í Afganistan og er stýrt af Atlantshafsbandalaginu. Tæplega fjórutíu þjóðir hafa fólk að störfum við verkefnið sem flest vestræn ríki taka þátt í.

„Við höfum gert breytingar á starfi okkar í Afganistan þar sem starfsmönnum í höfuðstöðvum alþjóðaliðsins hefur verið fjölgað og við leggjum áherslu á að hafa áhrif á borgara," segir Erlingur.

Erlingur segir að tvö eftirlitsteymi sem áður voru við störf í Afganistan hafi lokið störfum á síðasta ári.

„Við leggjum núna meiri áherslu á þróunarverkefni og upplýsingamiðlun ásamt samskiptum við fjölmiðla," segir Erlingur. „Það hefur veitt okkur gott tækifæri til þess að auka hlut kvenna."

Þá hefur aukin áhersla síðastliðið ár verið lögð á að manna stöður til lengri tíma auk þess sem upplýsingafulltrúi í Írak var kallaður heim.

Forgangsverkefni friðargæslunnar snúa nú að stuðningi og samstarfi við heimamenn. Þar er reynt að stuðla að mannréttindum, friði og þróun efnahagslífs, einkum með þarfir kvenna í stríðshrjáðum löndum í huga.

**helgat@frettabladid.is**



**VERKEFNI FRIÐARGÆSLUNNAR** Rauðir hringir sýna yfirstandandi verkefni, gulir sýna kosningaeftirlit og grænir verkefnum sem lokið er.
MYND/ÍSLENSKA FRIÐARGÆSLAN



**BARN Í AFGANISTAN** Umfangsmesta verkefni íslenskrar friðargæslu fer fram í Afganistan en nær helmingur fjárheimilda friðargæslunnar renna þangað.
MYND/ÍSLENSKA FRIÐARGÆSLAN

## HELSTU VERKEFNI FRIÐARGÆSLUNNAR

- Afganistan
- Palestína
- Líbanon
- Súdan
- Líbería
- Samstarf við Þróunarsjóð Sameinuðu þjóðanna fyrir konur á Balkanskaga
- Lögregluverkefni ESB í Bosníu og Hersegóvínu
- Kosningaeftirlit
- Írak þar til í ágúst 2007
- Srí Lanka þar til í janúar á þessu ári



**FLEIRI KONUR** Steinunn Guðrún Björgvinsdóttir friðargæsluliði við störf í Palestínu.
MYND/ÍSLENSKA FRIÐARGÆSLAN






## VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

### HLÝIR HÁLOFTAVINDAR

Nú þegar hitatölur á landinu ná daghvern yfir 20 stig heyrir maður fólk vilja skýringar. Fyrir það fyrsta er afstaða veðurkerfanna hagstæð en lægð suður af landinu og hæð yfir Evrópu dæla hlýju lofti til okkar. Sé rýnt í háloftin þá á þessi hiti rætur að rekja til Portúgals og Spánar, þaðan frá Bretlandseyjum og til Íslands.



Á MORGUN 3-8 m/s.

MIÐVIKUDAGUR 3-10 m/s en hvassara við SA- og NV-ströndina.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 26° |
| Billund | 28° |
| Ósló | 31° |
| Stokkhólmur | 24° |
| Gautaborg | 27° |
| Helsinki | 23° |
| Eindhofen | 31° |
| Amsterdam | 29° |
| London | 27° |
| Berlín | 32° |
| Frankfurt | 31° |
| Friedrichshafen | 25° |
| París | 30° |
| Basel | 28° |
| Barcelona | 28° |
| Alicante | 31° |
| Algarve | 28° |
| Tenerife | 21° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# VIÐ LAGFÆRUM BIRGÐASTÖÐUNA

## GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

Ingvar Helgason og Nissan hafa gert með sér tímamótasamkomulag um stórfellda verðlækkun á nýjum Nissan bifreiðum. Fremur en að lagfæra birgðastöðuna með því að endursenda umframbíla til framleiðanda með tilheyrandi kostnaði, lækkum við verð þeirra tímabundið svo um munar og látum viðskiptavini okkar njóta þess. Komdu og skoðaðu úrvalið á hlaðinu hjá okkur og tryggðu þér nýjan Nissan.

**100% FJÁRMÖGNUN**

**Á NÝJUM BÍL FRÁ NISSAN MEÐ 50/50 ÍSLENSKRI OG ERLENDRI MYNTKÖRFU**

**- 420.000 kr.**




### Nissan Note Visia

Verð áður: ~~2.510.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **2.090.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 29.524 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,53%

**- 340.000 kr.**




**- 500.000 kr.**




### Nissan Micra Visia

Verð: ~~2.190.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **1.850.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 26.165 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,55%

### Nissan Tiida Visia+

Verð: ~~2.890.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **2.390.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 33.722 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,51%

Verð bílanna miðast við gengi 18. júlí

ENNEMM / SÍA / NM34720



## 100% fjármögnun á nýjum bíl frá Nissan

Við bjóðum þér að taka allt að 100% lán fyrir nýjum Nissan. Útborgunin er þá engin og mánaðargreiðsla miðast við Bílasamning til 84 mánaða – myntkörfu sem er 50% erlend mynt / 50% íslensk króna. 100% lán er í boði á takmörkuðum fjölda bíla.

*Í útreikningum á mánaðargreiðslu hvers bíls er miðað við 20% útborgun og 84 mánaða samningstíma. Myntkarfa 50% erlend mynt / 50% íslensk króna.

NISSAN

IH

Ingvar Helgason, Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

**KJÖRKASSINN**



*Styður þú sigurtillöguna um nýja byggingu Listaháskólans?*

| | |
|---|---|
| Já | 36,9% |
| Nei | 63,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér textinn við nýtt lag Baggalúts, Þjóðhátíð ´93, ósmekklegur?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Dómsmálaráðherra skýtur föstum skotum að borgarstjóra Reykjavíkurborgar:

# Of stór biti fyrir borgarstjóra

**SKIPULAGSMÁL** „Þegar litið er á innviði byggingarinnar og þá viðbót, sem hún færir mannlífi við Laugaveginn, er enginn vafi á því að með henni yrði stigið stórt skref til að losa miðborgina úr núverandi klakaböndum,“ segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á heimasíðu sinni um vinningstillögu +Arkitekta að nýbyggingu Listaháskólans við Laugaveg.

Hann segir miðborg Reykjavíkur hafa frosið á tímum R-listans. „Að óreyndu hefði mátt ætla, að borgarstjóri og aðrir málsvarar blómstrandi og friðsamlegs mannlífs í miðborginni hefðu hrópað yfir sig af fögnuði, þegar í ljós kom, að unnt yrði að hýsa listaháskólann á þennan glæsilega hátt við Laugaveginn,“ segir Björn.



**VINNINGSTILLAGAN** Hús Listaháskólans við Laugaveg samkvæmt vinningstillögu +Arkitekta.

Þetta hafi því miður ekki gerst. „Bitinn virðist vera of stór fyrir borgarstjóra, Torfusamtökin og aðra, sem vilja halda Laugaveginum í núverandi mynd, hvað sem tautar og raular.“

Björn segir Laugaveginn ekki hafa fengið aðra eins lyftistöng í marga áratugi og með Listaháskólanum gengi Laugavegurinn í endurnýjun lífdaga.

Tillaga +Arkitekta gerir ráð fyrir að tvö hús við Laugaveg þurfi að víkja. „Standi valið milli þess að halda í gömlu húsin tvö, vel ég Listaháskólann í þeirri umgjörð, sem hefur verið kynnt,“ segir Björn. - ovd

Vildi vera óboðinn gestur:

## Klifurköttur féll og slasaðist

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður meiddist nokkuð þegar hann féll fimm metra til jarðar við hús á Skólavörðustíg snemma í gærmorgun.

Maðurinn hugðist heimsækja félaga sinn, sem býr í húsinu. Hann brá á það ráð að reyna að klifra upp á svalir og komast þannig inn til vinarins.

Þegar maðurinn var kominn í töluvert mikla hæð, um fimm metra, missti hann takið, skrikaði fótur og féll til jarðar. Hann slasaðist á mjöðm og ökkla við fallið. Maðurinn var fluttur á slysadeild þar sem gert var að sárum hans. - sh



**MÓTMÆLT Í GENF** Svisslendingar sýndu Saving Iceland samstöðu og mótmæltu virkjuninni á Kárahnjúkum.

Kárahnjúkum mótmælt:

## Mótmæli í Sviss og á Ítalíu

**NÁTTÚRUVERND** Mótmælt var á nokkrum stöðum í Sviss og á Ítalíu í síðustu viku þar sem stuðningi og samstöðu var lýst yfir við baráttu Saving Iceland fyrir verndun íslenskrar náttúru.

Fyrir utan íslenska sendiráðið í Róm, á mánudaginn í síðustu viku, voru mótmæli þar sem fordæmd var þátttaka Impregilo í virkjanaframkvæmdum á Kárahnjúkum. Einnig var mótmælt fyrir utan ræðismannaskrifstofuna í Mílanó og við höfuðstöðvar Impregilo.

Á miðvikudeginum voru mótmæli fyrir utan höfuðstöðvar Alcoa í Genf. - vsp

Stjórn Tyrklands bíður dóms:

## Ásakaðir um að boða íslam

**TYRKLAND Hæstiréttur Tyrklands kveður upp dóm í dag hvort banna skuli stjórnarflokkinn og forsætisráðherrann fyrir að stýra þjóðinni í átt að íslam.**

**Rétturinn hefur bannað tvo flokka síðan 1963. Stjórnarandstaðan krefst að auki þess að félagar flokksins fái ekki að vera í þingflokki næstu fimm ár. Ríkið er ekki tengt trú í Tyrklandi. Ef sitjandi stjórn hlýtur dóm verða Tyrkir að kjósa að nýju og markaðir gætu riðlast. Einnig er ófyrirséð hvaða áhrif það hefur á samband þeirra við ESB.** - kbs

# Leiðbeinendur æfir vegna lágra launa

**Leiðbeinendur hjá Vinnuskóla Reykjavíkur munu stöðva vinnu á hádegi í dag. Þeir vilja fá leiðréttingu launa sinna og krefjast þess að vera í hærri launaflokki. Lægstu laun leiðbeinenda eru lægri en atvinnuleysisbætur.**

**ATVINNUMÁL** Vinnustöðvun verður í hádeginu í dag hjá leiðbeinendum Vinnuskóla Reykjavíkur. Tilefnið er að krefjast leiðréttingu launa sinna. „Launakjörin gátu hreinlega ekki staðist þegar farið var að skoða þetta,“ segir Markús Bjarnason, einn forsprakka þrýstihóps leiðbeinenda.

Leiðbeinendur á aldrinum 20-25 ára, sem eru í launaflokki 127 hjá Reykjavíkurborg fá um 150.000 krónur á mánuði. Fyrir sama starf í Hafnarfirði eru greiddar 180.000 krónur og 190.000 krónur í Kópavogi. Aðstoðarleiðbeinendur, sem oft eru undir tuttugu ára aldri, eru með um 130.000 krónur. Það er lægra en atvinnuleysisbætur, sem eru um 136.000.

„Við erum ekki í þessari vinnu vegna launanna. Margir sækja í þetta til að fá reynslu þótt launin séu léleg. Þetta eru hins vegar alltof lág laun,“ segir Markús.

Starfsfólk ÍTR, sem vinnur í félagsmiðstöðvum grunnskóla á veturna, sækja oft í leiðbeinendastörf á sumrin. Þá halda þau launum sem þau voru með um veturinn, sem eru um 30.000 krónur hærri.

„Okkur hreinlega blöskraði að fólk sem vinnur nákvæmlega sömu vinnu er með svona mikið hærri laun,“ segir Markús en ein krafa leiðbeinenda er að leiðbeinendur fari í sama launaflokk og þeir sem vinna í félagsmiðstöðvum á veturna.

Safnast verður saman klukkan 14 í dag fyrir utan Ráðhúsið þar sem borgarstjóra og mannauðsstjóra Reykjavíkur verða afhentar kröfur leiðbeinenda sem og undirskriftalistar með 130 nöfnum leiðbeinenda hjá Reykjavíkurborg.

Kröfurnar eru að launaflokkurinn verði sá sami og hjá leiðbeinendum í félagsmiðstöðvum og reiknist afturvirkt fyrir allt sumarið, að það fari fram starfsmat sem allra fyrst á vinnu leiðbeinenda og að leiðbeinendur fái trúnaðarmann í ráðum og nefndum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

„Við viljum fá skýr svör,“ segir Markús. Ef ekki verður brugðist við kröfum þeirra munu þau halda áfram að vinna að þessu máli í vetur. „Við munum ekki ráða okkur aftur sem leiðbeinendur aftur ef þetta verður ekki leiðrétt. Þá missir Reykjavíkurborg töluvert af reyndu fólki. Einnig munum við hvetja fólk til þess að sniðganga þessi störf,“ segir Markús.

vidirp@frettabladid.is



**VINNUSKÓLINN** Ekki verður mikið um glaðbeitta unglinga í vinnu eftir hádegi hjá Vinnuskóla Reykjavíkur í dag því leiðbeinendur munu leggja niður vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

### KRÖFUR LEIÐBEINENDA

1. „Við leiðbeinendur Vinnuskólans í Reykjavík krefjumst þess að við séum sett í réttan launaflokk sem miðast við sambærileg störf hjá Reykjavíkurborg, sem er launaflokkur 139. Þá krefjumst við þess að breytingin verði gerð afturvirk fyrir að minnsta kosti þetta launaár.
2. Að það fari fram starfsmat sem allra fyrst á vinnu leiðbeinenda í Vinnuskólanum.
3. Að leiðbeinendur Vinnuskólans fái trúnaðarmann eða/og fulltrúa í ráð og nefndir Starfsmannafélags Reykjavíkur.“



**SKELFING Á GÖTUM ÚTI** Margir særðust þegar þeir hlúðu að þeim sem slösuðust í fyrri sprengingunni.

Sprengjur sprungu í Istanbúl:

## Þrettán manns biðu bana í árás

**TYRKLAND** Þrettán manns létust og 70 særðust í tveimur sprengingum í Istanbúl í Tyrklandi í gærkvöldi. Haft er eftir ríkisstjóra Istanbúl að um hryðjuverkaárásir sé að ræða en sprengjurnar sprungu með um 10 mínútna millibili. Var seinni sprengjan mun öflugri en sú síðari. Segja sjónarvottar marga þeirra sem hlúðu að særðum eftir fyrri sprengjuna hafa særst þegar seinni sprengjan sprakk.

Sprengjunum hafði verið komið fyrir í ruslatunnum í Gungoren hverfinu. Verkafólk er fjölmennt í hverfinu auk þess sem það er vinsælt til gönguferða á heitum kvöldum. - ovd

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Hópslagsmál á Mærudögum**

Þrír leituðu sér læknisaðstoðar vegna hópslagsmála sem brutust út á Mærudögum á Húsavík. Einn hefur verið kærður vegna slagsmálanna. Talsvert var um drykkju á hátíðinni.

**Þrjú innbrot í Þórshöfn**

Brotist var inn í þrjú fyrirtæki á Þórshöfn um helgina, Hraðfrystistöðina, vöruafgreiðslu á svæðinu og Fánasmiðjuna. Lögregla veit hver var að verki og er rannsókn langt komin.






Útgerðarmenn ekki bjartsýnir á að notkun segla í fiskiskip sé möguleg:

## Segja þetta ekki geta gengið

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ég sé ekki fyrir mér að hægt sé að vera með segl,“ segir Einar Sigurðsson, útgerðarmaður á Þorlákshöfn. Fréttablaðið greindi frá því í gær að Landssamband íslenskra útvegsmanna, LÍÚ, sé að kanna það hvort hagkvæmt sé að nota segl á íslensk fiskiskip til að draga úr eldsneytiskostnaði. Útgerðarmenn virðast almennt ekki bjartsýnir.

„Það er nokkurn veginn af og frá að þetta geti gengið,“ segir Þorsteinn Bárðarson, útgerðarmaður á Hellissandi. „Við erum að sækja í svo breytilegum vindáttum svo það er mjög hæpið. Hins vegar ef einhverjar tækninýjungar koma til sögunnar gæti þetta verið mögulegt. Ég held samt að við finnum einhverja aðra leið en þessa,“ segir Þorsteinn.

LÍÚ hefur látið þýska fyrirtækið SkySails gera úttekt á þessu en samkvæmt SkySails á búnaðurinn að geta sparað eldsneytiskostnað útgerða um tíu til 35 prósent. Kostnaður við að koma þessu í 1.300 brúttórúmlesta skip getur kostað um 35 milljónir króna.

„Ég held þetta sé bara rugl. Ég hef enga trú á þessu og held að þetta komi aldrei til greina því það er alltof misvinda hérna. Ég mundi alla vega ekki setja þetta á bátinn minn, það er alveg á tæru,“ segir Þorsteinn Guðbjörnsson, útgerðarmaður á Suðureyri. - vsp



**MEÐBYRINN LÍTILL** Útgerðarmenn segja of misvinda á Íslandi til þess að segl geti virkað í fiskiskipunum. MYND/COPYRIGHT SKYSAILS

www.volkswagen.is

# Volkswagen kynnir nýjar leiðir til að spara umtalsverðar fjárhæðir.

NAME *Volkswagen Passat*

## Þú færð Passat fyrir aðeins 44.750 á mánuði*




NAME *Volkswagen Polo*

## Þú færð Polo fyrir aðeins 24.950 krónur á mánuði*




Aukahlutir á mynd: Álfelgur.

Fíton / SÍA

### Betra verð, sparneytni og 80% lán að fullu í erlendri mynt

Þeir sem hafa hraðar hendur geta sparað umtalsverðar fjárhæðir með kaupum á nýjum Polo eða Passat. Við bjóðum takmarkað magn af þessum frábæru bílum á mögnuðum kjörum. Tryggðu þér sparneytinn Polo eða rúmgóðan Passat á enn hagstæðara verði og 100% erlendu láni. Komdu núna. Við tökum vel á móti þér og gamla bílnum þínum líka!

**Volkswagen Passat**

Verð áður
~~3.570.000 kr.~~

Verð nú
**3.355.000 kr.**

*Sjálfskiptur Passat Comfortline Plus 2.0 FSI kostar nú aðeins 44.750 kr. á mán. í 84 mán. m.v. 100% myntkörfulán með 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,5%.

**Volkswagen Polo**

Verð áður
~~1.990.000 kr.~~

Verð nú
**1.875.000 kr.**

*Beinskiptur Polo Comfortline 1,4 kostar nú aðeins 24.950 kr. á mán. í 84 mán. m.v. 100% myntkörfulán með 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,78%.

Das Auto.

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Við hvaða kvikmynd munu Hjaltalín semja og flytja tónlist á kvikmyndahátíð?*
2. *Hverjir eru Íslandsmeistarar í frjálsum íþróttum?*
3. *Hvaða plöntu er sagt að þurfi að segja stríð á hendur hérlendis?*

SVÖR Á BLAÐSÍÐU 30

Hefur stutt skátahreyfinguna með ráðum og dáð:

# Skátar heiðra Jóhannes

**ÆSKULÝÐSMÁL** Jóhannes Jónsson, sem oft er kenndur við Bónus, var heiðraður af skátum á landsmóti þeirra á laugardagskvöldið. „Hann hefur sýnt skátahreyfingunni mikinn áhuga og stutt með ráðum og dáð,“ segir Bragi Björnsson, aðstoðarskátahöfðingi um heiðrun Jóhannesar.

Bragi segir skátahreyfinguna ekki eingöngu heiðra skáta heldur fólk sem hefur komið fram sem skáti í hinu daglega lífi. Jóhannes hafi komið fram sem skáti með samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja í sinni eigu. Einnig hafi hann löngum styrkt skátahreyfinguna fjárhagslega með beinum og óbeinum styrkjum. „Hagkaup styrkir landsmótið okkar með matarföngum og Bónus gerir útilegurnar okkar töluvert ódýrari,“ segir Bragi í gríni.

„Við vonum að þetta verði hvatning fyrir aðra sem hafa þessi fjárhagslegu tök að sýna þessa samfélagslegu ábyrgð og styðja bæði góð mál hér og erlendis,“ segir Bragi.

Landsmót skáta var haldið á Akureyri um helgina en á því voru um sex þúsund manns. Tvö þúsund þátttakendur voru frá fjórtán þjóðlöndum, allt frá Íslandi til Suður-Kóreu.

- vsp



**JÓHANNES HEIÐRAÐUR** Skátar heiðruðu Jóhannes með nælu á landsmótinu um helgina. Jóhannes hefur stutt hreyfinguna vel fjárhagslega. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Tillaga að borgarmálafélagi:

## Frjálslyndir stofna félag

**STJÓRNMÁL Frjálslyndi flokkurinn stefnir á að stofna sérstakt borgarmálafélag flokksins á fundi um borgarmál í næstu viku. Á fundinum munu flokksmenn ræða þörfina fyrir félagið og ef samþykkt er að þörf sé á því, verður borgaramálafélag Frjálslynda flokksins stofnað.**

**„Í augnablikinu er þetta bara tillaga, síðan kemur í ljós á fundinum hvort hún verður að veruleika. Tilgangur félagsins mun vera að skerpa umræðu um miðborgarmál innan flokksins og verður aðaláherslan lögð á stefnumörkun í borgarmálum,“ segir Jón Magnússon, þingmaður Frjálslynda flokksins.**

**Fundurinn verður haldinn annað kvöld í Skúlatúni 4.**

- stp

John McCain um olíuborun:

## Ákvörðun Bush lækkar olíuverð

**BANDARÍKIN, AP** Ákvörðun George W. Bush Bandaríkjaforseta um að aflétta banni við olíuborun við strendur Bandaríkjanna fyrir tíu dögum er ástæða þess að olíuverð hefur lækkað síðustu daga. Þetta sagði John McCain, forsetaframbjóðandi repúblikana, á kosningafundi í Pennsylvaníu í síðustu viku.



JOHN MCCAIN

George Bush eldri og fyrrverandi Bandaríkjaforseti bannaði olíuborun við strendur Bandaríkjanna árið 1990 af umhverfisástæðum. Enn er í gildi bann Bandaríkjaþings við olíuborun á stórum hafsvæðum.

- gh

# Lengingu vinnuviku misjafnlega tekið

**Frakkar eru strax byrjaðir að sakna 35 stunda vinnuvikunnar, sem var við lýði í áratug. Franska þingið hefur samþykkt að aflétta þessari kvöð af fyrirtækjum, sem nú geta samið við starfsmenn um lengri vinnutíma en áður.**

**FRAKKLAND, AP** Franska þingið samþykkti lög um lengri vinnuviku í vikunni sem leið. Hámarkslengd vinnuvikunnar verður þó áfram 35 stundir, en fyrirtæki geta samið við starfsfólk sitt um lengri vinnutíma. Heimildin nær bæði til lengri vinnuviku og til fleiri vinnudaga á ári.

Nicolas Sarkozy forseti hefur sagt að reglan um 35 stunda vinnuviku hafi verið efnahagsleg mistök. Í kosningabaráttunni lofaði hann að breyta þessu.



NICOLAS SARKOZY

Frakkar eru mishrifnir af þessu og sakna margir 35 stunda hámarksins. Fjöldi manns efndi til mótmæla í París nú í vikunni, og veifaði spjöldum þar sem á stóð: „Það er líf eftir vinnu“ og „Ég neita að gefa líf mitt til hluthafa“.

„Ef ég neyðist til að vinna í 235 daga á ári, þá bitnar það á einkalífi mínu,“ sagði einn mótmælendanna, Arnaud de la Bergerie, 27 ára gamall vélaverkfræðingur. „Við fáum meira kaup en minni tíma til að eyða launumum.“

Reglan um 35 stunda vinnuviku hefur verið mjög umdeild í Frakklandi, allt frá því henni var komið á fyrir tíu árum þegar þáverandi sósíalistastjórn landsins gerði viðamiklar breytingar á vinnulöggjöfinni.

Hægri stjórnir þær, sem á eftir hafa komið, hafa smám saman breytt vinnufyrirkomulagi landsmanna að stórum hluta aftur til fyrra horfs.

Gagnrýni hefur beinst að því hvernig staðið var að þessari nýjustu breytingu á þingi. Frumvarpinu var komið í gegnum þingið að sumarlagi, þegar margir taka sér frí og vitað var að andstaða yrði sem minnst.

Sarkozy hefur sagt 35 stunda vinnuvikuna hamla bæði samkeppnishæfni franskra fyrirtækja á alþjóðavettvangi og draga úr hagvexti.

„Fræðilega séð eru þetta endalok 35 stunda vinnuvikunnar, en í raun mun þetta taka svolítið lengri tíma,“ sagði Marc Touati, yfirmaður greiningardeildar franska verðbréfasölufyrirtækinu Global Equities. Skammtímaáhrif á efnahagslífið verði lítil vegna þess að semja þurfi um breytingar hjá hverju fyrirtæki fyrir sig.

gudsteinn@frettabladid.is




**MÓTMÆLI Í PARÍS** Á götum Parísar mótmæltu Frakkar nýjum lögum um lengri vinnuviku. Á mótmælaspjaldinu sem hér sést stendur „Það er líf eftir vinnu“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Ef ég neyðist til að vinna 235 daga á ári, þá bitnar það á einkalífi mínu.
>
> **ARNAUD DE LA BERGERIE**
> VÉLAVERKFRÆÐINGUR



**FRÁ FÆREYJUM** Ólafsvakan er kennd við Ólaf Helga, Noregskonung sem lést í bardaga 29. júlí 1030.

Annasamt hjá lögreglunni:

## Ólafsvökunni þjófstartað

**FÆREYJAR** Lögreglan í Færeyjum hefur undanfarna daga þurft að glíma við nokkra eyjaskeggja sem þjófstartað hafa Ólafsvökunni en hátíðin hefst formlega í dag, 28. júlí.

Fimm voru látnir sofa úr sér áfengisvímuna á lögreglustöðinni í Höfn auk þess sem lögreglan ók nokkrum heim sem þóttu hafa fengið sér aðeins of mikið neðan í því. Eitthvað hefur verið um pústra í heimahúsum og var karlmaður handtekinn fyrir að slá annan í Steinatúni. Þá handtók lögreglan ölvaða menn á báti og má skipstjórinn búast við að verða kærður fyrir brot á lögum um sjósókn.

- ovd

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Stálu 42 tommu sjónvarpi

Brotist var inn í Sjónvarpsmiðstöðina við Síðumúla um klukkan fjögur í fyrrinótt. Einu sjónvarpi, 42 tommu, var stolið. Lögregla telur að tveir menn hafi verið að verki en þeir eru ófundnir.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn… …góðar fréttir fyrir umhverfið

Iðnaðarmenn landsins þykja vægast sagt misdýrir:

# Sláandi munur er á tilboðum

Helga Erlingsdóttir hefur sögu að segja: *Ég fór í það verk í vor að fá tilboð hjá iðnaðarmönnum í að gera við múrskemmdir vegna leka í húsinu hjá okkur. Það komu örugglega átta múrarar heim til mín að skoða og meta skemmdirnar en aðeins þrír sem sendu mér skriflegt tilboð! Hinir vildu helst bara hafa þetta munnlegt. Ástæðan fyrir því að ég skrifa er til að sýna fram á að það borgar sig heldur betur að fá ALLTAF tilboð í öll verk sem þarf að framkvæma. Allir þessir aðilar mátu skemmdirnar eins. Tilboðin þrjú sem við fengum voru vægast sagt ólík. Það fyrsta hljómaði upp á 395.000 kr. Næsta var upp á 90.000 kr og þriðja hljómaði upp á hvorki meira né minna en 1.796.500 krónur og ætlaði sá að koma með vinnuskúr og vera heila viku að þessu!*

*Ég tók ódýrasta tilboðinu sem var frá Viðhaldsvirkni ehf. Þeir voru hálfan dag að þessu og allt stóðst eins og samið var um, þar á meðal verðið.*

„Ég á nú ekkert svar við þessu, mér finnst svo geysilega mikill munur á þessum tilboðum,“ segir Ásgrímur Jónasson, formaður Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík sem hefur aldrei heyrt um annað eins. „Iðnaðarmenn mega ekki vera með verðsamráð samkvæmt lögum né má vera samræmd verðskrá. Iðnaðarmönnum ber ekki skilda til að gera skriflegt tilboð en persónulega myndi ég ekki eiga viðskipti við þann sem treystir sér ekki til að gera skriflegt tilboð.“



**MÚRARAR VIÐ VINNU** Myndin tengist ekki efni greinarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**

SUZUKI

Way of Life!

# Er gamla bílnum ekki treystandi í sumarferðina?



## Við höfum lausnina:

**Við borgum þér 250 þúsund fyrir gamla og lúna bílinn, ástand og tegund skiptir ekki máli, upp í kaupverð á notuðum Suzuki Grand Vitara.**




## Eigum fjölbreytt úrval á verði við allra hæfi. Bjóðum hagstæð lánakjör.

Grand Vitara er frábær fjölskyldubíll, sparneytinn og lipur, eyðslan er aðeins 9-11 lítrar á 100 km í blönduðum akstri.

Grand Vitara er líka fullbúinn jeppi með háu og lágu drifi þannig að þér eru allir vegir færir.

Endilega líttu við hjá okkur í Skeifunni 17 og skoðaðu úrvalið, og hver veit nema þú farir heim á nýjum bíl tilbúnum í ferðalagið.

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS



**BRESKUR HERMAÐUR SÉST RÆÐA VIÐ BARN Á LEIÐANGRI SÍNUM Í KABÚL Í AFGANISTAN** Nú eru um 7.800 breskir hermenn í Afganistan, flestir í Helmand, þar sem talíbanar hafa haldið sig frá því þeir misstu völdin árið 2001. NORDICPHOTOS/AFP

Fulltrúi Samfylkingar um gangbrautir og hraðahindranir í íbúðahverfum:

# Gloppur eru í gangbrautarrétti

**UMFERÐIN** „Það er ein af mörgum asnalegum gloppum í kerfinu að gangandi vegfarendur hafi ekki gangbrautarrétt á hraðahindrunum,“ segir Dofri Hermannsson, fulltrúi Samfylkingar í umhverfis- og samgönguráði.

Hann segir liggja í augum uppi að hraðahindranir skuli vera merktar sem gangbrautir.

Í blaðinu í gær var viðtal við lögreglumann, sem lýsti eftir því að gangbrautum yrði gert hærra undir höfði í íbúðahverfum, en síðustu ár hefur þeim fækkað, og hraðahindranir komið í staðinn.

Um hindranirnar gilda ekki ákvæði um stöðvunarskyldu og má jafnvel leggja ökutæki á hraðahindrun. Dofri segir að gott væri ef „löggjafinn gæfi ríkari heimildir til að stjórna umferðinni með skynsamlegum hætti“.

Margrét Sverridóttir, óháður fulltrúi í samgönguráði, segir hins vegar að þetta sé í góðum farvegi.

„Það hefur náðst rosalega góður árangur við að lækka hámarkshraða í íbúðahverfum og ég get ekki séð að menn séu á rangri leið. Ef það er allt of mikið af gangbrautum, þá kannski virðir fólk þær ekki eins vel. Hins vegar eru þær mjög mikilvægar, til dæmis í kringum skóla,“ segir hún. Ekki náðist í fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og VG. - kóþ



**GANGBRAUTARHINDRUN** Síðustu ár hefur gangbrautum fækkað í íbúðahverfum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Albínóamorð halda áfram:

# Kynfæri og fótur skorinn af

**TANSANÍA Annar albínói var myrtur í Tansaníu á fimmtudag. Þá hafa 26 albínóar verið drepnir á innan við ári í landinu. Fórnarlambið var karlmaður, en kona hans særðist einnig í árásinni. Árásarmennirnir skáru hægri fótinn af manninum og hluta af kynfærum hans. Galdralæknar á svæðinu eru taldir bera ábyrgð á morðunum. Trúað er að hár, hendur, blóð og aðrir líkamspartar albínóa færi fólki ríkidæmi. 173 galdralæknar hafa verið handteknir síðan í mars fyrir þessar sakir.** - kbs

Norskir bændur mótmæla:

# Báru spjöld og höfðu uppi köll

**NOREGUR** Um 400 norskir bændur efndu til mótmælagöngu í höfuðborginni Ósló á fimmtudag gegn samningaviðræðum Heimsviðskiptastofnunarinnar um meira viðskiptafrelsi, þar á meðal í viðskiptum með landbúnaðarafurðir.

Bændurnir hrópuðu slagorð og báru spjöld þar sem þeir sögðust frekar vilja engan samning en vondan. Norskir bændur óttast, eins og bændur víðar um lönd, að samningurinn hafi slæm áhrif á landbúnað og margir þurfi að hrökklast frá búi.

Ráðherrar og embættismenn frá aðildarríkjum Heimsviðskiptastofnunarinnar hafa síðustu daga í Genf reynt að ljúka við Doha-samningalotuna, sem hófst fyrir sjö árum í Doha í Katar. - gb

Ráðningarskrifstofur búa sig undir breytingar:

# Margir hætta við að segja upp starfi

**ATVINNULÍF** „Við verðum vör við að fólk segi ekki upp störfum áður en það er orðið öruggt um að fá nýtt starf eins og sást í fyrra,“ segir Elva Tryggvadóttir, ráðgjafi hjá Ráðningarþjónustunni.

Elva segir að þrátt fyrir að rólegt sé yfir hásumarið hafi starfsfólk í nógu að snúast í kringum ráðningarbeiðnir sem berist. „Fyrirtæki vanda sig betur við valið og taka sér lengri tíma til að finna rétta starfsmanninn.“

Elva segir sambærilegan fjölda fólks í atvinnuleit leita til fyrirtækisins og á sama tíma í fyrra. „Það hefur einungis orðið lítils háttar fjölgun á skrá hjá okkur.“

Elva telur fólk enn nokkuð áhyggjulaust um að fá vinnu. „Ungt fólk í atvinnuleit neitar afgreiðslustörfum til dæmis enn hiklaust.“



**ELVA TRYGGVADÓTTIR**

„Sumarið er sambærilegt og verið hefur en við búumst við breytingum strax eftir verslunarmannahelgi,“ segir Agla Sigríður Björnsdóttir, ráðningarstjóri hjá Vinna.is. „Við erum farin að sjá fólk úr bönkum og verktakafyrirtækjum á skrá hjá okkur og búumst við fleirum með haustinu þar sem fyrirtæki hafa boðað ráðningarstopp.“

Agla segist einnig hafa séð dæmi um að fólk hætti við að skipta um starf vegna ástandsins á atvinnumarkaðnum. - ht



**SAMSTARFIÐ INNSIGLAÐ** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Kristín Ingólfsdóttir glaðar í bragði við undirritun samstarfsyfirlýsingar um jafnréttisskóla.






# Markmiðið er að vinna að kynjajafnrétti

**Jafnréttisskóli Háskóla Íslands verður settur á laggirnar í nóvember. Markmiðið er að verða hluti af háskólasamfélagi Sameinuðu þjóðanna. Aðaláhersla skólans verður lögð á þróunarlönd.**

**JAFNRÉTTISMÁL** „Yfirmarkmið skólans er að vinna að jafnrétti kynjanna og auka frumkvæðisrétt kvenna,“ segir Sjöfn Vilhelmsdóttir, verkefnisstjóri jafnréttisskólans. Hún segir það vera í samræmi við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um þróun.

Kristín Ingólfsdóttir rektor Háskóla Íslands og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra skrifuðu undir samstarfsyfirlýsingu þann 19. júní síðastliðinn um stofnun jafnréttisseturs og jafnéttisskóla.

„Skólinn miðast við að auka getu einstaklinga og stofnana sem koma að uppbyggingu jafnréttismála,“ segir Sjöfn en aðaláhersla skólans verður á þróunarlönd og fyrrum átakasvæði.

„Námið á að byggja upp jafnréttisstarf í þróunarlöndunum. Til dæmis er stefnan sú að skólinn fari til þróunarlanda og haldi námskeið í samstarfi við heimamenn,“ segir Sjöfn en bætir við að framtíðarmarkmiðið sé að bjóða einnig upp á námskeið fyrir íslenska aðila sem starfa við þróunarsamvinnu og friðaruppbyggingu.

Framtíðaráætlun jafnréttisskólans er að verða hluti af háskólasamfélagi Sameinuðu Þjóðanna en það getur tekið nokkur ár að fá í gegn.

Stefnt er að því að eiga náið samstarf við jarðhita- og sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna í Reykjavík auk Landgræðsluskóla Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

> Skólinn miðast við að auka getu einstaklinga og stofnana sem koma að uppbyggingu jafnréttismála.



**SJÖFN VILHELMSDÓTTIR**
VERKEFNISSTJÓRI

Dæmi um samstarfsverkefni við aðra skóla Sameinuðu þjóðanna hér á landi, að sögn Sjafnar, myndu felast í rannsóknarverkefnum um samfélagsleg áhrif virkjunar jarðhita og nýjungar í fiskveiði og sjávarútvegi með nálgun kynjafræðinnar.

Sjöfn segir námsfyrirkomulag verða stutt og hagnýt námskeið frekar en formlegt nám sem lýkur með háskólagráðu.

Formleg stofnun skólans verður í nóvember með stórri alþjóðlegri ráðstefnu. Á sama tíma verður stofnað alþjóðlegt rannsóknarsetur í jafnréttisfræðum og gert er ráð fyrir að skólinn verði þar til húsa.

Skólinn er enn á undirbúningsstigi og ekki búið að útfæra endanlegt námsfyrirkomulag.

vidirp@frettabladid.is

*Opið í dag frá kl. 9 til 18*

## Nú áttu 200.000 kr. útborgun upp í betri bíl

**Smelltu á www.notadir.brimborg.is og veldu þann nýja.**
***100% fjármögnun.***




***Komdu í kaffi og kleinur og seldu okkur drusluna fyrir betri notaðan***




*100% fjármögnun á betri bíl frá Brimborg*

# Breyttu druslunni í djásn í dag

Við kaupum hvaða druslu sem er á **heilar 200.000** krónur, kaupir þú betri notaðan bíl hjá Brimborg í dag. Komdu bíldruslunni í verð.

**Druslan öðlast nýtt líf í dag**

**Nú áttu útborgun upp í betri bíl**

Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrusluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern betri bíl. **100% fjármögnun.**
Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.

- Komdu druslunni í verð í dag
- Kaupum hvaða druslu sem er
- 200.000 krónur fyrir drusluna

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Alveg satt. Við kaupum hvaða bíldruslu sem er á heilar 200.000 kr. kaupir þú betri notaðan í Brimborg. Líka þá sem eru á sérstöku tilboði í dag. Um leið og þú breytir druslunni í djásn tekurðu nokkur visthæf skref. Þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Sparar eldsneyti. Og ekki síst þú eykur öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

## „ORÐRÉTT“

### Ógurlegt ísbjarnartíst

**„Við heyrðum allt í einu tíst undan veröndinni og héldum fyrst að það væri ísbjörn.“**

HJÖRLEIFUR JÓHANNSSON FLUGSTJÓRI FANN ANDARUNGA UNDIR VERÖND SUMARBÚSTAÐAR SÍNS. HANN VAR FEGINN AÐ ÞAR LÁ EKKI ÍSBJÖRN Í LEYNUM.

**Fréttablaðið 27. júlí**

### Allt vaðandi í þekkingu

**„Þekking á fræðslumálum er til staðar innan sveitarfélagsins.“**

ÓMAR STEFÁNSSON, BÆJARFULLTRÚI MEIRIHLUTANS Í KÓPAVOGI, TELUR ÓÞARFT AÐ RÁÐA FRÆÐSLUSTJÓRA MEÐ REYNSLU AF FRÆÐSLUMÁLUM.

**Fréttablaðið 27. júlí**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** MARGRÉT GUÐRÚNARDÓTTIR SÖNGKONA

## Kemur saman efni á nýja plötu

„Það er allt æðislegt að frétta,“ segir Margrét Guðrúnardóttir, söngkona, lagahöfundur og íslenskunemi.

„Um þessar mundir er ég að koma saman efni fyrir plötu og byrja upptökur bráðlega,“ segir Margrét.

Öll lögin á plötunni eru eftir Margréti, „ég hef mjög gaman af að semja lög og geri það mikið. Ég veit ekki alveg hverjir munu spila með mér á plötunni, bandið hans pabba mun örugglega spila eitthvað með mér,“ en í því bandi eru pabbi Margrétar, Ásgeir Óskarsson, Tómas Tómasson og Björgvin Gíslason og hefur Margrét verið að spila mikið með þeim upp á síðkastið.

Margrét er búin að vera að spila vítt og breitt í sumar. „Um daginn var ég að spila á blúshátíð á Ólafsfirði og 17. júní í miðbæ Reykjavíkur, allt saman ótrúlega gaman. Síðan á menningarnótt verð ég að spila í einhverju partíi á Skólavörðustígnum, en ég er mjög spennt fyrir því.

Í sumar er ég líka að vinna í Suðurbæjarlaug Hafnarfjarðar ásamt því að spila. Í haust mun námið taka við á ný eftir sumarleyfi, en ég er að hefja mitt annað ár í íslensku við Háskóla Íslands. Ég ætla samt að reyna að vinna eins mikið í tónlistinni og mögulegt er,“ segir Margrét.



## ERMARSUND:
### KENND VIÐ EINA ERMI



■ Ermarsund er um 560 kílómetra langt sund í Atlantshafi. Sundið skilur að norðurhluta Frakklands og England. Nafn þess er dregið af franska orðinu La Manche sem þýðir ermin. Nafnið hefur verið notað síðan á sautjándu öld og er venjulega sagt að það sé dregið af útliti sundsins en úr því má auðveldlega sjá ermi. Því er mikilvægt að minnast við ritun nafnsins að átt er við staka ermi en ekki tvær. Því er ávallt skrifað og sagt Ermarsund en ekki Ermasund.

## SJÓNARHÓLL
### FRAMKVÆMD KÍNVERSKRA STJÓRNVALDA Á ÓLYMPÍULEIKUNUM



RAGNAR AÐALSTEINSSON HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

### Reglur koma ekki á óvart

„Þessar reglur kínverskra stjórnvalda um [framkvæmd Ólympíuleikanna] koma mér ekki á óvart,“ segir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður um framferði kínverskra stjórnvalda í kringum Ólympíuleikana í Peking í næsta mánuði.

Strangar reglur gilda um aðgang að leikunum og til dæmis eru geðfatlaðir óvelkomnir á leikana. „Þegar forseti Kína kom hingað til Íslands á sínum tíma í boði íslensku stjórnarinnar þá komu hingað Falun Gong-iðkendur og vildu láta í ljós afstöðu sína til ástands mannréttinda í Kína. Það vildu hvorki hinir kínversku valdamenn þola né hinir íslensku.“

Ragnar segist ekki geta svarað því hvort rétt sé af íslenskum ráðamönnum að sækja Ólympíuleikana í Peking. „Ég þekki ekki nógu vel hefðirnar til að átta mig á því,“ segir hann.

# Hjólin knúin áfram af hvutta

**Helgina 16. og 17. ágúst verður hunda-dragkeppni (Bikejorin) haldin í Garði á Suðurnesjum og er það í fyrsta sinn á Íslandi sem slík keppni er haldin. Einhverjir kynnu að halda að hún byggðist á því að kynskiptir hundar gangi þar um svið og því var Páll Tryggvi Karlsson fenginn til að útskýra málið nánar.**



**Á FULLRI FERÐ** Tryggð hundanna virðist síst fara þverrandi. Hér dregur Hrímir húsbónda sinn, Pál Tryggva Karlsson, á reiðhjóli rétt eins og tryggur hundur af Alaskakyni á að gera þegar jörð er auð.

„Ég var alveg viss um það að einhverjir myndu hafa orð á þessu,“ segir Páll, sem stendur fyrir keppninni, þegar hann er spurður um það hvort hann óttist ekki að menn telji um einhvers konar drag-keppni að ræða.

Keppnin fer þannig fram að menn koma taug á hundinn sem síðan er fest á reiðhjól. Hundurinn tekur síðan á rás og dregur húsbónda sinn á hjólinu. „Þetta er mikið stundað erlendis eins og til dæmis í Kanada,“ segir Páll. Þó þetta þyki hin mesta nýlunda hér á landi hefur hann stundað þetta til margra ára. „Ég bjó áður í Reykjavík og hundarnir eru búnir að draga mig á hjólinu um alla borg,“ segir hann. „Það lá oft við að fólk keyrði út í kant þar sem ég fór enda var stíft starað á mann.“

Hann er bjartsýnn á að íþróttinni verði tekið fagnandi hér á landi. „Viðtökurnar hafa verið mjög góðar, skráning er ný hafin og þetta lítur bara vel út. Ég geri mér vonir um það að verði um 50 þátttakendur.“

Keppt verður í þremur aldursflokkum; 8 til 12 ára, 13 til 16 ára og síðan 17 ára og eldri. Í elsta flokki verður farin 7 kílómetra leið en hinir yngri fara mun styttra. Þorsteinn Birgir Ægir Kristjánsson, fóstursonur Páls, ætlar ekki að láta sitt eftir liggja í keppninni.

En þetta er ekki aðeins spurning um að setjast á hjól og láta hund hlaupa með sig. Páll segir að menn verði að hafa algjöra stjórn á þjóninum og hafi sumir tileinkað sér sérstakt tungumál sem sá ferfætti skilur. Þar þýðir „gee“ að beygja skuli til hægri og „hóóó“ þýðir stopp svo dæmi séu tekin.



**PÁLL TRYGGVI ÁSAMT SYNI OG TVEIMUR HUNDUM** Páll er bjartsýnn á að íþróttinni verði tekið fagnandi hér á landi. Hann gerir sér vonir um fimmtíu þátttakendur.

Þeir sem vilja skrá sig geta bó gert það á íslensku og með því að færa nafn sitt og aðrar upplýsingar til bókar á netfangið bikejorin@visir.is

**jse@frettabladid.is**


Orkuveita Reykjavíkur

Jarðfræði í Elliðaárdal

**Þriðjudagskvöldið 29. júlí** verður farin göngu- og fræðsluferð í Elliðaárdal undir leiðsögn Einars Gunnlaugssonar jarðfræðings. Jarðfræði Elliðaárdals er stórkostleg. Í dalnum má t.d. finna jökulrákaðar grágrýtisklappir, hraun frá nútíma, sjávarhjalla og merkileg setlög. **Gangan hefst við Minjasafnið í Elliðaárdal kl. 19.30.** Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.



• OR ætlar að knýja meirihluta bílaflota síns með vistvænum eldsneytisgjöfum árið 2013.

www.or.is


# Vinna verkefni um hitaveitu

Hópur bandarískra nema frá School for International Training, skóla í Vermontríki í Bandaríkjunum, hefur undanfarna daga dvalið á Vestfjörðum.

Nemarnir eru staddir á Íslandi til að fræðast um endurnýjanlega orkugjafa en fyrir Vestfjarðaheimsóknina heimsóttu þeir RES Orkuskólann á Akureyri og í Reykjavík.

Á Vestfjörðum hafa nemarnir sótt ýmsa fyrirlestra og kynningar á vegum Háskólaseturs Vestfjarða en meginviðfangsefni þeirra er verkefnavinna um hitaveitu Ísafjarðarbæjar. Í tilkynningu frá Háskólasetrinu segir að nemarnir hafi meðal annars notið leiðsagnar starfsfólks Orkubús Vestfjarða.

Þá fræddi Dóra Hlín Gísladóttir, efnaverkfræðingur hópinn um koltvísýring sem endurnýjanlegt eldsneytishráefni auk þess sem Gunnar Páll Eydal ræddi möguleikann á sjálfbærum Vestfjörðum. Nemarnir stefna svo að því að kynna verkefni sín síðar í vikunni.

Helgina nýtti hópurinn til að fræðast um Gísla sögu Súrsonar undir leiðsögn Þóris Arnars Guðmundssonar, leiðsögumanns. Fór hann um slóðir sögunnar auk þess sem Elfar Logi Hannesson flutti einleik um Gísla.

**- ovd**



**FRÆÐAST UM ENDURNÝJANLEGA ORKUGJAFA** Á Ísafirði hitti hópurinn Carol van Voorst, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, sem sótti með þeim fyrirlestur um Vestfirði.

# NÝ SUMARTILBOÐ





## Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

| Swissflex 145 | Verð áður | Tilboð |
|---|---|---|
| 160x200 | 299.900 | **169.900** |
| 180x200 | 309.900 | **179.900** |

| Proflex | Verð | Tilboð |
|---|---|---|
| 160x200 | 279.900 | **259.900** |
| 180x200 | 299.900 | **279.900** |

| Scape | Verð | Tilboð |
|---|---|---|
| 160x200 | 479.900 | **459.900** |
| 180x200 | 499.900 | **479.900** |

## Sofia rúmstæði með náttborðum

fyrir dýnu-stærð 160/180x200
Tilboð **69.930** Verð áður 99.900

## Fataskápur

Tilboð **77.940** Verð áður 129.900

20% afsláttur af
hlífðardýnum og lökum
við dýnukaup




## 10.000 kr. afsláttur af öllum heilsurúmum




## BELAIR svefnsófi

með leðuráklæði
Tilboð **89.880**
Verð áður 149.800




## Visco-X með botni og fótum

Hjónarúm stærð 180x210
Tilboð **129.900** Verð áður 225.800
Einstaklingsrúm stærð 90x210
Tilboð **64.950** Verð áður 112.900



## COE leður-rúmstæði

fyrir dýnu-stærð 160x200
Tilboð **76.930**
Verð áður 109.900




AKUREYRI

Svefn & heilsa
★★★★★




REYKJAVÍK

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 14:00**

www.svefn.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gleðitíðindi frá Genf:

## Reynir á sjálfstraust bænda

JÓN KALDAL SKRIFAR

Frá Genf bárust um helgina þau gleðilegu tíðindi fyrir íslenska neytendur að góðar líkur séu á að tollar verði lækkaðir af innfluttum landbúnaðarvörum og að reglur um innflutning þeirra verði rýmkaðar verulega. Ef þetta gengur eftir verður það veruleg búbót fyrir heimilin í landinu. Forsvarsmenn bænda eru aftur á móti áhyggjufullir, eins og við var að búast.

Sendinefndir frá 152 ríkjum hafa síðastliðna viku freistað þess á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að fá botn í svokallaðar Doha-viðræður, sem kenndar eru við höfuðborga Katar og hófust haustið 2001. Upprunalega hugmyndin snerist um að setja saman viðskiptasamkomulag á breiðu sviði, sem átti að rétta af slagsíðu í alþjóðaviðskiptum á kostnað þróunarríkja. Sjö árum síðar og á fjórðu samningalotu liggja fyrir drög að samningi, sem þykir líklegt að verði samþykktur. Ef viðræðurnar fara út um þúfur er hins vegar ljóst að ekki mun í nánustu framtíð nást viðlíka samkomulag um viðskipti milli landa með vörur og þjónustu.

Meðal háværustu gagnrýni á fyrirliggjandi samning er að hann muni ekki hafa tilætluð jákvæð áhrif á efnahag þróunarríkjanna. Gömlu stóru viðskiptaveldin, með Evrópusambandið og Bandaríkin í fararbroddi, þykja vilja fá mikið fyrir sinn snúð.

Enginn vafi leikur hins vegar á því að samkomulagið myndi hafa veruleg jákvæð áhrif á efnahag íslenskra heimila. Óþarfi er að fjölyrða um hátt verðlag hér á landi. Það liggur fyrir að óvíða í heiminum þarf fólk að borga jafn mikið fyrir nauðsynjar og hér. Um það bil tveir þriðju af matarinnkaupum heimilanna í landinu eru íslenskar vörur og þar vega landbúnaðarvörur þyngst.

Landbúnaðarssamningar stjórnvalda hafa þó aldrei verið gerðir með heimilisbókhald landsmanna í huga. Íslendingar eru heimsmeistarar í landbúnaðarstyrkjum. Hér nemur stuðningur úr vösum skattgreiðenda við landbúnaðinn um 62 prósentum af afurðaverðmætinu, sem er um það bil tvöfalt hærra hlutfall en að meðaltali í OECD-ríkjunum. Úti í búð þarf svo að punga út fyrir hinum hlutanum af aðstoðinni í formi hás vöruverðs.

Auðvitað ættu íslensk stjórnvöld að vera búin að breyta þessu kerfi að eigin frumkvæði fyrir löngu. Ef samningar nást í Genf heyrir það hins vegar öruggleg sögunni til. Og þá reynir á dug og sjálfstraust íslenskra bænda.

Skoðanakönnun sem Bændasamtökin lét framkvæma fyrr á þessu ári sýnir að þjóðin kann mjög vel að meta innlendar landbúnaðarvörur: 94 prósent svarenda telja skipta miklu máli að landbúnaður verði stundaður hér til framtíðar, 75 prósent telja gæði innlendrar framleiðslu meiri en innfluttrar og 62 prósent eru tilbúin að greiða hærra verð fyrir innfluttu vöruna. Forsvarsmenn Bændasamtakanna voru að vonum stoltir þegar þeir kynntu þessar niðurstöður. Þær benda líka til þess að þeir mæti sterkir til leiks í mögulegri samkeppni við innflutning. Gæðavara verður alltaf eftirsótt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nýr borgarstjórnarmeirihluti

Egill Helgason skrifar pistil um pólitískar línur í borginni á síðu sinni, Silfur Egils, í gær. Segir hann þar sífellt koma betur í ljós að Ólafur F. Magnússon borgarstjóri eigi enga samleið með sjálfstæðismönnum í borgarstjórn. Vill Egill meina að pólitískar línur liggi um húsafriðun og orkunýtingu og þar eigi Ólafur samleið með Vinstri grænum og Samfylkingu að nokkru leyti, en sjálfstæðismenn eigi samleið með Óskari Bergssyni. Raddir þessa efnis hafa áður heyrst en Egill er kominn lengra en margir aðrir í myndun nýs meirihluta í Reykjavík þar sem hann segir Óskar vera fulltrúa Sjálfstæðisflokks í borgarstjórn.



### Konur ofar lýðræði

„Konur eru konum verstar“ sagði Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, þegar kjörinn fulltrúi bæjarbúa, í þessu tilviki kona, vogaði sér að halda því fram að óeðlilega hefði verið staðið að ráðningu í þrjár stöður á vegum bæjarins, sem féllu konum í skaut að tveimur þriðju. Markmið ráðninganna hafi verið að fjölga konum í stjórnunarstöðum í bænum. Þau ummæli eru einkennileg í ljósi þess að karlmaður hlaut jú eitt starfið.

### Rökkurriddari Björns

Nýjasta ævintýrið um Leðurblökumanninn, The Dark Knight, hefur heillað margan kvikmyndaáhugamanninn upp úr skónum. Björn Bjarnason er þar engin undantekning, en hann segir á vef sínum að myndin sé „mögnuð í öllu tilliti“. Ekki er ólíklegt að yfirmenn löggæslumála tækju fagnandi ofurhetju sveipaðri skikkju sem lúskrað gæti á handrukkurum og skattsvikurum landsins í skjóli nætur. Er ekki hér komið verðugt verkefni fyrir hasarunnandann Björn?

olav@frettabladid.is / stigur@frettabladid.is



# Á hlaupahjólinu



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

**Í DAG** | Unga fólkið og eldhússtörfin

Viðskiptablöðin eru stundum með svona dálka þar sem ungt fólk í viðskiptalífinu rekur dæmigerðan dag í lífi sínu.

Þetta er yfirleitt athyglisverður lestur – svona lífsstílsfræði og minnir á Innlit/útlit sem mér þótti alltaf nokkuð vanmetinn sjónvarpsþáttur og á við rækilega félagsfræðilega úttekt hver og einn.

Ég les stundum þessa dálka þegar ég hef ekkert annað að gera, sem er iðulega. Og ég velti stundum fyrir mér lífi þess fólks sem þar virðist á þönum frá morgni til kvölds: Er þetta það sem átt er við með „velgengni“? Maður verður lafmóður af því að lesa þetta.

Nú er ég ekki að fjalla um einhvern tiltekinn einstakling öðrum fremur heldur um þessa dálka almennt og vissar tilhneigingar í þeim, þá mynd sem fólkið dregur upp af sjálfu sér. Tvennt slær mann: Gegndarlaust hangs í vinnunni og langdvalir að heiman. Þetta unga fólk virðist knúið áfram af þeirri hugmynd að hið góða líf felist í því að vera sem mest að heiman. Það vill telja okkur trú um að það hitti aldrei börnin sín nema rétt í morgunsárið og hugsanlega til að lesa fyrir svefninn. Eiginlega sýnist manni að unga fólkið í viðskiptalífinu sé á harðahlaupum á hlaupahjólinu undan börnunum sínum.

### Á þönum frá morgni til kvölds

Dæmigerður svona dálkur segir frá konu í ábyrgðarstöðu. Hún vaknar klukkan 6.10 tilbúin að takast á við verkefni dagsins og skokkar fram í eldhús þar sem hún kreistir sér ávaxtasafa í morgunmat. Hún nær honum svo af sér á hlaupabrettinu, og þegar hún er búin í sturtu hittir hún dæturnar tvær og kallinn og þau ræða saman um verkefni dagsins áður en hvert heldur af stað í sína átt. Klukkan 8.00 er morgunfundur þar sem farið er yfir verkefni dagsins. Klukkan 9.00 er hún sest við skrifborðið og farin að svara tölvupóstum. Klukkan 12.05 fær hún sér gúrkusalat og hveitiklíð og ræðir um verkefni dagsins við vinnufélaga sína. Klukkan 12.20 er jóga. Klukkan 13.00 er fundur þar sem farið er yfir verkefni dagsins. Klukkan 13.45 er hún sest við tölvuna. Klukkan 18.00 fer hún í ræktina og hringir í báðar dæturnar á leiðinni, þær segja henni frá deginum sínum, sem hefur verið mjög skemmtilegur. Klukkan

*Eiginlega sýnist manni að unga fólkið í viðskiptalífinu sé á harðahlaupum á hlaupahjólinu undan börnunum sínum.*

18.15 er hún komin á hlaupabrettið þar sem hún er til 19.30. Klukkan 19.45 skreppur hún heim til að fá sér gulrót og skipta um föt. Klukkan 20.10 er hún svo komin upp í hesthús til að eiga góða stund með hestinum sínum. Þau taka góðan hring í góða veðrinu og hún nær að slaka vel á, er svo komin heim klukkan 22.45 og nær að kyssa dæturnar góða nótt, sem vakað hafa eftir henni. Klukkan 22.50 svarar hún tölvupóstum og fer yfir verkefni morgundagsins, og er svo komin upp í rúm með skýrslu klukkan 23.10 sem hún sofnar út frá sæl og glöð.

### Að lifa ekki lífi sínu

Nú skil ég af hverju heimilin í Innlit/útlit eru svona hönnuð og tóm, sögulaus og svarthvít: þar er aldrei neinn.

Í þessum dálkum viðskiptablaðanna eldar aldrei neinn. Þarna er aldrei þvegið upp, aldrei sett í þvottavél: unga fólkið í viðskiptalífinu vill ekki láta um sig spyrjast að það geri húsverk. Kannski lætur það aðkeyptan starfskraft um það. En þegar maður lætur aðra taka til eftir sig, elda ofan í sig, jafnvel annast meira og minna börnin fyrir sig, er maður ekki farinn að bjóða út í rauninni mikilverða hluta úr lífi sínu, farinn að láta aðra lifa fyrir sig í einhverjum skilningi? Er maður ekki að missa af eigin lífi?

Lengi þótti það helsta dyggð karla í viðskiptum og stjórnmálum að sjást aldrei heima hjá sér nema á jólunum. Það þótti vitna um lofsverða fórnfýsi að neita sér um fjölskyldulíf því að skyldan kallaði. Sú hugmyndafræði virðist lifa góðu lífi hjá ungu fólki í viðskiptalífinu, þó að ekki verði séð að hún hafi skilað neinu öðru en útrás á villigötur.

Sú var tíð að konur höfðu ekki jafna möguleika á vinnumarkaði og karlar, og dæmin sanna að svo er víða enn. Fáum kemur hins vegar til hugar að þeim beri að sinna heimilinu einvörðungu, þjóna kalli og krökkum. En er sniðugt fyrir þær að tileinka sér þá hugmynd að best sé að vera sem mest að heiman? Kannski þær ættu að spyrja gömlu mennina hvernig þeim hafi fundist sú hugmynd reynast.

# Ekki pólitík á ÓL

**UMRÆÐA**

Ólympíuleikarnir



ÞÓRLINDUR KJARTANSSON

Þegar Alþjóðlega Ólympíunefndin ákvað að leikarnir 2008 yrðu haldnir í Peking var það meðal annars í ljósi heitstrenginga þarlendra stjórnvalda um umbætur í mannréttindamálum. Þessi skilaboð bárust þó ekki Kínverjum. Opinberar fréttir á Vesturlöndum sögðu frá þessum loforðum en ekkert slíkt var að finna í þeirri útgáfu sem kynnt var kínverskum almenningi.

Þrátt fyrir þetta voru vonir bundnar við þessa umdeildu ákvörðun. Mannréttindasamtök höfðu þó varann á og bent var á að leikarnir yrðu allt eins notaðir til þess að ala á þjóðernisrembingi og að stjórnvöld myndu nýta þá til þess að herða enn tökin á almenningi. Nú þegar mjög styttist í leikana ber öllum mannréttindasamtökum saman um að þvert á öll loforð hefur ástand mannréttindamála ekki batnað. Hið dapurlega er að leikarnir hafa verið notaðir sem afsökun stjórnvalda til þess að flytja fólk nauðungarflutningum, fangelsa andófsmenn, senda gagnrýnendur í vinnubúðir og pynta stjórnarandstæðinga. Kínversk stjórnvöld hafa gerst sek um það að misnota leikana til þess að brjóta á þegnum sínum og litlar líkur eru á öðru en slíkt haldi áfram. Því miður.

Kínverskur baráttumaður fyrir mannréttindum, Hu Jia, skrifaði fyrir nokkru í bréfi um Ólympíuleikana: „Þegar þið komið til Peking vitið þið kannski ekki að blómin, brosin, friðsældin og ríkidæmið sem fyrir augu ber eru byggð á illdeilum, tárum, fangelsun, pyntingum og blóði.“ Hann situr nú í fangelsi en kona hans og nýfætt barn sæta stofufangelsi. Glæpur Hu Jia er sagður vera sá að grafa undan valdi ríkisins.

Þótt opinber samskipti við Kína séu almennt til góðs og geti stuðlað að bættri stöðu mannréttinda á það sjónarmið ekki við um þátttöku fulltrúa íslenskra stjórnvalda á Ólympíuleikunum. Í einræðisríki á borð við Kína þjóna leikarnir allt öðrum tilgangi fyrir stjórnvöld heldur en í lýðræðisríkjum. Þar eru leikarnir beinlínis notaðir sem pólitískt tæki til að styrkja stöðu einræðisstjórnarinnar. Þess vegna hefðu Ólafur Ragnar Grímsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ekki átt að þiggja boð um að mæta á leikana sem pólitískir fulltrúar íslensku þjóðarinnar. Ólympíuleikarnir eiga nefnilega ekki að snúast um pólitík.

*Höfundur er formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna.*


FRÁ MANNFÓLKINU SEM FÆRÐI OKKUR
„FINDING NEMO" OG „RATATOUILLE"
"...EINHVER BESTA TEIKNIMYND SEM ÉG HEF SÉð."
– KVIKMYNDIR.IS
"...EIN BESTA MYND SUMARSINS..."
–USA TODAY
"...MEISTARVERK."
– NEW YORK MAGAZINE
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.
Disney PIXAR
WALL·E
FRUMSÝND 30. JÚLÍ
9. HVER VINNUR!
Göteborgs
SJÁÐU MYNDINA!
SPILAÐU LEIKINN!
SENDU SMS
BTC WALL Á NÚMERIÐ 1900
VINNINGAR: BÍÓMIÐAR, WALL· E TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR OG FLEIRA!
SMS LEIKUR

**ODDUR ÓLAFSSON BLAÐAMAÐUR ER SJÖTÍU OG FIMM ÁRA Í DAG.**

*„Það er ekki hlutverk fréttamanna að feta í fótspor hrollvekjusmiða sýndarveruleikans né fullnægja þörfum þeirra sem líta á gróf ofbeldisverk sem skemmtiatriði.“*



***Oddur starfaði sem blaðamaður á Alþýðublaðinu, Tímanum, Degi og DV og var aðstoðarritstjóri Tímans um skeið. Einnig er hann ljósmyndari og vann við það fag um tíma.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 28. JÚLÍ 1974

## *Þjóðhátíð á Þingvöllum*



Hátt í sextíu þúsund manns mættu á þjóðhátíð á Þingvöllum þennan mánaðardag árið 1974 til að fagna ellefuhundruð ára byggð á Íslandi. Fjöldinn svaraði til fjórðungs þjóðarinnar þá. Hátíðin þótti takast með ágætum, veður var frábært og framkoma hátíðargesta til sóma.

Á þingfundi á Lögbergi var samþykkt tillaga um þjóðargjöf sem fólst í að verja einum milljarði króna til eflingar landgræslu og gróðurvernd á næstu fjórum árum. Lúðrasveitir léku, karlakórar sungu og ræður fluttu Kristján Eldjárn forseti, Halldór Laxness nóbelsskáld, Indriði G. Þorsteinsson formaður þjóðhátíðarnefndar og Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra. Tómas Guðmundsson fór með hátíðarljóð og sinfóníuhljómsveitin lék verðlaunaverk Herberts H. Ágústssonar og Jónasar Tómassonar.

Þjóðarganga var ofan úr Almannagjá, íþróttir voru iðkaðar og hátíðinni lauk með því að Ísland farsælda frón var blásið í lúðra af efri barmi Almannagjár.

## MERKISATBURÐIR

**1662** Á Kópavogsfundinum ritar Árni Oddsson lögmaður tárvotum augum undir skuldbindingarskjal um einveldi Danakonungs hér á landi.

**1895** Þjórsárbrú hjá Þjótanda er vígð og opnuð til umferðar að viðstöddu á þriðja þúsund manns.

**1957** Hallgrímskirkja í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd er vígð. Hún var reist til minninar um sálmaskáldið Hallgrím Pétursson.

**1960** Norðurlandaráðsþing er haldið á Íslandi í fyrsta sinn en ráðið var stofnað 1952.

**1985** Íslandsmet er sett í fallhlífarstökki er fimm stökkvarar mynda stjörnu sem þeir halda í 45 sekúndur.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, ástvinur, amma og langamma,*

**Pálína Margrét Hafsteinsdóttir**

Furugrund 66, Kópavogi

Sem lést á heimili sínu þriðjudaginn 22.júlí. Verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 30.júlí kl. 15.00

**Bára Þórðardóttir** **Hörður Sveinsson**
**Hafsteinn Þórðarsson** **Steinunn Guðnadóttir**
**Laufey Þórðardóttir**
**Sæmundur Björnsson**
**og fjölskyldur**



*Elsku hjartans drengurinn okkar, bróðir, barnabarn og frændi,*

**Bjarni Páll Kristjánsson**

Ægisíðu 107, Reykjavík,

sem lést á krabbameinslækningadeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 15. júlí, verður jarðsunginn frá Neskirkju fimmtudaginn 31. júlí kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Styrktarsjóð skáta hjá Bandalagi íslenskra skáta.

**Kristján Geirsson** **Droplaug Guðnadóttir**
**Anna Björk, Birkir, Baldvin**
**Anna Gísladóttir** **Geir Kristjánsson**
**Ásta Ólafsdóttir** **Guðni Þ. Valdimarsson**
**Margrét Geirsdóttir** **Haukur K. Bragason**
**Guðrún A. Guðnadóttir** **Sigurjón H. Hauksson**
**Valdimar Guðnason** **Páll Guðnason**
**og fjölskyldur.**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Eiríks Alexanderssonar**

frá Grindavík, Prestastíg, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut og hjúkrunarþjónustu Karitas. Guð blessi ykkur öll.

**Hildur Júlíusdóttir**
**Almar Eiríksson** **Kittý Magnúsdóttir**
**Leifur Eiríksson** **Þórey G. Guðmundsdóttir**
**Margrét B. Eiríksdóttir** **Edvard G. Guðnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**KAUPKONAN FJÓLA GUÐMUNDSDÓTTIR** Fólk er farið að blanda antik með nýmóðins hlutum. fær sér kannski eitt ljós sem er þá öðruvísi en aðrir eiga.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ANTIKHÚSIÐ Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG: REKSTURINN TUTTUGU ÁRA

# Fer varla milli húsa án þess að burðast með eitthvað

Antikhúsinu er ein þeirra verslana sem setja svip á Skólavörðustíginn í Reykjavík. Kaupkona þar er Fjóla Magnúsdóttir. Fjölmargir staldra við hjá henni bæði til að blanda við hana geði og spá í hina fögru muni í búðinni hennar. Þegar blaðamann ber þar að garði er hún að þurrka af.

„Ég er alltaf með tuskuna á lofti,“ viðurkennir hún og sýnir nýfægðan silfurborðbúnað í einum skápnum. „Eitt ömmubarnið sagði eitt sinn við mig. „Amma, þú talar og pússar,“ og það eru áreiðanlega orð að sönnu, ég er oft óafvitandi að pússa eitthvað meðan ég tala við viðskiptavinina.“

Starfsemi Antíkhússins er 20 ára um þessar mundir. Sumarið 1988 reif Fjóla sig frá því að starfa í lögfræðideild Búnaðarbankans og stofnaði til verslunarinnar ásamt manni sínum Ólafi Steinari Valdimarssyni ráðuneytisstjóra sem andaðist fyrir um tíu árum. „Ég fékk kennitölu verslunarinnar í júlí og við opnuðum um haustið í Þverholti 7. Þetta fór rólega af stað en vatt fljótt uppá sig og búðin var orðin mitt annað heimili áður en varði. Bóndi minn var líka vel liðtækur í að lagfæra læsingar og annað sem þurfti,“ lýsir hún.

Fjóla er borinn og barnfæddur Reykvíkingur og ólst upp í litla Skerjafirði, „eiginlega í gamla Tívolí,“ eins og hún orðar það. Þrjú af fjórum börnum hennar búa erlendis þar sem þau sinna veigamiklum embættum. Móðir þeirra segir þá kenningu á lofti að þau hafi flutt út til að forðast að bera húsgögn alla daga! Hún kveðst hafa verið með búðina í Þverholtinu í tíu ár en svo keypt á Skólavörðustígnum. „Ég hugsaði með mér húsnæðið hér sem sýningarsal en fljótlega snerist dæmið við. Sýningarsalurinn varð að búð og Þverholtið lager. Staðsetningin var svo miklu betri hér,“ segir hún. Nú hefur hún geymslu við hliðina á búðinni og minnist þess varla að hafa farið á mill húsa án þess að burðast með eitthvað!

Dönsk húsgögn höfða til Íslendinga að sögn Fjólu sem kaupir allt inn í Danmörku. En er endalaust framboð af gömlum munum þar?

„Já, svo merkilegt sem það er þá er þetta stöðug hringrás,“ segir hún. „Danir eru svo oddhagir og á tímabilinu frá 1914 til 1940 voru háir tollar á innfluttar mublur í Danmörku. Það varð til þess að húsgagnasmiðir þar fóru á flug en samkeppnin milli þeirra var hörð svo þeir urðu að vanda sína vinnu.“



Handmálað postulín frá Royal Copenhagen, ártalið er 1935.

Spurð hvort fólk sé alltaf jafn spennt fyrir antik svarar Fjóla: „Það gengur í bylgjum. Fyrir 20 árum vildu allir antik. Síðan kom naumhyggjutímabilið og stóð í nokkur ár en nú er að lifna yfir þessum markaði aftur. Fólk er farið að blanda antik með nýmóðins hlutum á heimili sín. Fær sér kannski eitt ljós sem er þá öðruvísi en aðrir eiga. Ef foreldrarnir hafa átt antik erfist oft áhuginn til barnanna,“ segir Fjóla sem selur ekki aðeins mublur, klukkur og lampa heldur líka silfur og danskt postulín sem hún segir vinsælt hér á landi.

Viðtalið gengur frekar hægt því stöðug umferð er um búðina auk þess sem síminn hringir af og til. Fjóla er óspör á tíma sinn og hvort sem af viðskiptum verður eða ekki fara allir hressir af hennar fundi. „Nú fer að styttast í að Skólavörðustígurinn verði opnaður fyrir umferð aftur eftir gagngerar endurbætur svo það eru bara bjartir tímar fram undan,“ segir hún brosandi.

gun@frettabladid.is

**Kryddjurtir** í eldhúsglugganum eða á svölunum eru frábær leið til að eiga allt-af eitthvað ferskt til að kitla bragðlaukana. Til ferskra kryddjurta er sáð á sama hátt og til annarra plantna. Ráðlagt er að rækta viðkvæmustu plönturnar innan-dyra. Plöntur eins og steinselja og dill vaxa þó ágætlega utan dyra eftir for-ræktun innanhúss.



**Kerti** eru skemmtileg leið til að lífga upp á kvöldverðarborðið, jafnvel þótt bjart sé úti. Þó er ekki alveg jafn gleði-legt þegar veislan er búin og borðið er þakið litlum vaxdropum. Gam-alt húsráð til að losna við þenn-an leiða fylgifisk kerta er að geyma þau í ísskáp svolitla stund áður en kveikt er á þeim.



**Gólfmottur** í fallegum litum, eins og til dæmis bláum, grænum, gulum, rauðum og appelsínugulum, geta svo sannarlega lífgað upp á heimilið og svo vernda þær gólf auðvitað fyrir alls kyns hnjaski. Því er um að gera að fara út í búð og finna sér fallega og litríka gólfmottu sem er vís með að gleðja hvers manns augu.




ÞAKSPRAUTUN ehf

Þarf að vinna í þakinu í sumar
en hefur ekki tíma ?
Því ekki að láta það í hendur fagmanns ?
Sérhæfi mig í sprautun á öllu
bárujárni sem gefur einstaka áferð

Uppl. í síma 8975787

29. okt. - 3. nóv.
UPPLIFÐU FERÐALAGIÐ MEÐ OKKUR!
EXPERIENCE YOUR TRAVELS WITH US!

St. John's - Kanada



Haustferð til St. John's 29. okt. - 3. nóv.

Missið ekki af þessari vinsælu haustferð, í 3 - 3,5 klst. beinu leiguflugi með Icelandair. Brottför frá Keflavík er kl.17.00 og lent er á sama tíma í St. John's.

St. John's er höfuðborg Nýfundnalands austast í Kanada og er áhugaverð og ljúf borg heim að sækja eins og ótalmargir þekkja úr ferðum okkar þangað undanfarin 10 ár.

Þar er einstaklega hagstætt að versla, gestrisni heimamanna er frábær, góðir veitingastaðir til staðar, írsk pöbbastemmning og fjölbreyttar skoðunarferðir. Gist verður á glæsilegum hótelum.

Meðal viðburða þessa daga eru St. John's Halloween og Sjávarútvegssýningin.

**Verð pr. mann miðað við tvo í herbergi (með sköttum):**
Holiday Inn, kr. 77.900,- og Fairmont Newfoundland, kr. 89.900,-

**Innifalið:** Flug, skattar,gisting, íslensk fararstjórn ofl.

Bókanir og frekari upplýsingar hjá ferðaskrifstofu TREX, Hesthálsi 10 í síma 587 6000 - netfang: info@trex.is

Hópferðamiðstöðin TREX Travel Experiences

Hestháls 10, Reykjavík SÍMI/TEL 587 6000 FAX 567 4969 E-MAIL info@trex.is URL trex.is




Söngvarinn Eiríkur Hafdal nýtur þess að vera í faðmi fjölskyldunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Fann nýlega rétta sófann eftir langa leit

***Eiríkur Hafdal söngvari hljómsveitarinnar Dísel heldur mikið upp á forláta tungusófa sem hann fann nýlega.***

„Það er svo þægilegt að slappa af í þessum tungusófa," segir fjölskyldufaðirinn og söngvarinn Eiríkur Hafdal aðspurður um uppáhaldshlutinn á heimilinu. Hann bætir við að fjölskyldan sitji oft löngum stundum í sófanum fyrir framan sjónvarpið á kvöldin, en hins vegar sé setið með gestum inni í fínni stofunni.

Eiríkur segist lengi hafa leitað að sófa sem þessum og fundið hann um svipað leyti og hann flutti síðastliðinn vetur. „Ég var búinn að leita mikið til útlanda til að athuga hvort ég myndi finna sófa af þessari gerð því hann varð aldrei á vegi mínum í húsgagnaverslunum hér heima. Svo rakst ég á húsgagnalagersöluna Patta, sem smíða þetta bara," upplýsir Eiríkur glaður í bragði og segir sófann því vera íslenska hönnun.

„Ég var búinn að prófa að setjast í svona tungusófa hjá félaga mínum og fannst ekkert annað koma til greina" segir Eiríkur ákveðinn. Hann kveðst hafa prófað ýmsar aðrar sófagerðir áður en hann fann þann rétta og þar á meðal hornsófa með skemlum í endanum. „Það var ekkert að ganga. Hann var allt of stórt kvikindi."

Eiríkur er í fæðingarorlofi þessa dagana og nýtur þess því oft að slappa af í sófanum góða. Hann er líka söngvari hljómsveitarinnar Dísel sem nýlega vann keppnina Sumarsmellur FM957. Þegar hann er inntur eftir því hvernig þessi tvö ólíku hlutverk fara saman segir hann: „Þetta er stund á milli stríða. Það er ágætt að vera heima með börnunum og fara síðan út þegar þau eru farin að sofa. Það er mjög þægilegt."

*martaf@frettabladid.is*





BBQ svínarifin frá Jensen´s eru frábær á grillið eða í ofninn

Rifin eru forelduð og taka því stuttan tíma á grillinu

Jensen´s svínarifin finnur þú í eftirtöldum verslunum:

HAGKAUP Eins ferð betra verð
Melabúðin
FK FJARÐARKAUP
Samkaup úrval

**Frímerki** eiga það til að festast saman. Gott húsráð til að losa þau í sundur er að setja þau í frysti í stutta stund en þá eiga þau að losna í sundur.







# Matarbúr eru liðin tíð

***Hér á árum áður voru matarbúr höfð inni á mörgum íslenskum heimilum. Með breyttum áherslum heyrir slíkt nú sögunni til að sögn Kristínar Guðmundsdóttur, innanhúsarkitekts hjá FHÍ.***

„Það er eiginlega alveg dottið upp fyrir að fólk hafi matarbúr,“ segir Kristín Guðmundsdóttir, innanhúsarkitekt hjá FHÍ, þegar hún er spurð hvort matarbúr séu vinsæl inni á heimilum nú til dags. „Ástæðan fyrir því er sú að eldhúsin eru orðin svo mikið stærri en þau voru, þegar algengt var að teikna búr eða gera ráð fyrir þeim í skipulagi íbúðar.“

Kristín bendir á að matarbúrin hafi aðallega verið notuð hér áður fyrr til að geyma dósamat og smærri vöru eða þá fremur stóra vöru sem komst ekki fyrir í eldhúsinu.

„Nú heyrir það sögunni til. Allur útbúnaður í eldhúsum er orðinn svo miklu betri þannig að þörfin fyrir matarbúrin er farin. Þetta er ekki eins og fyrir um tíu árum þegar allir skápar voru með hurðir sem fólk opnaði og hillur inni í þeim. Skúffur og skápar eru bara betri. Skúffurnar eru stærri og dýpri. Allar hirslur í eldhúsi eru á góðum brautum og útrennanlegar sem gera þær mjög aðgengilegar Útdraganlegu hillur auðvelda fólki mikið að athafna sig í eldhúsum.“



Skúffurnar hafa tekið við af búrunum segir Kristín Guðmundsdóttir arkitekt FHÍ NORDICPHOTOS/GETTY



Matarbúr inn af eldhúsi. NORDICPHOTOS/

Þá segir Kristín algengt að fólk láti fjarlægja matarbúrin úr þeim gömlu húsum þar sem þau eru enn til staðar. „Ég hef margsinnis átt í samskiptum við fólk vill láta taka búrin burt til að stækka eldhúsin sín.“

Hún bendir hins vegar á að sumsstaðar á landisbyggðinni séu matarbúr enn í notkun. „Það stafar af því að úti á landi er fólk yfirleitt að geyma meiri mat heldur en fólk í þéttbýli gerir. Því er þörfin fyrir matarbúr meiri. Almennt séð má þó segja að fólk sé hætt að nota matarbúr.“

*sigridurp@frettabladid.is*

ELDHÚS
EINS OG ÞÚ VILT HAFA ÞAÐ



PISA höldulaust hvítt háglans





Birki Duo

**Val um 30 hurðagerðir:**
Hvítar, svartar, gular, eik, askur, birki, hnota.

**Komdu með málin**
og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð.

**Allt á sama stað:**
Innréttingar og raftæki. Trésmíðaverkstæði, raftækjaviðgerðarverkstæði. Samsetning, uppsetning.

**MARKMIÐ OKKAR ER AÐ VEITA ÚRVALSÞJÓNUSTU**

BETRA BAÐ
BETRI LAUSNIR - MEIRA ÚRVAL



Askur Facet



Pisa
hvítt háglans





**BAÐINNRÉTTINGARNAR**
byggjast á einingakerfi 30, 40, 60 og 80 cm breiðra eininga.
Ótæmandi uppröðunarmöguleikar.
Við hönnum og teiknum fyrir þig.

**Heilsteyptu vaskborðin eru vinsæl!**
Breiddir: 60, 80, 90, 120,140, 160, 180 cm
Litir: Hvít, svört, offwhite, ljósgrá, sandgrá. o.fl.

ELBA



ELDAVÉLAR



OFNAR



HELLUBORÐ



VIFTUR & HÁFAR



UPPÞVOTTAVÉLAR

NÝ KÆLISKÁPALÍNA FRÁ SNAIGÉ



KÆLISKÁPAR



Askur Soft

ÞVOTTAHÚS
GOTT SKIPULAG SKIPTIR MÁLI

Við sníðum innréttinguna að þínum óskum. Þú getur fengið skúffur og útdregin tauborð undir vélarnar, einnig útdreginn óhreinatausskáp, kústaskáp o.m.fl.




Satinerað gler

**FATASKÁPAR MEÐ HEFÐBUNDNUM HURÐUM**
byggjast á einingakerfi 40, 50, 60, 80 og 100 cm. eininga, sem er raðað saman að vild.
Við hönnum og teiknum fyrir þig.

**RENNIHURÐASKÁPAR**
Afgreiddir eftir máli, sniðnir að þínum óskum.
Hurðirnar eru afgreiddar eftir máli, hæð allt að 275 cm, breidd 40-150 cm.
Í boði eru 3 rammalitir (hvítur, silfur eða svartur) og 40 panilgerðir (plast- eða spónlagðar, gler, speglar o.fl.).
Að innan er val um 6 liti og boðið er upp á mikið úrval af skúffum, körfum, o.m.fl.



**Verð og kjör við allra hæfi**
**1** Varan greidd í einu lagi við pöntun - 15% afsláttur
**2** 1/3 við pöntun, rest við afhendingu - 10% afsláttur
**3** VAXTALAUST EURO eða VISA lán til 12 mánaða, án útborgunar.
**4** Raðgreiðslur til allt að 36 mánaða, afsláttur 10%

**25% afsláttur af ELBA og Snaigé raftækjum þegar þau eru keypt með innréttingu**

nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT
www.nettoline.dk

Friform

Mán. - föst.kl. 10-18 Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500


Óróinn Orchadia varð til úr samvinnu hönnuðarins Mark McKenna og myndlistarmannsins Rodgers Stevens. MYND/ANTOINE BOOTZ/MMCKENNA

# Rafrásir að fyrirmynd

***Hönnun og list mætast í Orchadia.***

Bilið milli hönnunar og listar var brúað þegar skúlptúristinn Rodger Stevens og hönnuðurinn Mark McKenna leiddu saman hesta sína. Vírskúlptúrar Stevens höfðu lengi heillað McKenna og sameiginlega hönnuðu þeir ljósakrónuna eða óróann Orchadia. Ljósakrónan er samsett úr mörgum litlum stálplötum en fyrirmynd formanna er teikningar af rafrásum. Formin hanga saman á grönnum vír og birtan kemur frá agnarsmáum ljósaperum sem upphaflega voru hannaðar af geimvísindamönnum. Óróinn er framleiddur af McKenna og var valinn besta nýja hönnunin á alþjóðlegu gjafahátíðinni í New York í fyrra. Nánar á síðunni www.mmckenna.com. *- rat*

# Heillandi litasamspil

***Fallegt gólfteppi getur gert kraftaverk.***

Þetta blómlega anímónu-kakóteppi frá Marni er úr hundrað hnúta tíbetskri ull og fæst hjá The Rug Company.

Þrátt fyrir að mikið sé í teppið lagt þá fangar það kannski ekki athyglina eitt og sér en í réttu samhengi bókstaflega blómstrar það, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Túrkisblár liturinn á veggnum er nánast dáleiðandi og njóta falleg málverkin og myndarammarnir sín vel á svona afgerandi grunni.

Væntanlega er það ekki tilviljun að á veggnum hanga blómamyndir og blómapúði er á fagurbleikum legubekknum en það tónar við blómlegt gólfteppið.


Litirnir í gólfteppinu tóna vel við vegginn og legubekkinn. MYND/ÚR SAFNI THE RUG COMPANY

Litina má alla finna í gólfteppinu sem nýtur sín óneitanlega í þessu fallega samspili lita og forma. Heimasíða The Rug Company er www.therugcompany.info. *-hs*

# Snagar fyrir smálegt

***Snagar henta stundum undir skartgripi og sýna þá á fallegan hátt.***

Skartgripir og glingur ýmiss konar á það til að tínast eða flækjast saman og því getur verið gott að hafa góða hirslu eða snaga til að halda smádótinu til haga.

Þessir trjásprotasnagar sem hannaðir eru af Harald Hynell fyrir Bosign eru tilvaldir til að hengja skartgripi og annað smálegt á. Þeir henta ekki einungis vel til að halda öllu í röð og reglu heldur er líka hægt að sýna fallega skartgripi og slæður á smekklegan hátt með því að hengja gripina upp. Snagarnir eru líka heillandi þar sem þeir minna á gróður og náttúru. Snagarnir fást í svörtu, hvítu og silfurlitu í vefverslun Bosign, www.bosign.se. *-hs*


Trjásprotarnir hans Haralds Hynell eru kjörin skartgripageymsla. MYND/WWW.HYNELL.COM



Myndavélar, mikið úrval
kynntu þér verðin á
fotoval.is
FOTO VAL
Myndavéla-
viðgerðir
Skipholti 50B
Sími 553 9200
www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is

allt matur
Alla föstudaga



4YOU grillin komin
Verð aðeins 55.000


Pottarnir komnir
og á frábæru verði!
verð kr. 695.000,-
4YOU
4you.is • Eddufelli 2 • 111 Reykjavík • Sími 564-2030 690-2020

# allt - sem þig vantar

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17**

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLASALA ÍSLANDS



Coleman Rushmore árg 2005 eldavél,ísskápur, sólskyggni útdraganleg hlíð og flr,,,,Frábært hús Verð 1.480.000.- skoðum skipti sjá myndir www.bilasalaislands.is

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**896 1337 / 896 9693**
**www.bilasalaislands.is**



**Úrval nýrra atvinnubíla á frábæru verði!!**
Nýr Renault Kangoo. Verð kr : 1.359þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. Verð kr : 1.990þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. 9 manna. Verð kr : 3.190þ. með vsk. Nýr Renault Trafic Langur. Hár toppur. Verð kr : 2.490þ. án vsk. Nýr Renault Master. Millilangur. Hár toppur. Verð kr : 2.795þ. án vsk. Fleiri útfærslur í boði. Allir bílar dísel og til afgreiðslu strax !



**Einn með öllu ! Frábært verð !**
Volvo XC90 2.5 Turbo 210 hp. 7 manna. 2004 árgerð . ABS hemlar - Akstурstölva - Armpúði - Álfelgur - Dráttarkúla - Fjarstýrðar samlæsingar - Geislaspilari - Hiti í sætum - Hleðslujafnari - Hraðastillir - Höfuðpúðar aftan - Innspýting - Kastarar - Leðuráklæði - Litað gler - Líknarbelgir - Loftkæling - Rafdrifið sæti ökumanns - Rafdrifnar rúður - Rafdrifnir speglar - Spólvörn - Túrbína - Útvarp - Veltistýri - Vökvastýri - Xenon aðalljós - Þakbogar - Þjófavörn - Þjónustubók - Viðarinnrétting og viðarstýri. 18" Cumulus álfelgur. Bakkskynjari. Ekinn 98þ km , Ath búinn í 100þ.km skoðun. Fleiri myndir á www.sparibill.is , Tilboðsverð aðeins kr : 3.390þ . Bílalán áhvílandi.

**Sparibíll ehf**
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

visir.is
"...ég sá það á vísi"

## Bílar til sölu







Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumabílinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, www.islandus.com.




Hybrid í dag! Minni eyðsla, minni mengun, meiri kraftur. Tveir bílar tilbúnir í reynsluakstur. 2008 Toyota Highlander Hybrid og 2008 Toyota Camry Hybrid LTD. Pantaðu reynsluakstur í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



TOYOTA TUNDRA árg 2008 crewmax 5,7 ltr, 4WD Einn með öllu Fjölbreyttir uppítökumöguleikar koma til greina UPPL 865 9637 eða 899 0910



Nissan Patrol árg. '00, ek. 92 þús, 35" breyttur, einn eigandi, dekraður. Uppl. í s. 892 3207.

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 245 ÞÚS!!!**
Suzuki vitara jlx árg'98 1,6 5 gíra,ný skoðaður'09,rafmagn í rúðum, upphækaður,hátt og lágt drif,dráttarkrókur, eyðir 8 í blönduðum akstri,góð dekk,ásett verð 420 þús TILBOÐ 245 ÞÚS s.841 8955

## 500-999 þús.



Starcraft 10" R/T fellihýsi Verð 990 þús, áhvílandi 450þ. Mán. greiðslur 16þ. Uppl. í s. 8647711. Jóhann



Fer á yfirtöku á láni. Láni stendur í 584 þús. Afb. milli 20-25 á mánuðu. frekari uppl. S: 8494989

## 2 milljónir +




Skiptu í hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



Frábær 7 manna fjölskyldubíll, DODGE GRAND CARAVAN SE, árg. 05,næsta sk. 09. ekinn 77 þ.km. sjálfskiptur, sumar, og vetrardekk, ásett verð 2.490 þ. Tilboð 2.100 þ. uppl. í síma 6640034.

## Jeppar




Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 552 000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



Honda CRV nýskr. 12/'98 ssk., samlæsingar,rafm. í rúðum og CD. Nýsk. Ek. 165 þ. Listav. 600 þ. selst á 350 þ. vegna flutninga. S. 698 0001.

3ja herbergja íbúð á 3.hæð að Rekagranda 1. 82 fm og stæði í bílageymslu 26,7 fm, alls 108,7 fm. Frábær staðsetning, stutt í alla þjónustu, leikskóla, skóla og steinsnar frá háskólahverfinu. Tvennar svalir, fallegt útsýni. Nánari upplýsingar hjá Heimili fasteignasölu.

## Pallbílar




Mikið framboð af pallbílum vestanhafs. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F350 frá 2.790 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tacoma frá 1.460 þús., GMC Sierra C/K 1500, frá 1.690 þús. Sími 552 2000. www.islandus.com.

## Sendibílar



M.Benz Atego árg „02 4.2 D. Ekinn 166 þús km. Frekari uppl í síma 860 8171 Sævar eða Sími 860 8184 Atli.

## Hópferðabílar



**Verktakar, Athafnamenn**
9 sæta Volkswagen Transporter árgerð 2005 4x4 disel ekinn 108þkm O.K Varahlutir s. 696-1050 okspares@simnet.is

## Vörubílar



MAN 33.464 6x6 árg. 10/2000 Dráttarbíll m. færanl. stól. Tvöfalt vökvakerfi m.a. fyrir gámavagn. smurkerfi og olíumiðstöð. 620 þ. km. Getum einnig útvegað fl vinnubíla, vagna og kranabíla. O.K.Varahlutit 696-1050 & 696-1051.



Ný Scania R480 8x4 loftfjaðrandi með Hiab 800E-6+jib 170-5 (80 t/m) fastur pallur m skjólborðum og gámalásum. Getum útvegað þennann bíl strax erlendis frá ásamt fleiri Bílum og atvinnutækjum O.K.Varahlutir s 534-3441 & 696-1050

Tilboð óskast í Man 12240 árg. (nóv) 2005. Uppl. í s. 892 8888 og hjá Krafti ehf. (MAN umboðið).

## Húsbílar

Fiat Europa '90 1,4td 6 m., svefnp. 6+, ás. v. 1790 þ. tilb. 1590 þ. S. 820 5698.

## Mótorhjól



Svart Suzuki VZR '07, 1800 125 hö. ek. 1500 km. Eins og nýtt. Ásett verð 1.600.000 kr. Auka búnaður 200.000 kr Uppl. í síma 848 1200.





Til sölu endurohjól shineray. Götuskráð, svart, nánast ókeyrt. Verð 149.900 kr. Og Eendurohjól alveg ókeyrt. Blátt, ekki hægt að götskrá. Verð 149.900. Uppl. í s. 567 2700.



Kawazaki Vulkan Classic 800 til sölu. Uppl. í síma 898-2504

Vespa til sölu, ókeyrð, 85þ. Go kart 150þ. Suzuki rm 85cc, árg. 2006 290þ. Stór bensíntankur og extra lágt sæti á KTM exc. Uppl. í s. 696 3307

## Hjólhýsi



Palomino Maverick 1000 pallhýsi, rétt verð 2.298 þús, tilboðsverð1.800 þús. Seglagerðin Ægir - Eyjarslóð 5, 101 Reykjavík - Sími: 511 2200



Til sölu nýtt Tabbert Da Vinci 540 hjólhýsi, kojuhús með 3 hæða koju, klósett, sturta, 2x vaskar, ísskápur. Verð 3.490 þ. Tilboð 2.990 þ. Skoða skipti. S. 860 1998.



LMC 520 Dominant árg. 2006, eins og nýtt hlaðið aukahlutum. Sólarsella, markísa, grjótgrind, stór ískápur og frystir, DVD, sjónvarp, útvarp ofl. Ásett 2,7m. Uppl. 893 4416 eða aolar@simnet.is.

Til sölu Hjólhýsi Knaus 420 árg. '88 í sæmilegu standi. Verð 210 þús. Upplýsingar í síma 899 7386

## Fellihýsi

Camp Let fellihýsi árg. 98 til sölu útdreginn á 3 stöðum,gistipláss fyrir 6.miðstöð,ísskápur og fortjald. Tilboð óskast uppl. í s. 895 5772

Palomino Yearling 11 fet árg 2002. Mjög vel með farið og mikið af aukabúnaði. 2 gaskútar, 2 rafgeymar, 2 sólarsellur, ísskápur og eldavél. Verðhugmynd 650 þús. Uppl í síma 8621487

Vel með farið Palomino Yearling fellihýsi, m/fortjaldi, geymslukassa, seltjöldum, grjótgrind ofl. V. 1290. þ. Áhv. ca 720þ. Uppl. S 821 0983.

Til sölu vel með farið Viking fellihýsi árg.2001 fortjald og sólarsella verð 650þ S;5671956 8224437

Vel með farið Palomino Yearling árg. 2003. Fortjald ,grjótgrind, 2 gaskútar ,rafgeymar, svefntjald, ísskápur og miðstöð og gasskynjari fylgir . Selst yfirfarið og vottað af Seglagerðinni Ægi. Verð 920.000.- Upplýsingar í síma 699-5463.

PALOMINO COLT '05 100% lán Lítið notað.Truma miðst.stór sella, fortjald, svefntjöld, grjótvörn útvarp. h+k vatn. verð 990.000 100% lán mögul. ca 35þ. á mán. uppl. í síma 824 1840

## Pallhýsi

**Travel Lite Pallhýsi**
Erum að taka heim síðustu húsin á 64 kr. pr. $ Vel útbúin,tilbúin á bílinn, skemmtilegustu fríin, Ferðapallhýsi Oddagötu 8 Rvk s. 663 4646

## Tjaldvagnar

Til sölu Combi Camp Family '95. Upplýsingar í síma. 893 5210.

## Vinnuvélar




## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla.
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Grænumýri 3 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

**Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala**
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284, partasolur.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í Imprezu '97. Uppl. í s. 896 8568.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



# HÚSIN Í BORGINNI ... það borgar sig!

- Ekkert skoðunar- og skráningargjald.
- Ekkert gagnaöflunargjald.
- Ekkert umsýslugjald fyrir seljanda.
- Framúrskarandi þjónusta og ráðgjöf á sviði fasteignaviðskipta.
- Við stöndum vaktina frá upphafi til enda með bros á vör.
- Löggiltir fasteignasalar með þér alla leið.

Telma Róbertsdóttir
Löggiltur fasteignasali

HÚSIN Í BORGINNI
FASTEIGNASALA

Frum

HÚSIN Í BORGINNI • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • Fax 511 5009 • www.husin.is



# fasteignir

28. JÚLÍ 2008









Eignin er tignarleg og á rólegum stað í Reykjavík.

# Perla í hjarta Reykjavíkur

**Fasteignasalan Domus hefur til sölu fallegt einbýlishús sem endurnýjað hefur verið að utan sem innan.**

Um er að ræða vel viðhaldið einbýli með stórri lóð í hjarta Reykjavíkur. Gengið er inn á miðhæð hússins en forstofan er með flísalögðu gólfi. Á miðhæðinni er gegnheilt hickory-parket sem lagt hefur verið þannig að auðvelt er að fjarlægja veggi án þess að skemma gólfið. Eldhúsið er rúmgott með nýlegri innréttingu og flísum á milli skápa. Þrjú svefnherbergi eru á miðhæðinni, öll með hickory-parketi á gólfum. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf með baðkari og glugga.

Gólfin á efri hæð hússins eru upprunaleg, úr gegnheilli furu sem hefur verið pússuð og lökkuð. Efri hæðin er nú nýtt sem stofa, vinnurými, baðherbergi og hjónaherbergi en auðvelt væri að breyta rýminu í annað.

Kjallarinn hefur verið endurnýjaður og gerður að stúdíóíbúð með sérinngangi, flísum á gólfi og gólfhita. Garðurinn er fallegur og gróinn og bílastæði eru beggja vegna hússins.

Nánari upplýsingar fást hjá Halldóri í síma 8402100 eða Elsu Björg í síma 6646013 en þau starfa bæði hjá fasteignasölunni Domus á Laugarvegi 97.





Það er engin ástæða til að horfa á heiminn
í svarthvítu. SIBA–ÞAKRENNUKERFI í fjölda lita

BLIKKÁS – FUNI
Smiðjuvegi 74 – 200 Kópavogi – Sími 515 8700
www.funi.is – www.blikkas.is





Frum

**Á ils.is getur þú:**

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

**Önnur þjónusta á ils.is:**

- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

## Kynntu þér lánakjörin á ils.is

**Greiðslumat**
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

**Lánsumsókn**
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

# Fróðaþing 6

203 Kópavogur
Einbýli á parhúsaverði

**Stærð: 229,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 2006**
**Brunabótamat: 51.350.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind





**ATH ÖLL SKIPTI SKOÐUÐ** | **Verð: 69.900.000**

Hannes og Teymi kynna: Glæsilegt 229 fm einbýli á einni hæð þar af 36 fm bílskúr. Eikarparket og náttúrusteinn er á gólfum og eikarviður er í innréttingum og hurðum. Húsið er hraunað að utan, en lóð er ekki fullfrágengin, búið er að taka hæðir og búið er að skipta um jarðveg þar sem þess þarf. Fjögur rúmgóð svefnherbergi með fataskápum. Glæsilegt baðherbergi með baðkari og sturtu, flísalagt með náttúrustein og hvítum flísum. Innf. lýsing er í öllum loftum, lofthæð töluverð í stofu og borðstofu.



Kristín Skjaldard
Sölufulltrúi
**824 4031**
kristins@remax.is


Hannes Steindórs.
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is


**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

# Grandavegur 4

107 Reykjavík
Frábær staðsetning

**Stærð: 99,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1960**
**Brunabótamat: 16.550.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind






**ÞRIÐJUDAGINN 29.JÚLÍ KL 18:00-18:30** | **Verð: 27.900.000**

Björt og skemmtileg 3 herbergja íbúð á frábærum stað við Grandaveg. Vel skipulögð með stórum gluggum og rúmgóðum herbergjum, stórum borðkrók í eldhúsi og góðri opinni stofu. Eikarparket er á allri íbúð nema á baðherbergi sem er nýlega flísalagt í hólf og gólf með góðri sturtu. Eldhúsið er með nýrri innréttingu og tengi fyrir uppþvottavél og stórum borðkrók. Útgengt er út á svalir úr svefnherbergi með útsýni út í stóran, gróinn garð. Góð geymsla í sameign.Íbúðin er laus til afhendingar.



Kristín Skjaldard
Sölufulltrúi
**824 4031**
kristins@remax.is


Hannes Steindórs.
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is


**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

# Barðavogur 36

104 Reykjavík
Virðulegt hús-miklir möguleikar

**Stærð: 434 fm**
**Fjöldi herbergja: 12**
**Byggingarár: 1954**
**Brunabótamat: 52.980.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Skeifan




**Opið hús í dag kl 19:00 til 19:30** | **Verð: 83.000.000**




Hús sem býður upp á mikla möguleika . Skifti á ódýrari eign/eignum koma til greina. Stórt einbýlishús á þremur hæðum í rótgrónu hverfi. Húsið er 397fm ásamt 37fm bílskúr. Byggingarárið er 1954 og er húsið upprunalegt og þarfnast orðið viðhalds að einhverju leiti þó er búið að endurnýja vatslagnir 1 og 2 hæðar og rafmagnslagnir að mestu leyti en rafmagnstafla er upprunaleg. Húsið er skráð sem tvær eignir, þrír inngangar eru í húsið og því er góður möguleiki á að breita því í þrjár íbúðir.Á hæðinni eru tvö herbergi þrjár stofur,eldhús og baðerbergi.Á efri hæðinni eru fjögur herbergi,eldhús og baðherbergi. Í dag er þriggja herbergja íbúð í kjallaranum sem er í útleigu.Gólfefni eru plastparket á herbergjum en spónaparket á stofugólfi, baðherbergi með lítilli innréttingu sturtuklefa og flísum á gólfi.Í kjallaranum eru líka geymslur,þvottahús og önnur rými.



Ingi Már
Sölufulltrúi
**821 4644**
ingim@remax.is


Elísabet Agnarsd.
Lögg. fasteignasali
elisabet@remax.is


**RE/MAX Skeifan - Faxafen 8 - 108 Reykjavík - Sími: 412 3400 - www.remax.is**

# domus

FASTEIGNASALA


Linda B. Stefánsd.
lögg. fasteignasali
Reykjavík




## 101 Reykjavík

| | |
|---|---|
| **Verð** | 16,9 millj. |
| **Fjöldi herb.** | 2 |
| **Stærð** | 53 fm |
| **Byggingarár** | 1942 |
| **Annað** | Góð fyrsta eign. |

## Mánagata 12

Virkilega notaleg og falleg íbúð á efstu hæð í þríbýlishúsi. Bjart eldhús að hluta endurnýjað með opið inn í stofu, útgengt út á svalir úr stofu. Baðherbergið endurnýjað. Plastparket á gólfum nema á baðherbergi en þar eru flísar á gólfi.


Linda Björk
Stefánsdóttir
Löggiltur
fasteignasali
Sími 664 6015
linda@domus.is





## 101 Reykjavík

| | |
|---|---|
| **Verð** | |
| **Fjöldi herb.** | |
| **Stærð** | 265,3 fm |
| **Byggingarár** | 1922 |
| **Annað** | Eignarlóð |

## Barónsstígur

Heil húseign á góðum stað í miðbænum. Möguleiki á 3-4 íbúðum. Húsið er steinsteypt þriggja hæða tvíbýlishús með risþaki.
Eign sem býður upp á mikla möguleika.


Elsa Þórólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013





## 110 Reykjavík

| | |
|---|---|
| **Verð** | Tilboð |
| **Fjöldi herb.** | 2 |
| **Stærð** | 54,10 fm |
| **Byggingarár** | 1967 |
| **Annað** | Góð fyrsta eign. |

## Hraunbær

Íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli. Eigning skiptist í eldhús, forstofu/hol, stofu svefnherbergi og baðherbergi. Baðherbergið er nýlega endurnýjað. Útgengt er á svalir frá stofu.


Björgvin Víðir
viðskiptastjóri
vidir@domus.is
sími 664 6024





## 112 Grafarvogur

| | |
|---|---|
| **Verð** | 46,9 fm |
| **Fjöldi herb.** | 4 |
| **Stærð** | 152,4 fm |
| **Byggingarár** | 1997 |
| **Annað** | Frábært útsýni. |

## Vættaborgir

Glæsilegt parhús með bílskúr á besta stað í Grafarvogi. Húsið er á tveimur hæðum og er allt hið vandaðasta, svalir á efri hæð, stór og fallegur sólpallur framan við húsið. Spöngin verslunarmiðstöð Grafarvogs í göngufæri, stutt í skóla og leikskóla.


Elsa Þórólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013





## 113 Reykjavík

| | |
|---|---|
| **Verð** | 34,7 millj. |
| **Fjöldi herb.** | 4 |
| **Stærð** | 139,5 fm |
| **Byggingarár** | 2006 |
| **Annað** | Falleg eign. |

## Þorláksgeisli

Falleg og vönduð íbúð í viðhaldslitlu fjölbýli ásamt stæði í bílageymslu á góðum stað. Gólfefni eru eikarparket og flísar. Eldhúsinnrétting og fataskápar eru úr eik sem og innihurðir. Stutt í alla almenna þjónustu og margar fallegar gönguleiðir á svæðinu.


Björgvin Víðir
viðskiptastjóri
vidir@domus.is
sími 664 6024


# *Þökkum eftirtöldum aðilum fyrir stuðninginn*

**Reykjavík**
About Fish Íslandi ehf
Aðalblikk ehf
Alba gistiheimili
Arkform, T.G.M. ráðgjöf
Arkitektastofan Austurvöllur
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
Áltak ehf
B.K.flutningar ehf
Bakarameistarinn ehf
Barnaverndarstofa
Batik ehf
Bifreiðabyggingar sf
Bílasprautun SMS ehf
Bókhaldsþjónusta Gunnars ehf
Danica sjávarafurðir ehf
Dún- og fiður ehf
E.T. ehf
ELO ehf
Endurvinnslan hf
Eyrir fjárfestingafélag ehf
Félagsbústaðir hf
Fiskmarkaðurinn ehf
Fjárfestingafélagið Gaumur ehf
Fraktflutningar ehf
G Hannesson ehf
G. M Verk ehf
GB Tjónaviðgerðir ehf
GlaxoSmithKline
Glitur ehf
GP arkitektar ehf
Grásteinn ehf
Guðmundur Jónasson ehf
Gullmúr ehf
Happadrætti SÍBS
Henson
HGK ehf
HJ bílar ehf
Hókus pókus
Húsalagnir ehf
Húsið fasteignasala
Hvalaskoðun Reykjavík ehf
Höfðakaffi ehf
Iðntré ehf
Íþróttafélagið Fylkir
Kjörgarður
Kjötpól ehf
Kleifarás ehf
KOM almannatengsl
KPMG
Lagnalagerinn ehf
Lindin, kristið útvarp FM 102,9
Matfugl ehf
Matís ehf
Málarakompaníið ehf
Mentis hf
Nexus afþreying ehf
Núðluhúsið
Ósal ehf
Portfarma ehf
Prentlausnir ehf
Rafmiðlun hf
Rafstilling ehf
Rafteikning hf verkfræðistofa FRV
Rolf Johansen & Co ehf
Rögn ehf
Samson eignarhaldsfélag ehf
Seljakirkja
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu
Sjálfstæðisflokkurinn
Skólavefurinn.is
Snæland Grímsson ehf
Stálbyggingar ehf
Sökkull ehf
Tannlæknastofa Egil Kolbeinssonar
Tannréttingar sf
Túnverk ehf
Verðbréfaskráning Íslands hf
Vestmann ehf Lögg. rafverktaki
s. 856 0060
Zeus ehf - heildverslun Sía
Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar

**Seltjarnarnes**
Pendúll ehf
Vökvatækni ehf
Önn ehf, verkfræðistofa

**Vogar**
Sveitarfélagið Vogar
V.P.vélaverkstæði ehf

**Kópavogur**
ALARK arkitektar ehf
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf
Blikksmiðjan Vík ehf
Breiðablik, ungmennafélag
Debenhams á Íslandi ehf
Fagsmíði ehf
Gæðaflutningar ehf
Gæðavörur ehf
Hagblikk ehf
Hegas ehf
Íslandsspil sf
Kópavogsbær
Kraftlind ehf
Kríunes ehf
Lyfja hf
Nýmót ehf
Rörmenn Íslands ehf
Suðurverk hf
Söluturninn Smári
Vídd ehf, flísaverslun

**Garðabær**
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
Haraldur Böðvarsson og co ehf
Ísafoldarprentsmiðja ehf
Kjarnavörur hf
Ris ehf
Smíðaverk ehf
Sportís ehf
Verslunin 10 - 11

**Hafnarfjörður**
Ás, fasteignasala ehf
Finpússning ehf
Fjörukráin - Hótel Víking
Fríkirkjusöfnuðurinn í Hafnarfirði
G.S. múrverk ehf
Garðafell ehf
Gunnars majónes hf
J.K. Lagnir ehf
Klæðning ehf
Lerkiverktakar ehf
Rafgeymasalan ehf, verkstæði
Reebok Ísland ehf
Sign ehf
Sigyn ehf
Skógræktarfélag Hafnarfjarðar
Sviðsmyndir ehf
Tölvustoð ehf
Verkalýðsfélagið Hlíf
www.gardyrkjan.is

**Reykjanesbær**
ÁÁ verktakar ehf
Bílaleiga J & S
Cabo ehf
Fasteignamiðlun Reykjanesbæ ehf
Húsanes ehf, byggingarverktakar
Íslenska félagið ehf
Nesprýði ehf
Nesraf ehf
Slakki ehf
Toyota, Reykjanesbæ
Verkfræðistofa Suðurnesja hf
Verslunarmannafélag Suðurnesja

**Grindavík**
Þorbjörn hf

**Mosfellsbær**
Elektrus ehf - löggiltir rafverktakar
Eyjaberg ehf
Glertækni ehf
Ingimundur Magnússon ehf
Múrgæði ehf
Nýja bílasmiðjan hf

**Akranes**
Apótek Vesturlands ehf
GT Tækni ehf
Runólfur Hallfreðsson ehf
Sjónglerið ehf
Sýslumannsembættið á Akranesi
Vesturleiðir - hópferðabílar s: 840 6940, 896 0755
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf

**Borgarnes**
Borgarbyggð
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf
Ferðaþjónustan Húsafelli ehf
Félagsbúið Mófellsstöðum sf
Hreðavatnsskáli
Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi
Solo hársnyrtistofa sf
Sæmundur Sigmundsson ehf
Tannlæknastofa Hilmis ehf
Vatnsverk-Guðjón og Árni ehf
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf

**Stykkishólmur**
Bókhalds-/rekstrarþjónustan sf

**Grundarfjörður**
Hótel Framnes

**Ólafsvík**
Ferskur ehf
Þrif og þjónusta ehf

**Hellissandur**
Hjallasandur ehf
Nónvarða ehf

**Ísafjörður**
Bílaverið ehf
Bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar
Eyrún Leifsdóttir
Hamraborg ehf
Snerpa ehf

**Bolungarvík**
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf

**Súðavík**
Súðavíkurhreppur
Víkurbúðin ehf

**Flateyri**
Sjávargæði ehf
VÁ VEST, félag um vímuefnaforvarnir

**Patreksfjörður**
Vesturbyggð

**Tálknafjörður**
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf
Þórberg hf

**Drangsnes**
Útgerðarfélagið Gummi ehf

**Norðurfjörður**
Árneskirkja

**Hvammstangi**
Villi Valli ehf

**Blönduós**
Hársnyrtistofan Flix ehf
Hótel Blönduós
Húnavatnshreppur

**Skagaströnd**
Trésmiðja Helga Gunnarssonar ehf

**Sauðárkrókur**
Kaupfélag Skagfirðinga

**Varmahlíð**
Akrahreppur Skagafirði

**Hofsós**
Íslenska fánasaumastofan ehf

**Siglufjörður**
Egilssíld ehf

**Akureyri**
Bautinn og Smiðjan, veitingasala
Blikkrás ehf
Eining-Iðja, www.ein.is
Ferðaskrifstofa Akureyrar
Félag verslunar- og skrifstofufólks
Girðingarþjónustan Litluhlíð ehf
Haukur og Bessi tannlæknar
Hótel Akureyri
Kjarnafæði hf
Knattspyrnufélag Akureyrar
Túnþökusala Kristins ehf

**Grímsey**
Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf

**Dalvík**
J.L. Suðuplast ehf
Tannlæknastofan á Dalvík

**Húsavík**
Vermir sf

**Egilsstaðir**
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
Hraðbúð ESSO www.khb.is
Rafholt Austurlandi ehf
Skógar ehf

**Seyðisfjörður**
Seyðisfjarðarkaupstaður

**Reyðarfjörður**
Tærgesen ehf

**Höfn í Hornafirði**
Jökulfell ehf

**Selfoss**
Árvirkinn ehf
Esekiel ehf
Hitaveita Frambæja
Hveratún ehf
Jeppasmiðjan ehf
Múr og smiði ehf
Plastiðjan ehf
Pylsuvagninn Selfossi
Rafhönnun og ráðgjöf ehf
Set ehf, röraverksmiðja
Skeiðahreppur og Gnúpverjahreppur
Stokkar og steinar sf
Veitingastaðurinn Menam
Verkfræðistofa Guðjóns

**Hveragerði**
BP Skrúðgarðar ehf
Eldhestar ehf
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði
www.hnlfi.is
Hveragerðiskirkja

**Þorlákshöfn**
Frostfiskur ehf

**Flúðir**
Gröfutækni ehf

**Hella**
Hótel Rangá, við Hellu
Rangárþing - Ytra
Sólfugl ehf

**Kirkjubæjarklaustur**
Búval ehf - Kirkjubæjarklaustur

**Vestmannaeyjar**
Alþrif ehf
Heimavík ehf
Huginn ehf
Kaffi María
Ystiklettur ehf

**Fiskmarkaður Siglufjarðar ehf.**

Mánagötu 4-6
Sími :467-1205 / 692-5060 / 869-4441

FMSI býður upp á slægingarþjónustu- og veitir löndunar- & lyftaraþjónustu fyrir báta sem landa á Siglufirði.

Bjóðum landsmenn velkomna á Síldarævintýrið á Siglufirði!



# siglufjörður

MÁNUDAGUR 28. JÚLÍ 2008



## Síldarævintýrið

**er hátíð með skemmtiefni fyrir alla fjölskylduna**

BLS. 2



MYND/STEINGRÍMUR KRISTINSSON





# Ferðaþjónusta Siglufjarðar

býður upp á Heimagistingu
skoðunarferðir á sjó og landi
sjóstangveiði og leggjum áherslu á
persónulega þjónustu. fyrir gesti okkar.
Frábært tækifæri til að upplifa lífið í
Íslensku sjávarþorpi frá nýrri hlið.

www.siglo-travel.is siguro@simnet.is
Hverfisgata 5a • Siglufjörður • 467-2293









Í byrjun 20. aldar var á Siglufirði lítið þorp, hálfnorskt, sem óx svo hratt að Siglufjörður öðlaðist kaupstaðarréttindi árið 1918 og varð um leið sjálfstætt lögsagnarumdæmi. Um miðja öldina var staðurinn orðinn einn af stærstu kaupstöðum landsins.

MYND/STEINGRÍMUR KRISTINSSON

# Viðburðarík saga

Siglufjörður er nyrsti kaupstaðurinn á Íslandi og stendur við lítinn, samnefndan fjörð, undir háum fjöllum.

Þökk sé síldinni og því að Siglufjörður er með eina bestu höfn landsins frá náttúrunnar hendi varð þetta litla og fámenna þorp að fimmta stærsta bæ landsins með yfir 3.000 íbúa á aðeins 40 árum. Nú eru íbúarnir um 1.300.

Undirstöðuatvinna þeirra hefur alltaf verið fiskveiðar og vinnsla á sjávarfangi. Þar eins og annarsstaðar hefur orðið mikil breyting á atvinnuháttum og störfum í sjávarútvegi hefur fækkað um 300. Ýmis þjónustustörf og fjarvinnsla fyrir stofnanir er nú orðin mikilvægur hlekkur í atvinnulífi bæjarins og horfa bæjarbúar meðal annars til fjölgunar starfa á þeim sviðum sem vaxtabrodd í atvinnumálum.

Saga Siglufjarðar er viðburðarík, gengi fiskveiða og sjávarútvegsfyrirtækja hefur risið og hnigið á víxl. Á ýmsan hátt ber hann þess enn merki að hafa verið höfuðborg síldveiðanna í Norður-Atlantshafi um langt skeið.

Sveitarfélagið Fjallabyggð varð til við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar árið 2006. Þar búa nú um 2.200 manns.

*-nrg*



Síldarævintýrið er fjölskylduhátíð þar sem leitast er við að bjóða upp á frábært úrval afþreyingar og skemmtiefnis fyrir alla aldurshópa.

MYND/STEINGRÍMUR KRISTINSSON

# Stórættarmót Siglfirðinga

**Magnús Ólafsson hjá Fjallabyggð hefur haft veg og vanda af skipulagningu Síldarævintýrisins á Siglufirði. Hann segir dagskrána fjölbreytta sem fyrr.**



Síldarævintýrið er hátíð þar sem keppst er við að endurskapa liðna tíma.

MYND/STEINGRÍMUR KRISTINSSON

Magnús Ólafsson hjá Fjallabyggð hefur yfirumsjón með Síldarævintýrinu sem haldið verður á Siglufirði um Verslunarmannahelgina. „Síldarævintýrið er fjölskylduhátíð,“ segir Magnús og bætir við að þetta sé hátíð þar sem Siglfirðingar bjóði heim. „Við sækjum gamla Siglfirðinga sem fluttir eru úr bænum og fáum þá til að vera með okkur. Nefna má gamla Siglfirðinga eins og Þorvald Halldórsson bassasöngvara og Gylfa Ægisson í því samhengi. Þeir munu standa fyrir fjöldasöng í Bátahúsinu og heitir sýningin Óskalög sjómanna.“

Að sögn Magnúsar verður ýmislegt um að vera. „Nóg verður í boði fyrir börnin. Má þar nefna að Doktor Gunni og Abbababb verða á staðnum, haldin verður söngvakeppni, keppni í dorgveiði og boðið upp á andlitsmálun og Sprell-leiktæki.“

Dansleikir verða haldnir bæði utan og innandyra og skemmtidagskrá á ráðhústorginu að degi til og á kvöldin. Meðal þeirra sem koma fram eru Páll Óskar, Eyþór Ingi úr Bandinu hans Bubba og hljómsveitirnar Bermúda, Silfur, Heldri menn, Bátsmannatríóið, Tröllaskagahraðlestin og Miðaldamenn með Sturlaug Kristjánsson í fararbroddi.

„Við leggjum áherslu á að virkja fólkið í bænum. Gido og Thiago eru fjölhæfir listamenn frá Brasilíu sem hafa búið hér á Siglufriði í tvö ár og ætla að spila á hljóðfæri og syngja. Margot Kiis, jazzsöngkona frá Eistlandi, mun syngja. Síðan verður messað í Hvanneyrarskál og Gústa guðsmanns minnst.“

Hið árlega sjóstangveiðimót Sjósigl hefur verið fastur liður á hátíðinni og ekki verður brugðið út af þeim vana að sögn Magnúsar. Einnig verður boðið upp á golfmót, hestaferð, gönguferð, fjallahlaup og myndlistarsýningar. Sýning Jóhönnu Bogadóttur, sem hún kallar Hátíð hafsins, verður sett upp. Ekki má gleyma sýningunni í Bátahúsinu þar sem síldarstúlkur salta síld við undirleik harmonikkutóna.

*-vg*



Örlygur Kristfinnsson segir Síldarminjasafnið varðveita ótrúlega sögu.

MYND/STEINGRÍMUR KRISTINSSON

# Aftur til fortíðar

Haft er á orði að Síldarminjasafnið á Siglufirði sé magnað safn, en þar er hægt að kynna sér síldveiðar og vinnslu á silfri hafsins í þremur húsum. Safnið hlaut Evrópu-gullverðlaun í flokki iðnaðarsafna árið 2004 og var það í fyrsta skipti sem íslenskt safn tók þátt í þessari virtu keppni. Örlygur Kristfinnsson safnstjóri Síldarminjasafnsins segir að allt frumkvæði að uppbyggingu þess, sem var formlega opnað árið 1994, hafi upphaflega komið frá heimamönnum sjálfum.

„Mönnum var mikið í mun að varðveita þessa ótrúlegu sögu síldarævintýrisins á Siglufirði,“ bendir Örlygur á, en hann hefur séð um að setja upp sýningar safnsins frá stofnun þess. En hvað varðar umfang sýningarrarýmis þá er Síldarminjasafnið þriðja stærsta safnið á landinu næst á eftir Listasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafninu. „Þegar Evrópsku safnaverðlaunin voru veitt var Bátahúsið reyndar ekki komið, en það er síðasti áfanginn sem við höfum ráðist í nú við uppbyggingu safnsins.“



Haft er á orði að Síldarminjasafnið á Siglufirði sé magnað safn, en þar er hægt að kynnast síldarævintýri Íslendinga.

MYND/STEINGRÍMUR KRISTINSSON.

Aníta Elefsen safnvörður segir að Bátahúsið sé mikið notað undir tónleika. Frá fyrsta laugardeginum í júlí og fram yfir verslunarmannahelgi stendur yfir hin svokallaða Söltunar-sýning þar sem áhorfendum gefst kostur á að upplifa síldarstemninguna eins og hún var. Um verslunarmannahelgina verður þar haldinn fjöldasöngur þar sem sjómannalögin verða sungin. „Á safninu er svo hægt að koma auga á gömlu ballkjólana sem síldardömurnar klæddust á síldarböllunum. Þá og annan aðbúnað stúlknanna er hægt að skoða á efri hæð Roaldsbragga,“ bendir Aníta á og segir að snerta megi kjólana eins og aðra muni safnsins.

*-vg*

# Hlaðborð af kræsingum

Fiskbúð Siglufjarðar er staðsett í hjarta bæjarins á Aðalgötunni við Ráðhústorgið. Hjónin Eysteinn Aðalsteinsson og Arnfinna Björnsdóttir reka búðina en þar hafa þau staðið vaktina í nær þrjá áratugi.

Fiskbúðin hefur verið mikill samkomustaður bæjarbúa í gegnum árin og er enn. Raunar allt frá þeim tíma þegar Síldarævintýrið stóð sem hæst í kringum 1955, en á því herrans ári var fiskbúðin sett á laggirnar. Í hugum bæjarbúa og annarra sem þekkja til Siglufjarðar setur fiskbúðin mikinn svip á bæinn.



Eysteinn Aðalsteinsson rekur Fiskbúð Siglufjarðar ásamt eiginkonu sinni Arnfinnu Björnsdóttur. Hér er hann ásamt dóttur sinni, listakonunni Aðalheiði Sigríði Eysteinsdóttur.

MYND/STEINGRÍMUR KRISTINSSON

„Það líta allir inn í fiskbúðina,“ segir Eysteinn, sem býður ævinlega upp á eyfirskt kaffi eins og hann orðar það, og á þá við kaffi sem brennt er af Kaffibrennslu Akureyrar. Mikið hefur verið spjallað saman í fiskbúð Siglufjarðar í gegnum tíðina og Eysteinn neitar því ekki að ýmsir þjóðþekktir menn hafi litið í heimsókn. „Kristján Möller núverandi samgönguráðherra hef ég þekkt síðan hann var polli, en hann kíkir ævinlega við hjá mér þegar hann er í bænum.“

Aðspurður út í vöruúrvalið og kaupmennskuna bendir Eysteinn á að fleira en hið hefðbundna sé að finna í búðinni og vísar til ýsunnar, þorsksins og lúðunnar í því samhengi. Enda er þar að finna prýðis úrval af helstu nýlenduvörum fyrir heimilið, allt frá kjötbollum til grænna bauna. „Ég er eiginlega kaupmaðurinn á horninu hérna á Sigló,“ segir hann og bætir við að til standi að hafa alls kyns kræsingar fyrir gesti og gangandi meðan á Síldarævintýrinu stendur, eins og harðfisk, svið, síld og fleira.

*-vg*



35 ÁRA
FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ
SEM UM MUNAR!
80% LÁN
350.000
AFMÆLISAFSLÁTTUR
AF VÖLDUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM
+ 350.000
AUKAHLUTAPAKKI
FYLGIR VÖLDUM HÚSBÍLUM
LMC FAVORIT 520
350.000
AFMÆLISAFSLÁTTUR
+ 350.000
AUKAHLUTAPAKKI
VIÐ ERUM Í AFMÆLISSKAPI:
SVEIGJANLEGIR SAMNINGS-MÖGULEIKAR!
VÍKUR VERK
VELDU ÞAÐ BESTA!
WWW.VIKURVERK.IS
VÍKURHVARFI 6 SÍMI 557 7720

# Búin helstu þægindum

Nokkur gistiheimili eru staðsett á Siglufirði. Við Túngötu 18 á Siglufirði stendur reisulegt hús á þremur hæðum, sem hefur verið gert upp. Í því eru tvær íbúðir. Á efri hæðum er stór íbúð með fimm herbergjum, eldhúsi, stofum og baðherbergi en á þeirri neðstu er stofa, eldhús, svefnherbergi og bað.

Gistihúsið Hvanneyri við Aðalgötu 10, hefur verið rekið í ellefu ár. Það er búið 22 herbergjum, annað hvort einstaklingsherbergjum eða tveggja manna herbergjum og eru sum með setustofu. Öll eru vel búin húsgögnum og fallega innréttuð.

Þá býður Ferðaþjónusta Siglufjarðar upp á gistingu í þremur tveggja manna herbergjum með sérinngangi og útbúnum öllum helstu nútímaþægindum. Í öllum herbergjum er gervihnattasjónvarp, sturta, handklæðaofn og náttsloppar, fyrir gesti eftir góða afslöppun í heitapottinum. Eitt herbergi er með baðkari.

Nánari upplýsingar á www.fjallabyggd.is.



Gistihúsið Hvanneyri hefur verið rekið í ellefu ár. MYND/STEINGRÍMUR KRISTINSSON

# Greiðviknir trillukarlar

Ferðaþjónusta Siglufjarðar býður upp á hvalaskoðun, línuveiðar og beitningu, sjóstangveiði, miðnætursiglingar, siglingar til Grímseyjar og yfir heimskautsbaug. Í Ólafsfirði er ekki um að ræða skipulagðar ferðir og þjónustu, en trillukarlarnir eru viðmótsþýðir og greiðviknir. Líkur eru á að finna trillukarla á spjalli í „Mummabúð“ (Merkt „Valberg“) í Strandgötu finnist enginn á bryggjunni.



Hvalaskoðun er í boði. NORDICPHOTOS/AFP




Höfum margra ára reynslu í byggingarframkvæmdum og alls konar trésmíðavinnu

BERG EHF.
BYGGINGARFYRIRTÆKI
Norðurgötu 16 Siglufirði.
Símar: 4671655 & 8931912






Mýkjandi fótabað, brakandi kælifroða, hælsærisplástrar.

Allt sem þarf til að dekra við fæturna fyrir og eftir gönguferðina.




Scholl snyrtitaska á frábæru tilboðsverði.



Siglufjarðar Apótek

Aðalgötu 34, 580 Siglufirði. Sími 467-2222 Fax 467-1905




Þjóðlagahátíðin á Siglufirði er alhliða tónlistarhátíð með rót sína í þjóðlagaarfinum. Á hátíðinni hefur tónlist fjölmargra þjóða verið kynnt auk þess sem íslensk þjóðlög sitja ætíð í öndvegi. Norska Tríóið Sturm und Drang sést hér leika fyrir dansi á hátíðinni. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Vagga íslenskra þjóðlaga

**Í Þjóðlagasetrinu eru íslensk þjóðlög kynnt á aðgengilegan og skemmtilegan hátt.**

Fjölbreytt menningarlíf er á Siglufirði og sem dæmi um það má nefna starfsemi Þjóðlagasetursins þar sem íslensk þjóðlög eru kynnt á aðgengilegan og skemmtilegan máta.

„Siglfirðingurinn Þórarinn Hannesson söngvaskáld mun flyta frumsamið efni næstkomandi laugardag,“ segir Gunnsteinn Ólafsson, forstöðumaður Þjóðlagasetursins. „Það sem eftir lifir sumars verða síðan nokkrir tónleikar haldnir í setrinu, svokallaðir sumartónleikar, þar sem flutt eru íslensk þjóðlög. Það færist í vöxt að húsið sé notað undir menningaruppákomur, ljóðlestur og tónleika. Við viljum að það sé notað í þetta og hvetjum eindregið til þess.“

Þjóðlagahátíðin, sem fór fram nú í júlíbyrjun, er hluti af og reyndar árlegur hápunktur starfseminnar í setrinu. Þá tróðu upp hljómsveitir hvaðanæva að úr heiminum, Bandaríkjunum, Ástralíu, Þýskalandi, Austurríki, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi ásamt heimamönnum. „Þetta var mikil hátíð,“ segir Gunnsteinn, sem er jafnframt listrænn stjórnandi hátíðarinnar. „Þegar það eru fluttar fréttir af hátíðum þá er það yfirleitt hversu margir sátu fangageymslur, en ef allir haga sér vel er ekkert sagt frá viðkomandi hátíð. Þetta var mjög vel sótt og fór vel fram.“

Þess má jafnframt geta að í setrinu er tvær sýningar sem hafa verið þar síðan 2006 og voru þá opnaðar í tilefni af aldarafmæli bókarinnar Íslensk Þjóðlög eftir séra Bjarna Þorsteinsson. Á annarri sýningunni er varpað ljósi á starf séra Bjarna, hvernig hann safnaði þjóðlögum og bjargaði frá glötun.

„Bókin Íslensk Þjóðlög gefin út 1906 er ótrúlega mikils virði fyrir menningu okkar Íslendinga og er þriðji hlutinn lang verðmætastur,“ segir Gunnsteinn. „Þar skrifaði Bjarni lög upp eftir fólki og bað íbúa landsins, aðallega presta og tónlistarmenn, að senda sér lög.“ Á meðal laga sem hefðu getað fallið í gleymskunnar dá nefnir Gunnsteinn Krummi svaf í klettagjá, Ísland farsældar frón og Listamaðurinn lengi þar við undi. Á hinni sýningunni er síðan hægt að hlýða á upptökur á þjóðlagaflutningi núlifandi Íslendinga. -nrg

# Fjölbreytt ferðamannaparadís

Siglufjörður hefur þá sérstöðu miðað við mörg íslensk bæjarfélög að smábátahöfnin er alveg við hliðina á aðaltorgi bæjarins. Rauðka ehf. keypti nýverið upp eignir á svæðinu, gamlar verbúðir og fiskverkunarhús í grennd, með það fyrir augum að byggja upp glæsilega ferðamannaaðstöðu sem áætlað er að verði tilbúin árið 2010.

„Við erum með átta til tíu manns í vinnu við að byggja þetta upp,“ segir Róbert Guðfinnsson, fyrrverandi útgerðarmaður og aðalhvatamaður verkefnisins, sem er búsettur í Bandaríkjunum. „Með mér í þessu er Sparisjóður Siglufjarðar, Byggðasjóður á smá hlut í þessu og svo Hörður Júlíusson félagi minn. Við ætlum að gera svæðið snyrtilegt og fallegt og höfða til íslensks fjölskyldufólks sem kæmi í styttri ferðir. Það verður boðið upp á afþreyingu, meðal annars sjóstangaveiði og annað sem bærinn hefur upp á að bjóða.“



Róbert Guðfinnsson vinnur að því að bæta ferðamannaaðstöðu á Siglufirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Í tveimur stórum húsum þar sem áður voru verbúðir verður veitingahús og vinnuaðstaða fyrir handverksfólk. Milli húsanna verður skjólgott pláss til að sitja úti á sólríkum dögum, drekka kaffi og hafa það huggulegt. Gistirýmum í bænum mun fjölga, þar sem Rauðka áætlar að breyta rað- og parhúsum í gistiaðstöðy fyrir ferðamenn, og gamla frystihúsið Ísafold og aðrar skemmur verða gerð upp til afnota handa trillukörlum á svæðinu, þar sem starfssemi þeirra mun setja svip á lífið við smábátahöfnina.

„Svo við erum að búa okkur undir að taka á móti aukinni ferðamennsku til Siglufjarðar og laða túrista að,“ segir Róbert. „Jón Steinar Ragnarsson er aðalhönnuðurinn að leikmyndinni ef hana má kalla því nafni, því hann er aðallega leikmyndahönnuður og fékk meðal annars Edduverðlaun fyrir leikmyndina í Nóa Albínóa.“

Því er aldrei að vita nema ferðamönnunum eigi eftir að finnast þeir vera staddir í bíómynd á torginu við höfnina og í verbúðunum á Siglufirði. -nrg

SIGLUFJÖRÐUR

# Síldarævintýrið 2008




## Fimmtudagur 31. júlí

**Siglufjarðarkirkja**
Kl. 20:00 Kertastund í Siglufjarðarkirkju
Þorvaldur Halldórsson,

**Bíósalurinn**
Kl. 23:00 Diskótek frítt inn

**Bíóbar**
Kl. 23:00 Eisi Kristjáns lemur strengi

**Allinn**
Kl. 23:00 Forsæludansleikur frítt inn
Tekið forskot á sæluna

Á Siglufirði eru frábær tjaldstæði í hjarta bæjarins og við Stóra-Bola, gistingu er einnig hægt að fá innan dyra á gistiheimilinu Hvanneyri. Sundlaugin verður opin frá morgni til kvölds og verslanir hafa rúman opnunartíma. Góður golfvöllur er til staðar og skemmtilegar gönguleiðir við allra hæfi í næsta nágrenni og hægt verður að aka yfir hið stórfenglega Siglufjarðarskarð.

## Föstudagur 1. ágúst

Hátíðin í ár verður sérlega glæsileg
og getur öll fjölskyldan fundið dagskrárliði við sitt hæfi

**Ráðhúsið**
Myndlistarsýning
Jóhanna Bogadóttir

**Leikfélagshúsið Suðurgötu 10.**
Myndlistarsýning
Gylfi Ægisson

**Togarabryggjan**
Kl. 14:30 Tekið á móti sjóstangveiðimönnum

**Ráðhústorg**
Kl. 16.00 Upphitun á Torginu
Harmonikkuleikarinn Stúlli
Hljómsveitin Heldri menn
Dúettinn Ragna Dís og Fannar

**Blöndalslóð**
Kl. 17:00 Sprell leiktæki opið fram á kvöld.

**Ráðhústorg**
Kl. 20:00 Tónleikar á sviði
Gylfi Ægisson fjöldasöngur
Dúettinn Stúlli og Dúi
Páll Óskar
Tröllskagahraðlestin heldur upp fjöri fram á nótt.

**Bíósalurinn**
Kl. 23:00 Páll Óskar

**Allinn**
Kl. 23:00 Dúettinn Stúlli og Dúi

## Laugardagur 2. ágúst

**Skarðshlaup**
Kl. 11:00 Hlaupið í skarðið.

**Golfvölurinn að Hóli**
Kl. 11:00 Opna SPS golfmótið.

**Blöndalslóð**
Kl. 13:00 Sprell leiktæki opið fram á kvöld.

**Ráðhústorg**
Kl. 14:00 Tónleikar
Söltunargengi tekur lagið
Óskalög sjómanna
Gylfi Ægisson og hljómsveit
Dúettinn Ragna Dís og Fannar
jasssöngkonan Margot Kiis
Dúettinn Tóti og Danni

**Togarabryggja**
Kl. 14:30 Tekið á móti sjóstangveiðimönnum

**Síldarminjasafn**
Kl. 15:00 - 16:00
Söltunarsýning
Bryggjuball
Harmonikkutónlist

**Bíósalurinn**
Kl. 16:00 Haf– liðar afhenda gjöf
til Siglufjarðar.

**Síldarminjasafn**
Kl. 17:00 Opnun á vef um örnefni
Siglufjarðar og nágrennis

**Þjóðlagasetur**
Kl. 17:00 Tónleikar
Þórarinn Hannesson og fleiri.

**Bátahúsið**
Kl. 20:00 Óskalög sjómanna
Á frívaktinni
Þorvaldur, Gylfi, Theodór,
Dúi og fleiri.

**Ráðhústorg**
Kl. 21:00 Tónleikar á sviði
Gísli Rúnar og Rúnar Sveins
Hljómsveitin Bermúda
Eyþór Ingi og hljómsveit
Tröllskagahraðlestin
heldur upp fjöri fram á nótt.

**Allinn**
Kl. 23:00 Dúettinn Stúlli og Dúi

**Bíósalurinn**
Kl. 23:00 Hljómsveitin Bermúda

**Bíóbar**
Kl. 23:00 Eisi Kristjáns Lemur strengi

**Austan við Síldarminjasafnið**
Kl. 24:00 Varðeldur og flugeldasýning

SIGLUFJÖRÐUR

# Síldarævintýrið 2008

## Sunnudagur 3. ágúst

Löggæsla á hátíðinni verður ströng og munu lögregla og björgunarsveitir vera til taks allan sólarhringinn en einnig er mjög góð heilsugæsla í bænum sem verður í viðbragðsstöðu alla helgina.

**Gönguferð**
Kl. 08:00 Frá Ólafsfirði í Héðinsfjörð og
þaðan til Siglufjarðar.
Sætaferðir frá Siglufirði kl. 07:00

**Hestaferð**
Kl. 11:30 Hestamannafélagið Glæsir
ríður fylktu liði upp í Hvanneyrarskál

**Hvanneyrarskál**
Kl. 12:00 Helgistund - Umsjón Júlíus Hraunberg

**Golfvöllurinn að Hóli**
Kl. 13:00 Opna Bás golfmótið

**Blöndalslóð**
Kl. 13:00 Sprell leiktæki opið fram á kvöld.

**Ráðhústorg**
Kl. 14:00 Tónleikar
Söltunargengi tekur lagið
Bátsmannstríóið
Frá Óperu til Idols
Duettinn Gido og Thiago
Þorvaldur Halldórsson
og hljómsveit

**Óskarsbryggja**
Kl. 15:00 Dorgveiðikeppni barna
Umsjón: Björgunarsveitin Strákar

**Síldarminjasafn**
Kl. 16:00 Söltunarsýning / Bryggjuball
Harmonikkutónlist

**Ráðhústorg**
Kl. 16:30 Söngvakeppni barna.
Tónlistaratriði frá Tónskóla
Siglufjarðar
Verlaunaafending fyrir
dorgveiði- og söngvakeppni

**Ráðhústorg**
Kl. 21:00 Tónleikar á sviði
Hljómsveitin Silfur
Dúettinn Stúlli og Dúi
Tröllskagahraðlestin
heldur upp fjöri fram á nótt.

**Allinn**
Kl. 22:00 Fjöldasöngur
Gylfi Ægisson

**Bíósalurinn**
Kl. 23:00 Hljómsveitin Silfur

**Allinn**
Kl. 23:00 Dúettinn Stúlli og Dúi
ásamt Gylfa Ægis



Við bjóðum alla landsmenn hjartanlega velkomna til Siglufjarðar



**● ÚTIVIST AF ÝMSU TAGI FYRIR HENDI** Fyrir ferðamenn og útivistarfólk er margt skemmtilegt að skoða og gera í sveitarfélaginu Fjallabyggð, sem varð til við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar.

Á sumrin eru það fjöllin, vatnið og svört sandfjaran sem heilla. Í stórbrotnu landslaginu má finna fjölbreyttar gönguleiðir um fjöll og dali og njóta einstaks útsýnis í kyrrð og ró. Boðið er upp á sjóstöng og auk þess er hægt að stunda stangveiðar í Ólafsfjarðará, í Ólafsfjarðarvatni, í Héðinsfirði, og í Hólsá á Siglufirði.

Svo má ekki gleyma því að hægt er að veiða á bryggjum bæjanna. Miðnætursiglingar og ferðir yfir heimskautsbaug eru einnig í boði. Möguleiki er á að skipuleggja sjóferðir eftir misjöfnu áhugasviði fólks. Til dæmis er hægt að setja saman göngu- og siglingapakka þar sem gengið yrði út í Héðinsfjörð og siglt heim. Sjá www.fjallabyggd.is.

# Erfiðleikastig mæld í gönguskóm

**Gönguleiðir um fjöll og dali heilla gjarnan ferðamenn og útivistarfólk á Siglufirði á sumrin. Mariska van Der Meer, formaður Siglufjarðardeildar Ferðafélags Íslands, bendir á að það sé að finna allt frá léttum gönguleiðum upp í erfitt klifur.**

Í kringum Siglufjörð og út um alla Fjallabyggð eru margar fallegar og skemmtilegar gönguleiðir. Mariska van Der Meer, formaður Siglufjarðardeildar Ferðafélags Íslands, hefur þeyst eins og fjallageit um fjöll og firnindi. Hún segir að þar geti allir fundið eitthvað við sitt hæfi, allt frá léttum hálfsdagsleiðum um dalbotna til erfiðs og spennuþrungins klifurs á fjallseggjum.

„Það er mismunandi hvað fólk vill leggja á sig. Við mælum erfiðleikastig gönguleiða og gefum þeim stjörnur í gönguskóm," segir Mariska og lýsir svo Dalaleið, sem hún gefur einn til tvo skó. „Dalaleið er gömul þjóðleið, rúmlega hundrað ára slóð, sem var kölluð messugrautur því fólk þurfti áður að fara hana til að komast í kirkju frá bóndabæjunum í Siglufirði til Dalabæjar hjá Máná. Hún er um fimm kílómetra löng og afskaplega falleg, ekki erfið nema ef til vill fyrst þegar þarf að klífa dalaskarð sem er 540 metra hátt. Síðan er leiðin þægileg," segir hún og bætir við að lækirnir á leiðinni séu misvatnsmiklir eftir veðri.

Forsprakkar göngugarpa í Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð hafa unnið ötullega að því að kortleggja allar mögulegar leiðir, en þau kort má nálgast á mörgum stöðum, meðal annars í upplýsingum fyrir ferðamenn. „Við förum líka í að stika leiðirnar," segir Mariska. „Þær leiðir eru alveg pottþéttar og ekkert hægt að villast. En sumar leiðir eru ekki stikaðar bara til að hafa umhverfið ögrandi. Maður getur til dæmis farið fjallaleið í gegnum Skarðsdal, Hafnarfjall, Hvanneyrarskál og upp á Skrám á Strákfjalli."

Að hennar sögn getur leiðin verið þægileg og falleg en líka brött og erfið og miklir möguleikar fyrir spennufíkla að finna snarbrattar hlíðar í lausamöl og himinhátt hyldýpi. Ef þeir vilja.

Yfirlitsmynd yfir leiðir og nánari lýsingar má finna á vefsíðunni www.siglo.is. *-nrg*



**Nyrst á Strákafjalli er fallegt útsýni yfir hafið.**



**Mariska van der Meer á toppi Hafnarhyrnu, búin að sigra fjallið.** MYND/ PÉTUR KRISTJÁNSSON



**Göngufólk fer Dalaleið í þoku og er rétt ókomið í Dalaskarð**


BRAUÐ ~ KÖKUR
LANGLOKUR
KAFFI - TERTUR



Soðbrauð, flatkökur ásamt einstökum ástarpungum eru bakaðir hjá okkur á hverjum degi.

Ömmu kleinur, ömmu vínarbrauð, ömmu snúðar.
Síldardiskar með rúgbrauði.

Cappuccino Caffe Latte Expresso eða bara venjulegt uppáhellt alltaf á könnuni







Hinar einu sönnu siglfirsku Sírópskökur sem þú verður að prufa

Bjóðum uppá alhliða Veisluþjónustu
Aðalbakarinn í Fjallabyggð

Opið eftir þörfum

Aðalbakarinn ehf. • Aðalgötu 28 • 580 Siglufjörður • S. 467 1720


Spáðu í okkur
Ánægðustu viðskiptavinir á Íslandi*
Sparisjóðurinn leggur megináherslu á að eiga ánægjulegt samstarf við viðskiptavini sína. Verið velkomin í hóp ánægðustu viðskiptavina allra fyrirtækja á Íslandi – það er engin tilviljun að þeir eru hjá okkur.
* Samkvæmt niðurstöðum Íslensku ánægjuvogarinnar.
SPARISJÓÐURINN
Siglufirði

# Stutt í alla afþreyingu

Tjaldsvæði Siglufjarðar er staðsett í miðbænum við torgið og smábátabryggjuna. Öll þjónusta, afþreying og söfn eru í fimm til tíu mínútna göngufæri.

Sunnan við snjóflóðavarnagarðinn, Stóra bola, er annað svæði fyrir þá sem kjósa ró og frið og þaðan er stutt á golfvöllinn, í hesthúsabyggð og fuglavarp. Um tíu mínútna gangur er niður í miðbæ og þar er hús með salernum og aðstöðu.

Tjaldsvæðið í Ólafsfirði er við Íþróttamiðstöðina. Þar er lítil tjörn með miklu fuglalífi og smásílum sem vinsælt er að veiða hjá yngri krökkunum.

Tjaldstæðin í Fjallabyggð taka við Útilegukorti.

Allar nánari upplýsingar um tjaldstæðin er að finna á heimasíðu Fjallabyggðar www.fjallabyggd.is.



**Tjaldsvæði Siglufjarðar er í miðbænum við torgið og smábátabryggjuna.** MYND/STEINGRÍMUR KRISTINSSON



**Gestir og gangandi geta brugðið sér í golf.** NORDIC PHOTOS/GETTY

# Hægt að skella sér á völlinn

Góðir níu holu golfvellir eru nálægt báðum byggðarkjörnum Fjallabyggðar.

Golfklúbbur Siglufjarðar rekur golfvöll að Hóli, sem er sunnan við bæinn, í botni Siglufjarðar. Hólsvöllur er á veðursælu og fallegu svæði. Völlurinn er fjölbreyttur með stuttum, löngum og mishæðóttum brautum. Flatirnar eru flestar litlar og því erfitt að hitta þær. Völlurinn hefur reynst mörgum erfiður, en góðir golfarar sem ekki láta völlinn setja sig úr jafnvægi, ná góðum hring.



Golfklúbbur Ólafsfjarðar rekur níu holu golfvöll í mynni Skeggjabrekkudals með stórglæsilegu útsýni frábæru útsýni yfir Ólafsfjarðarvatn, bæinn og mynni Eyjafjarðar. Völlurinn er í senn bæði krefjandi og stórskemmtilegur. Hið sérkennilega vallarstæði heillar alla golfara sem prófa völlinn.

Sjá www.fjallabyggd.is.



**Sundlaugin á Siglufirði er önnur tveggja í Fjallabyggð.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Góður sprettur

Í Fjallabyggð eru tvær sundlaugar. Á Siglufirði er 25 metra innisundlaug, heitur pottur utandyra og ljósabekkir. Sundlaugin er við Hvanneyrarbraut 52. Í Ólafsfirði er útisundlaug þar sem hægt er að spóka sig um í góðu veðri, nuddpottur, setlaug, vaðlaug með svepp og gufubað. Sundlaugin er við Tjarnarstíg 1.





Okkur datt í hug að minna á ...
... að rannsóknir sýna að tengsl eru á milli ýmissa neikvæðra hliða áfengis- og vímuefnaneyslu og þess að hefja neyslu áfengis á unga aldri.
-Kaupum ekki áfengi fyrir börn og unglinga
-Styðjum börn og ungmenni til þroskandi og uppbyggilegra viðfangsefna
-Verjum tíma með börnum okkar
-Verum góðar fyrirmyndir
... að akstur undir áhrifum áfengis eða lyfja er ein af þremur algengustu orsökum banaslysa í umferðinni. Auk þess verða margir fyrir alvarlegu heilsutjóni, jafnvel ævarandi örorku, vegna ölvunaraksturs. Breytum þessu.
-Höfum fyrir ófrávíkjanlega reglu að aka aldrei undir áhrifum áfengis. Geymum bílinn heima, fáum far með einhverjum sem er allsgáður eða tökum leigubíl
-Setjumst aldrei í bíl með drukknum bílstjóra
-Tilkynnum ölvunarakstur til lögreglu
... að áfengi dregur úr dómgreind, þ.e. hæfninni til að draga ályktanir og hugsa rökrétt. Ölvun dregur einnig úr hömlum. Ölvuð manneskja á erfiðara með að sjá fótum sínum forráð en ódrukkin og getur orðið sjálfum sér og öðrum hættuleg.
- Sýnum aðgát og ábyrgð við neyslu áfengis
- Allsgáð erum við með allt á hreinu
Bestu óskir um gleðilegt og slysalaust sumar.
www.forvarnir.is
FRÆ
FRÆÐSLA OG FORVARNIR
Brautarholt 4a 105 Reykjavík S. 511 1588 frae@forvarnir.is

Stóreign

Fremstir í atvinnufasteignum s :: 590_7600

Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fast.sali
storeign.is FAX 535 1009

Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lágmúli 7. 108 Rvk.

Stóreign kynnir:

# Stóreign óskar eftir öllum stærðum og gerðum atvinnuhúsnæðis á söluskrá.



## Síðumúli - verslunar og iðnaðarhúsnæði – Til sölu

Gott 442 fm iðnaðar og verslunarpláss við Síðumúla. Þetta er gott húsnæði sem bíður upp á mikla möguleika.
**Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 S. 590-7600**



## Suðurlandsbraut 6 – Til sölu

Skrifstofuhæð á 3. hæð sem er 373,7 fm. Skiptist í 3 hluta sem allir eru í útleigu. Lyfta í sameign. Mikið útsýni er úr húsnæðinu. Frábær staðsetning.
**Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 S. 590-7600**



## Flugumýri - Mosfellsbæ

968 fm. atvinnuhúsnæði með mikilli lofthæð, u.þ.b. 8 m. Húsið er byggt úr járngrind og klætt með yleiningum. Stór innkeyrsluhurð er á vesturenda hússins. Möguleiki að bæta við fleiri hurðum á hlið hússins og skipta niður í smærri einingar. Lóð er malbikuð og 2.600 fm. að stærð. Eignaskipti möguleg.
**Nánari upplýsingar á skfirstofu Stóreignar, Lágmúla 7, - s. 590-7600**



## Ögurhvarf 6 - Til leigu eða sölu. Gott leiguverð.

Verslunar og þjónustuhúsnæði á einni hæð sem er tilbúið til innréttinga en er fullbúið að utan. Möguleiki að kaupa allt húsið. Lóð fullfrágengin með malbikuðum bílastæðum.
**Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 - 590-7600**



## Lyngás - Til leigu

Til leigu -235 -fm að Lyngási 12, Garðabæ. Þetta húsnæði getur hentað fyrir hinn ýmsa rekstur allt frá bónstöð til heildverslana, góð bílastæði eru við húsið. Innkeyrsluhurð er um 4 metrar að hæð, þetta er afar bjart og gott húsnæði á góðum stað. Rekin hefur verið bónstöð í húsinu undanfarin misseri. Eignin er laus til afhendingar fljótlega.
**Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 S. 590-7600**



## Digranesvegur - Til leigu

Til leigu mjög gott skrifstofu og verslunarhúsnæði í Kópavogi. Húsnæðið er 3 hæðir samtals 518,4 fm. Gott hús á góðum stað sem bíður upp á mikla möguleika. Húsnæðið er vel staðsett. Næg bílastæði eru við eignina.
**Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7. S. 590-7600**



## Bæjarlind 14-16 Til leigu

180 fm skrifstofuhúsnæði á annarri hæð við Bæjarlind í Kópavogi. Húsnæðið er opið að mestu en þó eru tvær rúmgóðar lokaðar skrifstofur. Dúkur er á gólfi, góðar tölvulagnir. Húsnæðið snýr til norðurs sem er gott þegar um skrifstofur er að ræða. Þessi eign er laus nú þegar Leiguverð 300.000.-.
**Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 S. 590-7600**



## Fiskislóð 3440 fm – Til leigu

Vel hannað verslunar og lagerhúsnæði. Húsnæðið er í byggingu og verður fullfrágengið og tilbúið til afhendingar á haustmánuðum. Möguleikar á að skipta húsinu í minni einingar. Góð lofthæð og næg bílastæði.
**Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7. S. 590-7600**



## Völvufell 13-17 -Til sölu

Um er að ræða tvo eignarhluta 522 fm. Annarsvegar eignarhluta 0001 sem er 389,7 fm kjallari með ágætis innkeyrsludyrum og góðri lofthæð. Hinsvegar er um að ræða efri hæð 0101 sem er 131,2 fm verslunarpláss. Rekið hefur verið bakarí í þessum eignum undanfarin ár, búið er að gera tillögu að því að byggja tvær hæðir ofan á húsið. Stór bílastæði eru fyrir aftan húsið.
**Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 S. 590-7600**



## Fannborg - Til leigu

350 fm skrifstofuhúsnæði við Fannborg í Kópavogi. Húsnæðið hýsti áður heilsugæslu Kópavogs og skiptist upp í 13 skrifstofur, 3 wc, 1 skjalageymslu og móttöku. Dúkur á gólfum. Næg bílastæði eru við húsið ásamt því að bílakjallari er undir planinu. Hægt er að skipta húsnæðinu upp. Leiguverð 1500 kr. pr fm.
**Upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 S. 590-7600**



## Rjúpnasalir 1 - Til leigu

Mjög gott verslunarhúsnæði við Rjúpnasali alls um 106 fm. Þetta er bjart og gott húsnæði sem hentar t.d. vel fyrir litla verslun eða hárgreiðslustofu. Húsnæðið er laust nú þegar.
**Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 S. 590-7600**



## Vagnhöfði 7 - Til leigu

**Til leigu** 408 fm lagerhúsnæði um er að ræða kjallara hússins að Vagnhöfða 7 aðkoma niður ramp, góð lofthæð, gott plan við húsið. Leiguverð 360.000.
**Til leigu** gott 130 fm innkeyrslubil þetta er gott og bjart húsnæði, gott plan og góð aðkoma. Leiguverð 213.000.-
**Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 S. 590-7600**

Stóreign.is | s :: 590_7600

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali

stakfell.is

Fax 535 1009



## Tjarnargata – 4ra herbergja - glæsiíbúð

110,5 fm íbúð við Reykjavíkurtjörn í 101 Reykjavík. Glæsileg eign á góðum stað í hjarta borgarinnar. Eignin hefur verið öll endurnýjuð. Vandað hefur verið til alls við endurnýjun eignarinnar og ekki til neins sparað hvorki í efnum eða tækjum. Öll eignin samsvarar sér í stíl og innréttingum. Eign sem vert er að skoða Verð 48 millj.



## Grenimelur – sérhæð

88,0 fm bjarta, vel skipulagða og mikið endurnýjaða 4ra herbergja hæð með sér inngangi í þríbýlishúsi við Grenimel í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, eldhús, baðherbergi, 2 svefnherbergi, þvottahús og tvennar stofur. eign sem hefur nánast öll verið endurnýjuð á síðustu 4 árum, m.a. gólfefni, innréttingar og tæki. Nýlegar raflagnir. Verð 32.5 millj.

Leitum að góðri eign í Þingholtum fyrir fjársterkan aðila

Leitum að húsi í Smáíbúðahverfinu með tveimur íbúðum.

Erum með kaupanda að einbýlishúsi við Skerjafjörðinn.

Leitum að stórri sérhæð, par- eða raðhúsi á svæði 107 og 170. Verð allt að 60 millj.



### Álakvísl – 4ra herbergja í Ártúnsholti

115,1 fm. 5 herb endaíbúð með sérinng. í góðu 3-býli ásamt 30 fm. stæði í bílgeymslu og geymslu, alls 145,1 fm. Uppgerð að mestu fyrir 3. árum. Eignin skiptist í forstofu, snyrtingu, eldhús, stofu/borðstofu, hol, þrjú svefnh., bað og herbergi í risi. Suðvestur svalir. Allar innr. í stíl úr mahogny og gólfefni úr merbau parketi og steinflísum. Laus við kaupsamning. Verð 34,9 millj.



### Stórikriki - einbýlishús

248,9 fm einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr við Stórakrika í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í anddyri, 2 stofur, 4 svefnh. og 2 baðherbergi, þvottah og innangengt í tvöfaldan bílskúr.Gólfefni: plankaparket úr litaðri olíuborinni eik, á baðh. og þvottah.svartar flísar. Allar innihurðar sérsmíðaðar úr eik og stórar. Tilboð



### Bakkasel - raðhús

264 fm raðhús í snyrtilegum botnlanga í Seljahverfinu. Húsið tvær hæðir og kjallari, sem er í dag sér íbúð, 244,3 fm og bílskúr19,5 fm. Skjólsæll garður. Hitalagnir að húsi. Verð 49,5 millj.



### Kúrland 19 – raðhús í Fossvoginum

300 fm raðhús á einum eftirsóttasta stað í Reykjavík. Eignin er á tveimur hæðum. Stór skjólsæll garður. Húsið skiptist í anddyri, stofu, eldhús, 4 herb. og baðherbergi á efri hæð og á neðri hæð forstofu, hol, 4 herb., snyrtingu, þvottahús og geymslu. Íbúðin er skráð 276.1 fm og bílskúrinn 25.6 fm.



### Öldugata – Sérbýli í vesturbænum

137 fm.sérbýli á þremur hæðum. Búið er að innrétta 2ja herbergja íbúð í kjallara. Eignin skiptist í 3 hæðir. Ris skiptist í sjónvarpsstofu, herbergi. geymslu. Neðri hæð skiptist í forstofu, hol, eldhús, herbergi, stofu og baðherbergi. Kjallari skiptist í anddyri, stofu, herbergi, eldhús og geymslu. Verð 43 millj.



### Stararimi – 165 fm einbýlishús á einni hæð

með 32.3 bílskúr. Eignin skiptist í 3 svefnh., bað með hornbaðkeri, eldhús með nýlegri innréttingu, samliggjandi stofu og borðstofu. Til suðvesturs er stór falleg afgirt hellulögð verönd. Vönduð eign á frábærum stað. Skipti á 3ja herb íbúð koma til greina. Verð 54,9 millj.



### Laufengi - 4ra herbergja

106.4 fm fjögurra herbergja íbúð sem skiptist í stofu með SA- svölum, eldhús, 3 svefnh., miðjuhol, forstofu og bað með baðkeri, sturtu og þvottahúsi innaf. Verð 25.9 millj



### Þorfinnsgata 101 - nálægt Landsspítala

4ra herb. íbúð 77.3 fm á 2. hæð auk 14.09 fm herbergis í kjallara með sameiginl. salerni. Tilvalið til ÚTLEIGU alls 100,6 fm. Íbúðin skiptist í gang, eldhús, tvær stofur, 2 svefnh. og bað. Þvottah. í kjallara. Sjón er sögu ríkari. TILBOÐ



### Álftamýri - 3ja herbergja endaíbúð

82 fm 3ja herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Parket og flísar á gólfum, suðursvalir Möguleiki á 80% lán frá íls.
Verð: 22,9 millj.



### Hagamelur – 3ja herb

70,4 fm bjarta og vel skipulagða 3ja herbergja íbúð á 4.hæð (efstu) í góðu fjölbýlishúsi við Hagamel í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi og 2 svefnherbergi. Verð 22.9 millj.



### Hverafold 112 – 3ja herb - Laus

93,1 fm 3ja herbergja vel staðsett íbúð í Foldahverfinu. Eignin skiptist í stofu, 2 herbergi, bað, eldhús og þvottahús, hol og anddyri. Falleg eign. Verð 21.5 millj.



### Baugakór - Laus 3ja herb m/bílageymslu

97 fm íbúð með bílageymslu, íbúðin skiptist í stofu eldhús og baðherbergi, 2 svefnherbergi og þvottahús í íbúð. Fullbúin fallegum innréttingum. Verð 25.9 millj.



### Laugarnesvegur - 4ra herbergja

106.4 fm fjögurra herbergja íbúð sem skiptist í stofu með SA- svölum, eldhús, 3 svefnh., miðjuhol, forstofu og bað með baðkeri, sturtu og þvottahúsi innaf. Verð 25.9 millj



### Lautasmári - 4ra herb m/bílskýli

115.8 fm 4ra herb. íbúð mjög vel staðsett í Kópavogi. Þvottahús innan íbúðar og 16,7 fm stæði í bílskýli. Parket á allri íbúð nema flísar á baði og þvottah. Beyki innréting í eldhúsi. Verð 28.5 millj.



### Engihjalli - LÆKKAÐ VERÐ

84 fm þriggja herbergja íbúð á fyrstu hæð mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.
Íbúðin skiptist í 2 svefnh. stofu, eldhús og bað. Sérgeymsla á jarðhæð. Þvottah. Á hæðinni. Möguleiki á 80% láni frá íls. Verð 19,9 millj



### Melalind Kópavogi – 2ja herbergja

63 fm íbúð á jarðhæð með 40 fm sólpall. Íbúðin skiptist í forstofu, bað, svefnherbergi, stofu, eldhús og geymslu. Parket og flísar á gólfum. Útsýni. Verð 19.9 millj



### Njörvasund – 2ja herb - Sundin

Mikið endurnýjuð 71,8 fm 2ja herbergja íbúð í kjallara í fallegu þríbýlishúsi á þessum vinsæla stað í sundunum. Sérinngangur er undir tröppum á austurhlið hússins. Parket á stofu. Verð 19.8 millj.



### Ásvallagata - 2a herb

70,3 m² 3 ja herbergja íbúð á annarri hæð við Ásvallagötu, 101 Reykjavík. Íbúðin skiptist í hol, baðherbergi, 2 svefnherbergi, eldhús og stofa.Stutt í H.Í. Verð 21.8 millj.



### Nýbýlavegur - 2ja herb. með bílskúr.

77.6 fm íbúð á 2. hæð. Þar af er bílskúrinn 27,4 fm. Búið er að endurnýja gólfefni og baðherbergi mjög smekklega . Verð 19.9 millj.



### Rauðarárstígur - 2ja herb.

48 fm íbúð á fyrstu hæð, miðsvæðis í Rvk. Hvítar fulninga innréttingar í eldhúsi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Geymsla og þvottahús í kjallara. Stæði bakatil. Möguleiki á 80% láni frá íls. Verð 15.5 millj

www.domus.is | Borgarnes | Akranes

# domus
FASTEIGNASALA

**María Magnúsdóttir**
Löggiltur fasteignasali, hdl
**669 7936**
maria@domus.is





## Gunnlaugsgata - 310 Borgarnes
**VERÐ / TILBOÐ**

Einbýlishús á tveimur hæðum. Efri hæðin skiptist í forstofu, gang, eldhús, borðstofu, stofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi og búr.
Neðri hæðin skiptist í gang, fjögur herbergi, rými sem gæti nýst sem eldhús, baðherbergi með sturtu, w.c.
Möguleiki á tveimur íbúðum. Húsið er 175 fm að stærð ásamt 28 fm bílskúr. Fallegur garður með litilli tjörn og læk. Pallur með heitum potti.
Nánari upplýsingar á skrifstofu.
**Örstutt frá Grunnskólanum í Borgarnesi**





## Böðvarsgata 8 - 310 Borgarnes / Neðri sérhæð
**Verð 27,2 millj.**

Neðri sérhæð í tvíbýlishúsi á frábærum stað í Borgarnesi við Böðvarsgötu 8. Hæðin er samtals 146,2 fm að stærð, þ.e. íbúðin sjálf 115,8 fm og bílskúrinn 30,4 fm. Íbúðin skiptist í: forstofu, þvottahús, hol, stofu, borðstofu, eldhús, búr/geymslu, gang, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, bílskúr og útigeymslu.
Nánari upplýsingar á skrifstofu.
**Fallegur garður - Frábær staðsetning**





## Hafnarskógur - 311 Borgarbyggð / 4 glæsileg sumarhús
**Verð pr hús 24,9 millj.**

Fjögur stórglæsileg 80 fm sumarhús í landi Hafnar II, Hvalfjarðarsveit. Húsunum er skilað fullbúnum með hita, vatns og rafmagnslögn, panelklæðningu, innihurðum og gegnheilu parketi. Eldhúsinnrétting er komin. Baðherbergi eru fullbúin með sturtu. Húsin eru viðhaldsfrí að utan. Umhverfis allt húsið er sólpallur. Lagt er fyrir hitapotti í pallinum. Glæsileg hús sem vert er að skoða. - Stutt í alla þjónustu.
Allar nánari upplýsingar á skrifstofu, ásamt skilalýsingu.
**Möguleiki á 70% láni til 15 ára - Afhending strax.**





## Refsholt 9 - 311 Borgarbyggð / Sumarhús
**Verð 23,0 millj.**

Fallegt sumarhús við Refsholt 9 í landi Hálsa í Skorradal. Húsið er 74,5 fm að grunnfleti með 13,7 fm svefnlofti (raunstærð um 30 fm). Húsið skilast fullbúið að utan með stórum palli. Að innan skilast húsið með hvíttaðri panelklæðningu og uppsettum innihurðum. Búið að parketleggja, flísar komnar á gólfið á baðherbergi, geymslu, stigi m/ handriði verður settur upp á svefnloft. Möguleiki á að seljandi láni allt að 70% af kaupverði til allt að 15 ára. - Allar nánari upplýsingar á skrifstofu, ásamt skilalýsingu.
**Möguleiki á 70% láni til 15 ára - Afhending strax.**





## Stóraborg - 311 Borgarbyggð / Heilsárshús
**VERÐ / TILBOÐ**

Fallegt sumarhús/heilsárshús við í landi Eskiholts í Borgarbyggð. Húsið er 92,5 fm. á 5038 fm leigulóð.
Húsið sem er byggt 2007 er á einni hæð og skiptist í forstofu, gang, eldhús með fallegri hvítri innréttingu með tengi fyrir uppþvottavél, baðherb. með sturtu og tengi fyrir þvottavél, stofu, þrjú svefnherb. og geymsluloft.
Allar nánari upplýsingar á skrifstofu.
**Aðeins 10 mín. akstur frá Borgarnesi**





## Básar 12 - 311 Borgarbyggð / Sumarhús
**Verð 18,0 millj.**

Básar 12 í landi Svartagils Borgarbyggð. Sumarhús á frábærum stað á 2.500 fm eignarlóð úr landi Svartagils. Sumarhúsið er 54 fm að stærð ásamt svefnlofti og 7 fm geymsluskúr. Húsið er byggt árið 1997 en geymslan frá árinu 2006. Heitur pottur. Verönd kringum húsið.
Stórkostlegt útsýni og einstök náttúrufegurð
Allar nánari upplýsingar á skrifstofu, ásamt skilalýsingu.
**Aðeins 30 mín. akstur frá Borgarnesi**

Byggðu framtíðina á traustum grunni | Borgarbraut 61 | 310 Borgarnes | Sími 440 6140

# FASTEIGNIR &FYRIRTÆKI
Fyrirtækjasala Íslands

**Valgeir Kristinsson**, hrl., lögg. faseignasali
Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtaekjasala.is

## FAIR TRADE SÉRVERSLUN - INNFLUTNINGUR.
**Til sölu eina FAIR TRADE verslunin á landinu,** með handunnar vistvænar vörur frá þróunarríkjunum. Fair Trade er alþjóðlegt hugtak fyrir þessi viðskipti. Gott vöruúrval. **Einstakt tækifæri.**

## GLÆSILEG TÍSKUVERSLUN - MIÐBORGIN.
**Til sölu glæsileg kvenfataverslun** í miðborginni, með heimsþekkt vörumerki, og í flottu húsnæði. **Frábært tækifæri.**

## GLÆSILEGUR VEITINGASTAÐUR.
**Til sölu mjög glæsilegur veitingastaður** í nágr. borgarinnar. Sala á 40- 80% hlut kemur einnig til greina. Sérstakur og flottur staður, velstaðsettur. **Leitið upplýsinga.**

## FYRIRTÆKI í AUGLÝSINGAVÖRUM.
**Allt eigin innflutningur.** Sterk viðskiptasamböndá innlendum markaði. Yfir 300 artc. **Auðveld kaup með yfirtöku og frábært verð.**

## BAKARÍ OG KONDITORI.
**Til sölu gott bakarí í 300 fm húsnæði,** vel tækjum búið auk þess Kondtori í mjög góðu húsnæði á fjölförnum stað. Nánast allt nýr búnaður. **Getur selst í sitt hvoru lagi, eða sem ein heild.**

## NÝTT HÓTEL - REKSTUR TIL LEIGU.
**Rekstur á nýju fullbúnu hóteli á Reykjavíkursvæðinu** er til leigu. 28 herbergi og studío. Mjög góð aðstaða og búnaður. **Einstakt tækifæri.**

## BÍLASALA Í NÁGR: REYKJAVÍKUR.
**Til sölu þekkt bílasala** velstaðsett í glæsilegu eigin húsnæði, um 860 fm Góð yfirtökulán. 2-3 útleigubil. **Mikið auglýsingargildi frábær staðsetning.**

## ÚTGÁFA - PRENTVERK - UMBROT - AUGLÝSINGAR.
**Til sölu þekkt fyrirtæki í góðum rekstri,** með góðan tækjakost og í tryggu húsnæði. **Frábært tækifæri og gott verð.**

## HVERFISVERSLUN- FJÖLSKYLDUREKSTUR.
**Til sölu rótgróin hverfisverslun, í góðu húsnæði.** Einstakt tækifæri fyrir fjölskyldu. Fæst með lager og öllu á 3,3 milljónir. **Nú er lag.**

## SÉRVERSLUN - NÁTTÚRULEGAR SNYRTIVÖRUR.
**Verslunin LUSH Kringlunni er til sölu.** Verslunin sérhæfir sig í sölu hár- og húðsnyrtivara Verslunin er hluti af alþjóðlegri keðju sem nær til 500 verslana í 35 löndum. Er í góðu plássi í Kringlunni. Góð kjör í boði. Leitið nánari upplýsinga. **Frábært tækifæri. Ýmis skipti möguleg.**

Frum

## ÞEKKT HÁRSNYRTISTOFA í hverfi 104.
**Glæsileg og vel staðsett hársnyrtistofa** með 6 vinnustöðvar og 2 vaskstóla. Fæst á frábærum lánakjörum með léttum afborgunum. **Einstakt tækifæri og gott verð.**

## LÍKAMSRÆKT - LÍKAMSRÆKT.
**Til sölu líkamsræktarfyrirtæki,** hið eina sinnar tegundar hér á landi, vel staðsett með vaxandi stækkunarmöguleika. Hluti af alþjóðlegri keðju sem nýtur hvarvetna mikilla vinsælda. Um er að ræða tvær glæsilegar stöðvar. **Eru mjög vel staðsettar og í flottu húsnæði.**

## HÁRSNYRTISTOFA Í KÓPAVOGI - Góð Kjör.
**Af sérstökum ástæðum er til sölu þekkt hársnyrtistofa,** í nýlegu góðu húsnæði í Kópavoginum. Er með eigin innflutning. Mjög góð aðstaða og búnaður. **Góð kjör í boði. Leitið nánari upplýsinga.**

## BAKARÍ - SÖLUTURN - ÍSSALA.
**Til sölu á frábærum stað, bakarí, söluturn og íssala.** Er með 10 ára leigusamning í góðu húsnæði á mjög sýnilegun og áberandi stað. Hefur verið starfandi í tæp 20 ár. **Frábært tækifæri.**

## EIN VINSÆLASTA ÍSBÚÐIN Í BÆNUM.
**Til sölu geysivinsæl ísbúð á besta stað í bænum.** Mjög gott verð og auðveld kaup. Aðeins yfirtaka. **Sumarið er besti tíminn í íssölunni**

## PÚSTVERKSTÆÐI MIÐSVÆÐIS.
**Til sölu þekkt pústverkstæði í 300 fm leiguhúsnæði,** mjög miðsvæðis. 4 lyftur 3 innkeyrsluhurðir og góð bílastæði og aðkoma. **Mjög góð staðsetning.**

## BÍLASALA Á HÖFÐANUM.
**Til sölu bílasala með a.m.k 50 útistæði.** Skemmtilegt tækifæri fyrir duglegan sölumann.

## BÍLAPARTASALA.
**Til sölu rekstur þekktrar partasölu.** Er í 300 fm velstaðsettu leiguhúsnæði. Hefur starfað í 27 ár. Staðsetning einstaklega góð. **Gott verð.**

## SÉRVERSLUN Í SKARTI OG FYLGIHLUTUM.
**Til sölu sérverslun sem sérhæfir sig í allskonar tískuvöru og fylgihlutum,** sérlega vel staðsett í glæsilegri verslunarmiðstöð

## AUSTURLENSKUR VEITINGASTAÐUR - Take away.
**Til sölu veitingarekstur í austurlenskri matargerð,** vel staðsettur og vel tækjum búin. Staðurinn tekur yfir 30 manns í sæti. Take away þjónusta. Öflug veisluþjónusta. Traustur meðeigandi kemur einnig til greina. **Gott tækifæri.**

## VEITINGAR - SÖLUTURN - ÍSSALA- BÍLALÚGA.
**Er í björtu og rúmgóðu ca 220 fm nýlegu húsnæði.** Heitur matur í hádeginu. Hamborgarar og fl. skyndiréttir allan daginn Tekur yfir 50 manns í sæti. Einnig er afgreitt um bílalúgur. **Opið til kl. 22. Næg bílastæði. Mjög gott verð.**

***Fjöldi annara fyrirtækja á skrá.***
***Endilega leitið nánari upplýsinga. Sími: 517-3500***




# Við stöndum upp úr í nýjustu könnun Capacent

Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir og 93% meiri lestur en Morgunblaðið




Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgina, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar–apríl 2008.

Fiton/SÍA

Glæsilegt sumartilboð á Dong Fang Salon:

Gel á táneglur með french:
Verð 4.500.-

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

„...fyrst á visir.is“

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

visir.is

...ég sá það á visir.is




## FASTEIGNIR


RE/MAX Þing

Bergur Steingrímsson
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali
412 3300
bergurst@remax.is

RE/MAX Þing
Háholti 13-15
270 Mosfellsbær
Sími: 412 3300

### Laxatunga 90-100, 270 Mosfellsbæ



Verð: 29.900.000,-
Stærð 172.5
4ja herb.

Högni Kjartan Þorkelsson
Sölufulltrúi
412 3314
692 9532
hogni@remax.is

**Opið hús mánudag milli kl. 17:30-18:00**

HÖGNI K. HJÁ RE/MAX ÞING KYNNIR: Fyrsta opna húsið. Raðhús að Leirvogstungu 90-100 sem eru fokheld í dag og tilbúin til afhendingar. Raðhús geta skilast fullkláruð eftir 8 vikur á 39.900.000,-

### Fannafold 97, 112 Reykjavík



Stærð: 210
Verð: 59.900.000,-
6 Herb.

Högni Kjartan Þorkelsson
Sölufulltrúi
412 3314
692 9532
hogni@remax.is

**Opið hús þriðjudag milli kl. 16:30-17:00**

HÖGNI K. HJÁ RE/MAX ÞING KYNNIR: Flott einbýlishús á besta stað í Grafarvoginum. Með glæsilegum nýjum pall og sólstofu.

### Sölkugata 21, 270 Mos.

Stærð: 942,5 fm
Má byggja: 450 fm + kj.
Verð: 29.900.000,-

Högni Kjartan Þorkelsson
Sölufulltrúi
412 3314
692 9532
hogni@remax.is

Högni K. hjá RE/MAX ÞING kynnir: Ein flottasta útsýnislóðin í Helgafellinu. Byggja má 450 fm einbýlishús. Bókið skóðun í S: 692-9532

### Víðiteigur 2E, 270 Mosfellsbæ




Verð: 28.600.000,-
Stærð: 99
4ja Herb.

Högni Kjartan Þorkelsson
Sölufulltrúi
412 3314
692 9532
hogni@remax.is

**Opið hús mánudag milli kl. 16:30-17:00**

Högni K. HJÁ RE/MAX ÞING KYNNIR: Glæsilegt 4 herb. raðhús að Víðiteig 270 Mosfellsbæ. Mikið endurnýjuð eign með hellulögðum pall í góðum garði.

### Rauðalæk 8, 104 Reykjavík



Stærð: 123,8
Verð: 31.900.000,-
Herb: 4

Högni Kjartan Þorkelsson
Sölufulltrúi
412 3314
692 9532
hogni@remax.is

**Opið hús þriðjudag milli kl. 17:30-18:00**

Högni K. hjá RE/MAX ÞING kynnir: Frábær 4ja herb. sérhæð á besta stað í RVK. Nýupptekið eldhús og salerni. Laus við kaupsamning.

Frum

Nú kostar bara 500 kall að auglýsa útilegudótið þitt til sölu




# Láttu smáauglýsingar Fréttablaðsins koma gamla útilegudótinu í verð

## Markaðstorg heimilanna

Dagana 24. júlí–14. ágúst bjóðum við auglýsingar í flokknum *Útilega* fyrir aðeins 500 krónur (grunnverð) í Markaðstorgi heimilanna í Fréttablaðinu og á *visir.is*. Skráðu inn auglýsinguna á *visir.is* eða hafðu samband við þjónustuver í síma **512 5100**.

Afgreiðslan er opin alla virka daga frá 8–17 en tekið er við pöntunum í síma kl. 8–22, um helgar kl. 10–22 og á *visir.is*.



**Allt sem þú þarft... ...alla daga**

Fiton/SÍA FI026303



**BÍTLARNIR** voru vinsælastir allra árið 1968 með Hey Jude.

# Hverjir voru vinsælastir?

Samkvæmt vinsældalista Billoard voru það Domenico Modugno sem áttu vinsælasta lagið fyrir 50 árum. Nel Blu Dipinto Di Blu (Volare) var lagið sem tröllreið vinsældalistanum en hann vann Grammy-verðlaun árið 1958 fyrir lagið, auk þess sem hann vann fyrir bestu plötuna. Þar skaut hann ekki ómerkari mönnum en Elvis Presley og The Everly Brothers ref fyrir rass.

Fyrir 40 árum voru Bítlarnir upp á sitt besta en Hey Jude skildi aðra keppinauta eftir í rykinu samkvæmt Billboard-listanum.

Fyrir 30 árum var það Andy Gibb sem kom sá og sigraði eftir harða baráttu við Bee Gees. Tíu árum síðar, eða 1988, söng ástmögurinn og sjarmatröllið George Michael sig inn í vestræn hjörtu með Faith en öðrum tíu árum síðar, árið 1998, hafði smekkur beggja megin Atlantshafsins eitthvað breyst. Hið auðgleymanlega band Next hreppti efsta sæti Billboard listans það árið með laginu Too Close.

- tg



**GEORGE MICHEAL** var efstur á vinsældalista Billboard fyrir 20 árum með lagið Faith.

## AFMÆLI



**PÉTUR ORMSLEV KNATTSPYRNUMAÐUR ER FIMMTUGUR Í DAG.**



**BIRGITTA HAUKDAL SÖNGKONA ER TUTTUGU OG NÍU ÁRA Í DAG.**



**ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR SKEMMTIKRAFTUR ER TUTTUGU OG SEX ÁRA Í DAG.**



**SAGA JÓNSDÓTTIR LEIKKONA ER SEXTUG Í DAG.**

**NAFNIÐ MITT:** FINNBOGI EINARSSON

# *Þekkir engan annan 5ba*

Finnbogi Einarsson kerfisfræðingur er skírður í höfuðið á afa sínum og vill svo til að þeir eru alnafnar. Hann ber hins vegar einstakt gælunafn sem virðist hafa fylgt honum frá barnæsku.

„Til að byrja með voru menn ekkert alveg klárir á því hvort ég héti Finnbogi með N-i eða Fimmbogi með M-i. Því var ég ýmist kallaður Finnbi eða Fimmbi," segir Finnbogi. „Það skipti mig engu máli og mér var alveg sama hvort menn notuðu N eða M."

Svo var það að vinur og bekkjarbróðir Finnboga festi Fimmba nafnið í sessi í formi 5bi. „Í barnaskóla voru stærðfræðibækurnar númeraðar frá 1A, svo 2A og 1B og svo framvegis. Svo var komið að 5b og Stefáni Bjarnarsyni, bekkjarbróður og félaga mínum, fannst það ótrúlega sniðugt að merkja bókina mína með því að setja i aftan við titilinn. Þannig fæddist 5bi."

Finnbogi, eða 5bi, er afar ánægður að bera nafn sem hann telur einstakt. „Ég lendi aldrei í vandræðum með til dæmis notendanöfn eins og margir aðrir. Ég þarf ekki að kalla mig Finnbogi_384iceland eða eitthvað álíka. Það er bara einn 5bi," segir 5bi og hlær.

Finnborgi hafði lengi í bígerð að fá sér húðflúr sem endanlega og að eilífu myndi festa nafnið í sessi. „Ég var búinn að teikna það upp og svo lét ég verða af því að fá mér tattúið fyrir nokkrum árum þegar ég var úti á Benidorm," segir Finnbogi. „Það er frábært að vera með einstakt tattú þó svo fólk lesi stundum 56i í stað 5bi," bætir hann við hlæjandi.




Finnbogi er kallaður 5bi en nafnið hlaut hann fyrir tilstilli æskuvinar síns og stærðfræðibókar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





## Sumarfríið hefst í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Í verslunum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar færðu allt sem þú þarft fyrir ferðalagið: Sólarvörn, myndavél, strandtösku, sólgleraugu, stuttbuxur, i-Pod, tímarit og ekki má gleyma gjaldeyrinum. Njóttu þess að gera góð kaup í upphafi ferðarinnar og vertu klár á ströndina um leið og þú lendir á áfangastað.

ferð til fjár
FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR
www.airport.is




# STUÐ MILLI STRÍÐA Eru dýrin reið?

**VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR** UM HEFND DÝRARÍKISINS



Í síðustu viku bárust fréttir frá Kamtjakaskaga í Rússlandi þess efnis að svangir birnir hefðu drepið og étið öryggisverði við platínunámu. Talið var að allt að 30 glorhungraðir birnir þvældust um svæðið í leit að æti á meðan skelfingu lostnir námustarfsmenn sátu fastir á heimilum sínum og þorðu ekki í vinnuna af ótta við að vera étnir.

Á svipuðum tíma mátti sjá afar blóðugar og ógnvekjandi myndir á baksíðu Morgunblaðsins af árás 30 hungraðra háhyrninga á hrefnu, sem þeir drápu og innbyrtu með miklum tilþrifum.

Af þessum fréttum mætti álykta að dýr heimsins séu annaðhvort afskaplega svöng eða afskaplega reið. Raunsæisfólk vill eflaust meina að dýrin séu fremur svöng en reið; rússneskir dýrafræðingar segja að árásarhneigð þarlendra bjarna sé tilkomin sökum þess að laxi hefur fækkað verulega í ám þar í landi á undanförnum árum. Af mannavöldum, að sjálfsögðu. Og það er alkunna að háhyrningar eru alltaf svangir, enda alltaf í sundi.

Draumórafólki finnst þó tilhugsunin um að dýrin séu reið alls ekki svo fjarstæðukennd. Við mannfólkið höfum vaðið yfir jörðina á skítugum skónum, svipt dýrin kjörlendi og myrt fjölskyldur þeirra og vini. Hver yrði ekki reiður við slíkan yfirgang? Að auki er kostur við reiðikenninguna að líf okkar allra, dýra jafnt og manna, yrði talsvert meira spennandi en nú. Að hugsa sér ef öll dýr heimsins yrðu skyndilega vitstola af bræði og réðust á allt og alla í nágrenni sínu. Sjómenn og baðstrandagestir um heim allan væru í bráðahættu, svo ekki sé minnst á bændur, gæludýraeigendur og dýragarðsstarfsmenn. Og náttúrlega önnur dýr.

Ljóst er að morðæði á meðal dýra heimsins er frábær efniviður í krassandi hryllingsmynd. Nú er bara að vona að kvikmyndagerðarmenn kveiki á perunni og framleiði slíka mynd áður en þeir verða fyrir barðinu á brjáluðum fjallaljónum.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





FRÆÐST UM SÖFN LANDSINS Frá vígsluathöfn hljóðleiðsagnarkerfisins á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/

# Safnaleiðsögn á veraldarvefnum

**Ný vefsíða fyrir söfn, www.hljóðvísar.is, hefur verið tekin í notkun. Síðan er sameiginlegur vettvangur safna sem sniðinn er í kringum hljóðvísa, en það eru upplesnar leiðsagnir um ýmis söfn og sýningar.**

Þjónustan miðar að því að gefa söfnum tækifæri á að miðla upplesnum leiðsögnum til gesta og verða áberandi vettvangur fyrir söfn og sögulega staði á veraldarvefnum. Gestir hlaða efninu niður á eigin tónhlöðutæki sér að kostnaðarlausu og hlusta svo á hljóðvísinn þegar komið er á vettvang. Starfsfólk safna hefur aðgang að umsýslukerfi þar sem það getur unnið með hljóðvísana og sett inn upplýsingar til gesta. Kerfið býður þannig safnagestum upp á nýja sýn á starfsemi og muni safnanna.

Kerfið var vígt við hátíðlega athöfn í Minjasafni Reykjavíkur í Aðalstræti á laugardaginn, en ásamt Minjasafninu eru Þjóðminjasafnið, Listasafn Íslands og Viðey þátttakendur frá byrjun. Efni síðunnar er mjög fjölbreytt; þar má meðal annars finna hljóðvísa á mörgum tungumálum svo sem flestir geti notið leiðsagnar um sýningar safnanna.

„Okkur þykir sérstaklega gaman að því að eitt safnið bjóði upp á hljóðvísi á pólsku. Við teljum það mjög jákvætt innlegg þar sem það gefur þeim mörgu Pólverjum sem búa hér á landi tækifæri til að kynna sér íslenska sögu á eigin móðurmáli. Viðtökurnar hafa verið mjög góðar og þjónustan okkar virðist klárlega eiga erindi við íslensk söfn. Með því að taka þátt eru söfnin að auka töluvert við þjónustu sína ásamt því að verða sýnileg á netinu,“ segir Kristinn Leifsson, einn af stofnendum Online Audio Guide sem rekur síðuna.

Samkvæmt Kristni er Online Audio Guide ekki einungis hugsað fyrir íslensk söfn. „Við lítum á Norður-Evrópu sem heimamarkað. Þar er mikill fjöldi safna með tengda sögu en þar er einnig hátt tæknistig sem auðveldar okkur að innleiða nýjungar í farsímatækni svo eitthvað sé nefnt.“

vigdis@frettabladid.is



ANNA ÁSLAUG RAGNARSDÓTTIR Kemur fram á tónleikum í Listasafni Sigurjóns annað kvöld.

# Anna Áslaug í Listasafni Sigurjóns

Fjórðu tónleikarnir í Sumartónleikaröð Listasafns Sigurjóns, sem er til húsa að Laugarnestanga 70, fara fram annað kvöld og hefjast kl. 20.30. Þar kemur fram píanóleikarinn Anna Áslaug Ragnarsdóttir.

Á tónleikunum leikur Anna Áslaug verk eftir Chopin, Bach, Beethoven og Messiaen. Eitt íslenskt verk er einnig á efnisskránni, Sonata VIII eftir Jónas Tómasson.

Anna Áslaug hefur komið fram sem píanóleikari víða um Evrópu og Norður-Ameríku. Á Íslandi hefur hún leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og haldið einleikstónleika víðs vegar um landið, meðal annars á vegum Myrkra músíkdaga, Norræna músíkdaga, Tíbrár og Tónlistarfélaganna í Reykjavík, Ísafirði og Akureyri. Íslensk Tónverkamiðstöð gaf út hljómplötu þar sem hún leikur verk íslenskra höfunda. Á síðari árum hefur hún einnig verið meðleikari með ljóðasöng og kammertónlist og meðal annars komið fram hjá Kammermúsíkklúbbnum í Reykjavík og á sumartónleikum Listasafns Sigurjóns. - vþ



> BROOKE Í PLAYBOY

Brooke Boella, dóttur glímukappans Hulks Hogan, hefur verið boðið að setja fyrir í Playboy. Hún ku nú íhuga tilboðið, en hefur ekki gert upp hug sinn. Ýmislegt hefur gengið á hjá fjölskyldunni að undanförnu, bróðir Brooke situr inni og móðir hennar hefur tekið saman við ungling.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Föt af Britney á uppboði

Aðdáendur Britney Spears hafa möguleika á að komast yfir föt af söngkonunni á uppboði á vegum Rock & Roll Pop Art Auction, sem fer fram 2. ágúst næstkomandi. Á meðal þess sem boðið verður upp eru búningar sem hún klæddist á tónleikaferðalögunum Drive Me Crazy og Oops, I Did It Again, ásamt Mikka mús-bol sem Spears átti og klæddist þegar hún var ein barnastjarnanna í The Mickey Mouse Club þáttunum forðum daga. Bolurinn er áletraður af hinum stjörnendum þáttanna, sem eru ekki af verri taginu, enda Justin Timberlake og Christina Aguilera í þeirra hópi. Talið er að bolurinn muni seljast á um 25 þúsund dollara.

Einnig verður hægt að komast yfir brúðarkjól sem Spears fékk að láni frá Madonnu. Madonna klæddist honum fyrst á tónleikaferðalagi sínu Like A Virgin, árið 1984, en lánaði Britney hann sextán árum síðar, þegar hún kom fram í grínþáttunum Saturday Night Live. Í boði verða einnig appelsínuguli jakkinn og buxurnar sem hún klæddist við afhendingu Billboard tónlistarverðlaunanna árið 2000 og blár og hvítur jólasveinabúningur sem Spears klæddist í Pepsi-auglýsingu frá sama ári.

Spears er ekki eina stjarnan sem opnar fataskápinn sinn á þennan hátt, því á uppboðinu verður einnig hægt að næla sér í muni frá stjörnum á borð við Elvis Presley, John Lennon, Johnny Cash og Marilyn Monroe.



**MIKKI DÝRMÆTUR** Mikka Mús-bolur sem Britney Spears klæddist þegar hún var barnastjarna forðum daga er talinn munu fara á 25 þúsund dollara á uppboðinu.



**VEL SNYRT** Sienna Miller þótti of vel snyrt í nektarsenum í nýjustu kvikmynd sinni, svo nota þurfti tölvutækni til að fjölga skapahárum leikkonunnar.

## Skapahárum fjölgað

Nota þurfti tölvutækni til að fjölga skapahárum Siennu Miller í nýjustu mynd hennar Hippie Hippie Shake. Tökum lauk nýverið, en samkvæmt heimildum dagblaðsins Daily Mirror gerist myndin á sjöunda áratugnum. Hárvöxtur var þá heldur frjálslegri en tíðkast nú til dags og því reyndust skapahár Siennu vera of vel snyrt.

Ekki þótti nógu raunverulegt að nota álímd gervihár í tveimur nektarsenum leikkonunnar, svo nota varð tölvutæknina til að gera skapahárin sem raunverulegust. Sienna er þó sögð hafa staðið sig með mestu prýði við tökur kvikmyndarinnar.



**HEATH LEDGER** Fjárfesti í bar í Brooklyn.

## Bar Ledgers opnaður í ár

**Leikarinn Heath Ledger sem lést fyrr á árinu hafði fjárfest í bar sem átti að opna í Brooklyn, New York. Framkvæmdir á húsnæðinu hafa staðið í stað síðan leikarinn dó, en nú hefur faðir Heaths ákveðið að leggja til fjármagn svo að framkvæmdir geti hafist á ný. Faðir Heaths sagði að sonur sinn hefði viljað klára barinn og því ætli hann að sjá til þess að svo verði. Búist er við því að barinn verði opnaður í lok þessa árs, en hann er á horni Lorimer strætis og Bedford Avenue og hefur hlotið nafnið Five Leaves.**

# Hvert liggur leið þín um helgina?

**Um verslunarmannahelgi er mikið um dýrðir og margt að sjá. Ekki er þó öll skemmtunin eins og skiptast hátíðirnar í tvennt, djamm og fjölskylduskemmtanir. Kolbrún Björt Sigfúsdóttir kíkti á úrvalið.**

### Fjölskylduskemmtun (misbarnvæn)



**UMDEILD** Ein með öllu á Akureyri hefur vakið athygli fyrir fleira en góða dagskrá. MYND/ÖRLYGUR HNEFILL

**Ein með öllu á Akureyri**

Ein með öllu er ein af þeim hátíðum sem hefur misjafnan orðstír. Hátíðin stendur vissulega undir nafni, enda mjög fjölbreytt. Blandað er saman opinberum viðburðum og smærri uppákomum á skemmtistöðum bæjarins og er leitast við að höfða til allra aldurshópa. Tívolí verður í bænum, sjóstangveiði stendur til boða og Ævintýraland skemmtir yngstu hátíðargestunum. Meðal helstu viðburða má nefna tónleika Ný Danskrar, Sparitónleika á Akureyrarvelli þar sem fram koma Eurobandið ásamt danska Evrósivjónfaranum Simon Mathew, Sigga Beinteins og fleiri. Einnig verða tónleikar með Sálinni hans Jóns míns og Páli Óskari. Dagskrána í heild sinni má nálgast á einmedollu.is.



**FYRIR BÖRNIN** Neistaflug býður upp á góða dagskrá fyrir börn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**Neistaflug í Neskaupstað**

Neistaflug er fyrst og fremst fjölskylduhátíð og því lögð mikil áhersla á íþróttaviðburði og skemmtun fyrir börn, sem er mjög vegleg. Hátíðin byrjar á fimmtudeginum með Blúsdjammi og rokktónleikum en seint verður sagt að landsins stærstu skemmtikraftar stígi á stokk hér. Stærstu nöfnin eru Selma Björns og Einar Ágúst, sem halda Eurovisionkvöld, Stúlknasveitin Kári? sem tekur nokkur lög og Ný dönsk sem spilar á sunnudagskvöldinu. Helsti kostur hátíðarinnar er hversu vinaleg hún virðist. Neistaflug.is

**Sæludagar í Vatnaskógi**

Vímulaus og kristin, enda á vegum KFUM og KFUK. Áhersla er lögð á íþróttaviðburði, fjölskylduskemmtun og bænahald. Hvað tónleikahald varðar ber þar hæst tónleika Bubba og Péturs Ben á laugardeginum. Fyrir þá sem eru að leita sér að djammi er það helst spennandi hér að detta í það og láta ekki ná sér, en sem fyrr segir er hátíðin vímulaus og er öllum hent út sem gerast sekir um drykkju. Dagskrá Sæludaga má nálgast á kfum.is

**Fjölskyldudagar á Stokkseyri**

Stokkseyri býður upp á frí tjaldsvæði um verslunarmannahelgina. Það sem dregur helst að eru kajaksiglingar, flugeldasýning og Töfragarðurinn, skemmtigarður. Allt þetta er þó stílað sérstaklega inn á börn. Fjöldi setra og sýninga ættu einnig að gleðja lítil hjörtu, svo sem Draugasetrið, Álfa-, trölla- og norðurljósasetrið og Veiðisafn. Lítið er um tónlist, einu tónleikarnir eru með Heru á Draugabarnum, á laugardagskvöld. Dagskrána í heild má finna á stokkseyri.is.



**SÍGILT** Síldarævintýri á Siglufirði.

**Síldarævintýrið á Siglufirði**

Eins og nafnið gefur til kynna snýst Síldarævintýrið ekki aðeins um skemmtun heldur einnig um fisk. Atburðir eru af ýmsum toga, allt frá myndlistarsýningum til tónleika og sjóstangveiði. Þá verður söltunarsýning, tónleikar með óskalögum sjómanna, harmonikkuleikur og annað sprell. Segja mætti að allt við Síldarævintýrið sé „kankvíst" og svolítið gamaldags á besta mögulega máta. Stærstu fiskarnir eru Páll Óskar, sem spilar á föstudeginum og Bermúda, auk heimamanna.

### Fyrir fullorðna

**Mýrarboltinn**

Mýrarboltinn 2008 fer fram á Ísafirði. Mótið er haldið í fimmta sinn en leikið er í Tungudkógi í Skutulsfirði. Eins og kemur fram á heimasíðu mýrarboltans, myrarbolti.com, þá á mýrarbolti rætur sínar að rekja til Finnlands. Á íþróttin að hafa þróast úr sumaræfingum göngkuskíðamanna en er nú ein vinsælasta sumaríþrótt Norður-Finna. Í ár hafa nýjar reglur verið kynntar til leiks í formi bleiks og svarts spjalds. Bleika spjaldið fer á loft ef leikmaður meiðir annan. Þá á viðkomandi að kyssa á bágtið hjá þeim særða. Ef leikmaður neitar er dregið upp svarta spjaldið, en þá á leikmaðurinn að spila með svartan hauspoka í tvær mínútur. Leikurinn er annars líkur



**DRULLA** Mýrarboltinn er með því óhefðbundnara í boði um helgina MYND/TEH

fótbolta, nema hvað reglur fótboltans eru teygðar lítillega. Leiktími er tvisvar sinnum tólf mínútur. Eins og gefur að skilja verður fólk ansi drullugt við að spila, en í því felst sportið.



**GLÁS AF FÓLKI** Þjóðhátíð í Eyjum er alltaf vinsæl. MYND/JÓHANN INGI

**Þjóðhátíð í Eyjum**

Þjóðhátíð þarf vart að kynna þar sem hún er stærsta útihátíð Íslands. Hingað fara allir helstu djammararnir og hafa Reykvíkingar haft orð á því hvað borgin er róleg þessa helgi. Þjóðhátíð skartar helstu skemmtikröftum landsins, Árni Johnsen tekur lagið, Í svörtum fötum, Heimilistónar, Raggi Bjarna, Land og Synir, Dr. Spock, færeyska hljómsveitin Boys in a Band, Nýdönsk, Á móti sól, Páll Óskar og Bubbi skemmta landanum. Þrátt fyrir mikla tónlistarveislu er drykkja og tjaldmenning jafnvel enn hærra á lista hjá gestum. Hátíðin hefur skapað sér sess sem „það sem maður á að gera" um verslunarmannahelgi og virðist ekki valda vonbrigðum, þrátt fyrir alls konar veðráttu seinustu ár. Hún er bæði vinsælust og dýrust hátíða.

**Innipúkinn**

Fyrir harðari tónlistaráhugamenn hefur Innipúkinn verið hollur vinur um verslunarmannahelgina, en þetta er í sjöunda sinn sem hátíðin er haldin. Haldnir eru tónleikar á föstudags og laugardagskvöld á Nasa. Hátíðin hefur verið misstór, stundum hefur hún verið pökkuð af erlendum listamönnum en í ár er lögð áhersla á íslenska tónlist. Hjaltalín, FM Belfast, Múgsefjun, Dr. Spock, Hjálmar, Morðingjarnir, Megas og Senuþjófarnir, Benni Hemm Hemm, Dísa, Sprengjuhöllin, og Borko eru á meðal listamanna í ár. Helsti kostur innipúkans er góð tónlist, ótrufluð af veðráttu og tjaldmeiðslum.

**Afmælishátíð Organ**

Í tilefni eins árs afmælis tónleikastaðarins Organ verður boðið til tónlistarveislu um helgina, en Innipúkinn var haldinn á Organ í fyrra. Hátíðin verður lagskipt eftir tónlistarstílum og hægt er að kaupa sig inn á einstök kvöld. Jeff Who?, Mínus, Dikta, Skátar, Jan Mayen, DLX ATX, Æla, Evil Madness, Bjartmar Guðlaugsson, My Summer as a Salvation Soldier og Diversion sessions koma fram, ásamt fleirum. Einnig verða annars konar, afmælistengdir, atburðir á dagskrá, grill, kaka og fleira. Búast má við að mismunandi hópar sæki mismunandi kvöld, en ljóst er að hátíðin bætir óneitanlega úrvalið fyrir þá sem vilja vera í Reykjavík.

**Jack Live útihátíðin**

Dillon á Laugavegi stendur fyrir útihátíð í Reykjavík, í bakgarði barsins. Er hún hugsuð sem ráð fyrir þá sem vilja fara á útihátíð en eiga ekki pening. Grillað verður í garðinum auk þess sem Jeff Who?, Jan Mayen, Mammút, Brain Police og fleiri spila. Verði rigning er því hægt að upplifa sig eins og harðan útilegumann í miðborginni. Af og til verða svo gleðitímar eða „Happy Hour", þar sem verð veitinga ákvarðast af lukkuhjóli.

kolbruns@frettabladid.is



**ÚTIHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK** Dillon býður í portið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Hjaltalín á RIFF



**Á STÓRUM SKALA** Dregið verður fram það kvikmyndalega í tónlist Hjaltalín á RIFF í haust.

Hjaltalín semur og flytur tónlist við Sögu Borgarættarinnar sem sýnd verður á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í lok september.

„Okkur finnst alltaf spennandi að blanda saman einhverju nýju og einhverju gömlu,“ sagði Atli Bollason, verkefnastjóri tónlistardagskrár kvikmyndahátíðar. „Kvikmyndahátíðin sem slík hefur alltaf lagt áherslu á að vera með það nýjasta og ferskasta í kvikmyndagerð. Þar sem við erum að fara af stað með tónlistar-hliðardagskrá þá ákváðum við að sækja í það sem er kannski nýjast og ferskast í tónlist.“

Á hátíðinni verður meðal annars ráðstefna um tengsl tónlistar og kvikmynda. „2006 fengum við Benna Hemm Hemm til að semja tónlist við Fjalla-Eyvind. Það heppnaðist alveg frábærlega vel. Saga Borgarættarinnar er önnur myndin sem byggð er á íslensku handriti og sú fyrsta sem tekin er upp hér á landi. Okkur fannst þetta skemmtileg tenging, að brúa saman tvær aldir með þessum hætti.“ Saga Borgarættarinnar var frumsýnd hérlendis 1921 og er byggð á skáldsögu Gunnars Gunnarssonar, sem kom mikið að henni. „Það vita allir hver Halldór Laxness var en ekki Gunnar Gunnarsson. Þetta er frekar fersk leið til að kynnast honum.“

Atli segir kvikmyndahátíðina, RIFF, lofa góðu. „Í fyrra voru þetta um hundrað myndir og um 20 þúsund áhorfendur sem komu. Þetta virðist ætla að verða ennþá stærra og betra núna.“

- kbs

# Í fullu starfi sem umbi Sign og Boys in a Band

**Umboðsmaðurinn Gis Von Ice vinnur með íslensku rokkurunum í Sign og færeysku sveitinni Boys in a Band. Hann spáir báðum böndunum góðu gengi á næstunni.**



**BOÐIÐ TIL BRETLANDS** Ragnar Sólberg og Sign spila á Gay Pride í Dorchester.

Ísfirðingurinn Gísli Þór Guðmundsson hefur búið í London síðast liðin 17 ár. Hann er eiginmaður Önnu Hildar Hildibrandsdóttur sem rekur Iceland Music Export. Gísli kemur þó hvergi nærri rekstri Önnu heldur sér um umboðsmennsku fyrir Ragnar Sólberg og félaga í Sign og færeyska bandið Boys in a Band, auk þess að koma tónlist á netið fyrir iTunes og eMusic í hlutastarfi.

„Umboðsmennskan er þó eiginlega orðið fullltæmdjobb og ég met framtíðarhorfurnar hjá þessum böndum mjög góðar,“ segir Gísli sem kallar sig Gis Von Ice til að gera lífið léttara. „Það eru ungir strákar í þessum böndum og bara vonandi að þeir nenni að hanga í þessu. Þetta er ströggl. Þetta sem heillar mig við bæði böndin er hversu rosalega góð þau eru á sviði.“

Gísli segir Sign ganga vel í Bretlandi. „Hljómsveitin er komin með „fanbase“, sem er erfitt að eignast í Bretlandi og eru að fara aftur út að spila í ágúst. Sign spilaði á Gay Pride í Dorchester í fyrra og þá urðu menn svo ánægðir með bandið að þeir borga undir það til að koma út í ár. Við bókum svo nokkur gigg í kringum þetta.“

Fyrsta plata Boys in a Band frá Götu er komin út, Black Diamond Train. „Söngvarinn í bandinu þekkir bara Elvis, Johnny Cash og Bob Dylan og ég er að kynna þá fyrir nýrri böndum eins og The Raconteurs og Kings of Leon, sem mér þykir þeir minna á,“ segir Gísli. „Færeyjar eru rosalega gamaldags og útvarpið er eins og Gufan fyrir 30 árum. Það skilar sér í því að hljómsveitir eltast ekki við nýjustu „trendin“. Boys in a band er orðið aðalbandið í Færeyjum og þeir tóku túr á 24 tímum, spiluðu á 24 tónleikum á 24 stöðum. Flugu á þyrlum, þeystu á mótorhjólum og reiðhjólum. Þetta vakti mikla athygli úti.“

Boys in a band spila á þrennum tónleikum á Íslandi um verslunarmannahelgina, á Innipúkanum, Þjóðhátíð í Eyjum og á Dillon.

gunnarh@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÖÐRU NAFNI GIS VON ICE** Gísli Þór Guðmundsson umboðsmaður hefur í nógu að snúast sem umboðsmaður Sign og Boys in a Band frá Færeyjum. Sign eru á leið á Gay Pride í Dorchester á Englandi. Boys in a Band eru á leið til Íslands.

# Rósenberg opnað á nýjum stað

Café Rósenberg verður opnað að nýju á Klapparstíg 25. Staðurinn verður þar sem Sjö níu þrettán var. Stefnt er á að opna í byrjun ágúst en Café Rósenberg brann fyrir rúmu ári í brunanum við Lækjargötu. „Þetta verður í sama stíl. Þetta er dálítið stærra húsnæði þannig að það verða sófahorn og leshorn með bókum. Við verðum í þessum geira áfram að vera með djass, blús og „folk“. Svo opnum við eldhúsið fljótlega,“ segir Þórður Pálmason, eigandi Rósenberg.

„Ég er gríðarlega glaður með þetta. Við náum upp einhverju af sömu stemningunni, með því dóti sem slapp í brunanum. Píanóið, það brann helmingurinn af því. Ég ætla samt að setja það upp á svið. Það verður minnisvarðinn um að lifa dauðann af.“ Þórður vinnur hörðum höndum við að innrétta og breyta staðnum. „Við erum til dæmis að setja upp veggi með hljóðeinangrun í til að fá betri hljóm í rýmið.“

Mikill spenningur er í tónlistarmönnum. „Menn hafa verið að rölta við og bóka. Svo er Robin Nolan að koma og ætlar að spila 10. og 11. ágúst, þannig að ég verð allavega að vera kominn í gang þá. Það er búið að setja rosa pressu á okkur. Músíkantarnir vilja fá þetta strax.“

Safnað var fyrir endurbyggingu staðarins undir formerkjunum Reisum Rósenberg, rúmum 512 þúsundum. „Við ætlum að kaupa fyrir það hljómflutningsgræjur. Ef ég hefði ekki farið í þennan bransa aftur hefðum við gefið þetta í gott málefni. Nú er málefnið komið, upphaflega málefnið, þannig að það kemur ekki til.“ Hann segir spenninginn góðs viti. „Ég held að það hafi vantað svona stað.“

- kbs



**BYGGIR UPP** Þórður Pálmason reisir Rósenberg á nýjum stað með hjálp vina sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | L |
| MAMMA MIA LÚXUS | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | L |
| MEET DAVE | kl. 3.45 | 7 |
| HANCOCK | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA ÍSL. TAL | kl. 3.45D | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| HANCOCK | kl. 10.20 | 12 |
| MEET DAVE | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| BIG STAN | kl. 5.50 - 8 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 10.10 | 12 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT | kl. 6 - 9 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 6 - 10.10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT | kl. 4, 7 og 10-POWER | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.40, 8 og 10.15 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 3.30, 5.50, 8 og 10.15 | L |
| KUNG FU PANDA - ÍSL. TAL | kl. 4 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 | VIP |
| MAMMA MÍA | kl. 2 - 3:40 - 6 - 8:20 | L |
| DECEPTION | kl. 8 - 11:10 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 2 - 3:40 - 5:50 | L |
| KUNG FU PANDA m/ensku tali | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| WANTED | kl. 11:10 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - (11:10 Power) | 12 |
| DECEPTION | kl. 10:20 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6D | L |
| WANTED | kl. 8 | 16 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 11 | 12 |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |
| BIG STAN | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA m/ensku tali | kl. 8 | L |
| DECEPTION | kl. 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 11 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 10:20 | 12 |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |

UPPSELT ÖRFÁ SÆTI




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## >FH Íslandsmeistari í frjálsum

FH vann öruggan sigur í stigakeppninni en ÍR vann í stigakeppni kvenna og náði öðru sæti samanlagt. FH hlaut 45.244 stig í heildarkeppninni, ÍR-ingar komu næstir með 25.022 stig og í þriðja sæti urðu Blikar með 23.119 stig. Sigur FH í karlaflokki var afar sannfærandi því Hafnfirðingar fengu 30.784 stig eða rúmlega helmingi fleiri stig en Breiðablik sem kom næst á eftir. ÍR-konur unnu kvennakeppnina á 14.505 stigum og FH fékk 14.460 eftir að hafa verið með forystuna eftir fyrri daginn. FH vann alls sautján Íslandsmeistaratitla þar af sjö af átta í boði í kastgreinum.



**sport**
sport@frettabladi

HAUKASTÚLKAN SARA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR: GETUR FARIÐ Í ÖLL BESTU KVENNALIÐ LANDSINS

# *Ég ætla að taka þessa ákvörðun sjálf*

Sara Björk Gunnarsdóttir er orðin lykilmaður í íslenska landsliðinu sem hefur ekki tapað með hana í byrjunarliðinu. Hún á hins vegar enn eftir að leika í Landsbankadeildinni en það gæti breyst á næstunni. Það vilja öll lið deildarinnar krækja í þennan skemmtilega leikmann og valið er því erfitt fyrir þessa 18 ára stelpu.

„Ég er ennþá óákveðin og er ekki búin að taka neina ákvörðun. Ég ætla allavega að fara á láni út tímabilið til einhvers liðs í Landsbankadeildinni," segir Sara Björk og flest kvennalið landsins dreymir um að fá þessa ungu og bráðefnilegu knattspyrnukonu til liðs við sig.

„Ég á marga möguleika í stöðunni og ég þarf að hugsa mig vel um. Ég vil fara í lið sem er í toppbaráttunni en ekkert endilega í annaðhvort þessara tveggja toppliða sem allir halda kannski. Mér er búið að ganga vel með landsliðinu og mér finnst mjög spennandi og skemmtilegt að svo mörg lið hafi áhuga á að fá mig," segir Sara. Hún er ekki sátt við gengi Haukaliðsins í 1. deildinni í sumar. „Möguleikarnir hjá okkur í Haukum að fara upp eru mjög litlir og það þarf svolítið mikið að gerast svo að við komust upp," segir Sara og hún játar að gengi liðsins í 1. deildinni í sumar hafi verið vonbrigði. „Okkur gekk mjög vel á undirbúningstímabilinu og við settum okkur það markmið að fara strax upp. Ég held að það hafi bara verið of mikil pressa á stelpurnar. Fyrri umferðin gekk bara hræðilega," segir Sara sem hefur skorað úrslitamörkin í öllum þremur sigurleikjum Haukanna í sumar og alls fimm af átta mörkum liðsins.



Sara segir að áreitið sé mikið á sig þessa daganna. „Það eru allir að spyrja mig um hvað ég sé að fara að gera og sumir eru að pressa á mann að fara ekki í þetta lið. Ég þarf að ákveða þetta sjálf og eftir því hvað hentar mér best. Stjarnan, Breiðablik, Valur og KR eru þessi helstu lið en þau vilja öll fá mig," segir Sara sem ætlar að taka þessa ákvörðun ein og óstudd. „Fólkið í kringum mig er að ráðleggja mér en ég ætla að velja þetta fyrir mig sjálfa. Það mun örugglega gerast eitthvað í vikunni," segir Sara Björk að lokum.



**ERFITT Í DALNUM** Blikinn Jóhann Berg Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Landsbankadeild karla:

## Vinna Blikar loks í Dalnum?

**FÓTBOLTI** Breiðabliksliðið sem hefur unnið þrjá deildarleiki í röð og alls fimm leiki í röð í deild og bikar og er komið á mikið flug og því sjaldan verið í betri aðstöðu til að sigrast á Laugardalsgrýlunnni.

Blikar hafa nefnilega ekki unnið deildarleik í Dalnum í 27 ár og hafa nú leikið 28 leiki í röð á Laugardalsvelli eða Valbjarnarvelli án þess að ná að fagna sigri. Síðasti sigur liðsins í Dalnum var á KR á Valbjarnarvellinum 4. júní 1981 en Breiðablik hefur náð í eitt stig í 16 af þessum 28 leikjum.

Það er reyndar ákveðið áhyggjuefni að síðustu þrír deildarleikir í efstu deild Blika og Þróttara hafa endað með markalausu jafntefli og liðin eru nú búin að leika innbyrðis í 283 mínútur án þess að skora. - óój

**GENGI BREIÐABLIKS Í LAUGARDAL (frá 4. júní 1981)**

| | |
|---|---|
| Leikir | 28 |
| Sigrar | 0 |
| Jafntefli | 16 |
| Tapleikir | 12 |
| Markatala | 23-39 (-16) |

# Silja kvaddi sem gulldrottningin

**Silja Úlfarsdóttir vann þrjú gull í einstaklingsgreinum og tvö í boðhlaupum á Meistaramóti Íslands í frjálsum. FH veitti henni gullmerki félagsins og gaf henni og manninum hennar ferð til Parísar.**

**FRJÁLSAR** Lokamót spretthlauparans Silju Úlfarsdóttur á ferlinum var draumi líkast. Hún vann öll fimm hlaupin sem hún tók þátt í, FH varð Íslandsmeistari og í lok móts fékk hún gullmerki FH fyrir frábært framlag til sigursælasta frjálsíþróttafélags landsins síðustu árin.

„Þetta var alveg eins og ég vildi hafa það. Þetta er bara búin að vera æðisleg helgi og bara rosa gaman," sagði Silja þegar Fréttablaðið heyrði í henni þegar hún var að fagna með vinum og vandamönnum.

„Ég var bara að hugsa um að vinna mínar greinar og tímarnir voru allt í lagi," segir Silja og hún fékk óvæntan glaðning í mótslok. „Það var rosalega gaman eftir mótið því þá komu núverandi og fyrrverandi formenn FH og gáfu mér gullmerki FH," segir Silja og það var ekki allt búið.

„Núna er ég heima að fagna með nánustu ættingjum og þjálfurum og svo er ég bara að fara að pakka niður. FH gaf mér og manninum mínum ferð til Parísar. Það er gott að vita að þau kunna að meta það sem maður hefur lagt í þetta," segir Silja og hún er líka mjög sátt með gengi félagsins á mótinu.

„Við í FH erum mjög ánægð með þessa helgi. Það var nýtt og skemmtilegt fyrirkomulag í stigagjöfinni. Þetta var árangurstengt sem kom sér betur fyrir okkur þar sem við eigum marga góða afreksmenn," segir Silja.



**SIGURSTUND** Silja Úlfarsdóttir úr FH kemur hér í mark í 200 metra hlaupi sem var þriðja einstaklingsgreinin sem hún vann á Meistaramótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Silja Úlfarsdóttir bætti í gær tveimur gullum við þau þrjú sem hún vann á laugardaginn og var því enn á ný sigursælasti keppandinn á Meistaramótinu en hún vann gullið í öllum fimm greinunum sem hún tók þátt í á kveðjumóti sínu. Silja hefur þar með unnið 31 gull í einstaklingskeppni Meistaramótsins frá því að hún vann sitt fyrsta í 400 metra hlaupi árið 1997.

Þetta var fjórða árið í röð sem Silja nær að vinna öll þrjú spretthlaupin en það hefur hún afrekað á alls sex Meistaramótum á sínum ferli því auk þess að vinna 100, 200 og 400 metra hlaupin frá og með árinu 2005 þá vann hún einnig sprettþrennuna 2001 og 2002.

Sveinn Elías Elíasson náði einnig sprettþrennunni þegar hann vann 200 metra hlaupið í gær. Þetta er þriðja árið í röð sem þessi eldfljóti Fjölnismaður vinnur þrefalt í spretthlaupum á Meistaramóti Íslands.

Alls náðu fimm íþróttamenn að vinna fleiri en eina grein. Silja og Sveinn unnu þrjár en millivegahlauparinn Arndís Ýr Hafþórsdóttir úr Fjölni vann bæði 1.500 og 3.000 metra hlaupin og Sigurbjörn Árni Arngrímsson úr HSÞ vann bæði 800 og 1.500 metra hlaupið. Þá vann Ármenningurinn og sjöþrautarkonan Helga Margrét Þorsteinsdóttir flest einstaklingsverðlaun á mótinu en hún komst á pall í sjö greinum, þar af vann hún tvö gull, tvö silfur og þrjú brons. ooj@frettabladid.is




Íslenska handboltalandsliðið endaði í neðsta sæti á æfingamóti í Frakklandi:

# Þriðji tapleikur liðsins í röð

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið tapaði þriðja leiknum í röð á æfingamótinu í Frakklandi í gær þegar liðið lá 30-33 fyrir Egyptum. Íslenska liðið endaði þar með í fjórða og neðsta sæti á mótinu en þetta voru síðustu leikir liðsins áður en farið verður til Kína. Egyptar voru með frumkvæðið allan tímann eftir að þeir breyttu stöðunni úr 8-8 í 12-8 og náðu mest átta marka forskoti í seinni hálfleik.

Varnarleikur íslenska liðsins leit ekki vel út í þessum leik. Egyptar skoruðu 15 mörk með langskotum og skoruðu síðan fullt af mörkum með gegnumbrotum og af línu eftir að hafa sundurspilað íslensku vörnina. Vörnin fór ekki út í skytturnar og hvað eftir annað féllu menn fyrir minnstu gabbhreyfingum.

Leikur íslenska liðsins virtist hreinlega hrynja í upphafi seinni hálfleiks og Egyptar löbbuðu í gegnum vörnina hvað eftir annað og komust mest átta mörkum yfir, 28-20.

Ingimundur Ingimundarson átti flotta innkomu í íslensku vörnina eftir miðbik seinni hálfleiks og í kjölfarið náði íslenska liðið að skora 7 mörk gegn einu og að minnka muninn í tvö mörk, 27-29. Íslenska liðið fékk tækifæri til þess að minnka muninn enn frekar en Egyptar voru sterkari á lokakaflanum og lönduðu sigri.

Það voru mikil þreytumerki á íslenska liðinu sem kom ekki síst fram í varnarleiknum þar sem vinnslan var hvergi nærri góð. Björgvin Páll Gústavsson var oft ekki öfundsverður í íslenska markinu þegar Egyptar fengu frí skot hvað eftir annað, en hann átti tvo mjög góða spretti, í lok beggja hálleikja, og varði meðal annars tvö víti og 13 skot alls.

Snorri Steinn Guðjónsson var markahæstur í íslenska liðinu eins og í hinum leikjunum á mótinu. Snorri Steinn sýndi gríðarlegt öryggi af vítalínunni í öllum þremur leikjuum en fimm af sex mörkum hans í gær komu af sjö metra línunni. - óój



**21 MARK** Snorri Steinn Guðjónsson var markahæstur Íslendinga á mótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Mörk Íslands:** Snorri Steinn Guðjónsson 6/5, Logi Geirsson 5, Alexander Petersson 4, Ásgeir Örn Hallgrímsson 3, Guðjón Valur Sigurðsson 3, Bjarni Fritzson 2, Ólafur Stefánsson 2, Sigfús Sigurðsson 1, Sturla Ásgeirsson 1, Sverre Jakobsson 1, Róbert Gunnarsson 1, Ingimundur Ingimundarson 1.



# Þrusu Þróttarar og bráðskemmtilegir Blikar

## í margslungnum leik í Laugardalnum kl. 20 í kvöld

Tvö áræðin lið undir stjórn köttaðra þjálfara, sem kalla ekki allt ömmu sína þegar stilla á upp fótboltaliði.
Hvernig á svona leikur að geta verið annað en skemmtilegur?

### Grillvagninn frá 10-11

Þessi ósyfjaða verslunarkeðja lætur sér ekki nægja að vera helsti styrktaraðili Þróttar heldur splæsir líka pylsum á mannskapinn. En munið bara að pylsupottinum verður skellt aftur korteri fyrir leik svo hvernig væri nú bara að mæta tímanlega?

### Mark frá miðju *taka lýsi, taka lýsi oleioleioleioleiolei*

Völdum áhorfendum gefst nú færi á að skora frá miðju - nokkrum fyrir leik og öðrum í hálfleik. Verðlaunin í þessum heimaleik eru frá Lýsi. Þeim sem tekst að senda knöttinn í mark í loftinu, fá svo annað tækifæri á síðasta heimaleik Þróttar því þar verður keppt til þrautar um sigurvegara og verðlaunin vegleg.



### Lýst er eftir Þrótturum

Þegar síðast sást til, fór af vellinum fjöldi manna að meðaltali meðalmenn á hæð, uppáklæddir eins og vera ber en svolítið súrir. Við minnum þessa félaga okkar á, að hafi verið ástæða til að vera súr þann daginn, þá er löngu búið að kvitta fyrir það og Þróttur á fínni siglingu í úrvalsdeild.

Í engri sérstakri röð koma þessir menn upp í kollinn og eru þeir, sem vita um ferðir þeirra, beðnir um að taka þá með á völlinn.

### Koma svo:

Steini Gunn, Tryggvi Geirs, Óli Morthens, Steini Snædal, Siggi Pé, Siggi spíra, Diddi Palli Ólafs, Þormóður og Siggi Sveins, Helgi Gunn og Gunni bróðir hans, Haukur Hafsteins, Haukur Nikk, Hallur Baldvins, Tommi Jönu, Hrossagrjóni og Goggi, Höddi, Pétur æskuvinur, Benni og Höddi, Jón eldhúsrúlla, Gunni Skapta, Tóti te, Brilló, FréttaBenni og LýsisDolli, Gummi Erlings, Nikki höttur, Kristján (hvorki séð né heyrt) Kristján Gísla, Deidó, Siggi Gunn, Hilli og Óli, Gísli Jóns, Gummi Kærn, Svenni, bróðir Evu og félagar hans, Gunni Árna, Valdi, Leifur og aðrir blakarar, Hafliði, Jói Fel og aðrir bakarar, Jörgen, Dóri rakari og aðrir rakarar.......Þegar þessari lauslegu upptalningu er lokið veltir maður svo fyrir sér hvar kvenfólkið sé því Þróttur er talinn vera með eitt alkarlmannlegasta knattspurnuliðið á Norðurlöndum.

Þeir aðilar sem standa sérstaklega á bakvið heimaleikjaátak Þróttar á þessum leik eru:

10-11 olís LYSI

LIFI ÞRÓTTUR

## LOKASTAÐAN

*Íslandsmótið í höggleik 2008*

**Karlaflokkur**

| | |
|---|---|
| 1.Kristján Þór Einarsson, GKJ | 284 |
| 1. Björgvin Sigurbergsson GK | 284 |
| 1. Heiðar Davíð Bragason GR | 284 |
| 4. Sigmundur Einar Másson GKG | 287 |
| 5. Sigurpáll Geir Sveinsson, GKJ | 288 |
| 6. Örn Ævar Hjartarson, GS | 290 |
| 7. Júlíus Hallgrímsson, GV | 292 |
| 7. Ottó Sigurðsson, GR | 292 |
| 9 Guðjón H. Hilmarsson, GKG | 293 |
| 9. Haraldur Franklín Magnús, GR | 293 |
| 11. Ólafur Björn Loftsson, NK | 295 |
| 11. Auðunn Einarsson, GK | 295 |
| 11. Birgir Guðjónsson GR | 295 |
| 14. Pétur Óskar Sigurðsson, GR | 296 |
| 15. Sigurþór Jónsson, GR | 298 |
| 16 Alfreð Brynjar Kristinsson, GKG | 299 |
| 16. Ólafur Hreinn Jóhanness., GS | 299 |
| 16. Þorsteinn Hallgrímsson,GV | 299 |
| 19. Axel Bóasson,GK | 300 |
| 19. Hlynur Geir Hjartarson,GK | 300 |
| 19. Arnar Snær Jóhannsson,GR | 300 |
| 19. Stefán Már Stefánsson,GR | 300 |
| 19. Andri Þór Björnsson,GR | 300 |
| **- umspilið- (16. til 18. hola)** | |
| 1.Kristján Þór Einarsson, GKJ | 12 (-1) |
| 1. Heiðar Davíð Bragason GR | 12 (-1) |
| 3. Björgvin Sigurbergsson GK | 14 (+1) |
| **- bráðabani-** | |
| 1. Kristján Þór Einarsson, GKJ | 9 (-1) |
| 2. Heiðar Davíð Bragason GR | 10 (Par) |

**Kvennaflokkur**

| | |
|---|---|
| 1. Helena Árnadóttir,GR | 308 |
| 1. Nína Björk Geirsdóttir,GKJ | 308 |
| 3. Tinna Jóhannsdóttir,GK | 311 |
| 4. Eygló Myrra Óskarsdóttir,GO | 313 |
| 5. Ragnhildur Sigurðardóttir,GR | 316 |
| 6. Ásta Birna Magnúsdóttir,GK | 317 |
| 6. Valdís Þóra Jónsdóttir,GL | 317 |
| 8. Þórdís Geirsdóttir,GK | 319 |
| 9. Hanna Lilja Sigurðardóttir,GR | 331 |
| 9. Ragna Björk Ólafsdóttir,GK | 331 |
| **- umspilið- (10. til 12. hola)** | |
| 1. Helena Árnadóttir,GR | 12 (+1) |
| 1. Nína Björk Geirsdóttir,GKJ | 12 (+1) |
| **- bráðabani- (10. og 11. hola)** | |
| 1. Helena Árnadóttir,GR | 10 (+2) |
| 2. Nína Björk Geirsdóttir,GKJ | 12 (+4) |



**TAPAÐI Í BRÁÐABANA** Heiðar Davíð Bragason klúðraði hreinlega frábærri stöðu í lokin. VÍKURFRÉTTIR/VALUR

Íslandsmótið í golfi í gær:

## Sögulegur endir

**GOLF** Íslandsmeistaramótið í golfi fór tveimur tímum fram úr áætlun í gær þar sem bæði karla- og kvennakeppni fóru alla leið í bráðabana. Þetta er í fyrsta sinn sem þarf umspil í báðum flokkum á Íslandsmótinu í höggleik. - óój

### UMSPIL SÍÐUSTU 30 ÁR:

**Karlaflokkur**

**2008**
Kristján Þór Einarsson úr Kili vann Heiðar Davíð Bragason úr GR í bráðabana eftir þriggja manna umspil við Heiðar og Björgvin Sigurbergsson úr Keili.
**1999**
Björgvin Sigurbergsson úr Keili vann Örn Ævar Hjartarson úr GS í umspili á Hvaleyrinni.
**1990**
Úlfar Jónsson úr GK vann Ragnar Ólafsson úr KR í umspili á Jaðarsvelli á Akureyri.
**1978**
Hannes Eyvindsson úr GR vann Gylfa Kristinsson úr GS í umspili á Hólmsvelli í Leiru.

**Kvennaflokkur**

**2008**
Helena Árnadóttir úr GR vann Nínu Björku Geirsdóttur úr Kili í umspili í vestmannaeyjum.
**2006**
Helena Árnadóttir úr GR vann Ragnhildi Sigurðardóttur úr GR í umspili á Urriðavelli.
**2005**
Ragnhildur Sigurðardóttir úr GR vann Ólöfu Maríu Jónsdóttur úr Keili í umspili á Hólmsvelli í Leiru.
**2001**
Herborg Arnarsdóttir úr GR vann Ólöfu Maríu Jónsdóttur úr Keili í umspili á Grafarholtsvelli.

Kjalarsmaðurinn Kristján Þór Einarsson átti frábæran lokadag og tryggði sér fyrsta titilinn í bráðabana:

# Byrjaði daginn 11 höggum á eftir Heiðari

**GOLF** Kristján Þór Einarsson lék frábærlega síðasta daginn og vann Íslandsmeistaratitilinn þrátt fyrir að hefja leik ellefu höggum á eftir fyrsta manni. Kristján lék lokahringinn á einu höggi undir pari og spilaði síðan óaðfinnanlega í umspilinu og bráðabananum.

„Það er nokkuð ljúft að vera kominn með titilinn. Ég ætlaði mér að bæta árangurinn frá því í fyrra þegar ég lenti í áttunda sætinu. Þetta var skemmtilegur endir á þessu,“ sagði Kristján Þór og bætti við:

„Þegar þeir lentu í þessu veseni á sextándu þá opnaðist þetta aftur fyrir mig,“ sagði Kristján sem sagðist hafa vitað stöðu mála þegar hann setti niður púttið fyrir fugl á lokaholunni en það átti eftir að tryggja honum sæti í umspilinu. „Ég vissi þá að ég átti aftur möguleika og það var mjög sterkt að setja það pútt niður,“ sagði Kristján.

„Ég var að spila mjög vel í dag og það gekk næstum því allt upp hjá mér,“ sagði Kristján sem var ekkert stressaður að glíma við reynsluboltana Björgvin Sigurbergsson og Heiðar Davíð Bragason í umspilinu.

„Ég var bara stressaður í fyrsta högginu á fyrstu holunni í umspilinu. Það var eina höggið sem ég var stressaður fyrir. Ég setti niður mjög gott pútt á þeirri holu sem gaf mér sjálfstraust,“ segir Kristján sem sagðist hafa átt að klára þetta strax í umspilinu. „Ég var bara klaufi á átjándu að setja ekki niður gott pútt en þetta hafðist í lokin,“ sagði Kristján að lokum.

„Ég bjóst aldrei við þessu. Ég og Simmi sem vorum að spila saman í dag töluðum saman á annarri og vorum að veðja á hvað Heiðar myndi vinna þetta með mörgum höggum. Við veðjuðum á sjö högg,“ sagði Kristján í léttum tón. Það getur hins vegar allt gerst í golfinu og þá sérstaklega í Eyjum. - óój



**FRÁBÆR Í GÆR** Kristján Þór Einarsson lék vel á lokadeginum en enn betur í umspilinu. VÍKURFRÉTTIR/VALUR

# Dramatíkin engu lík á lokadeginum

**Kristján Þór Einarsson úr Kili og Helena Árnadóttir úr GR eru Íslandsmeistarar í höggleik eftir spennuþrunginn og vindasaman lokadag á Íslandsmótinu í Eyjum. Heiðar Davíð Bragason klúðraði frábærri stöðu.**

**GOLF** Íslandsmótinu í höggleik lauk með dramatískum lokadegi þar sem í fyrsta sinn í sögunni þurfti umspil í bæði karla- og kvennaflokki til þess að skera úr um sigurvegara. Kristján Þór Einarsson úr Kili vann sinn fyrsta titil eftir að hafa óvænt komið inn í baráttuna og unnið síðan Heiðar Davíð Bragason úr GR í bráðabana. Helena Árnadóttir úr GR hafði betur í bráðabana eftir mikla baráttu Íslandsmeistara tveggja síðustu ára.

Kristján Þór Einarsson var átta höggum á eftir Heiðari Davíð fyrir síðustu þrjár holurnar en hann fékk fugl á átjándu og sá sama tíma og skrautlegt klúður Heiðars á sextándu kom Kristjáni aftur inn í bartáttuna. Kristján vann síðan Heiðar á endanum í bráðabana eftir að þeir höfðu orðið jafnir eftir þriggja manna umspil við Björgvin Sigurbergsson úr Keili.

Heiðar Davíð Bragason virtist vera með sigurinn vísan eftir fyrri níu holurnar en hann var þá enn með fimm högga forskot eins og hann hafði fyrir lokadaginn. Eftir frábæra spilamennsku á fyrstu 63 holunum fór hins vegar allt í baklás hjá honum á síðustu níu holunum. Björgvin Sigurbergsson vann fyrst tvö högg á hann þegar Heiðar fékk þrjá skolla í röð á holum 10 til 12 en ævintýrið hófst fyrst á sextándu holunni.

Sextánda holan fór illa með Björgvin en skelfilega með Heiðar Davíð sem var á þremur höggum undir pari og með þriggja högga forskot á Björgvin þegar þeir fóru á teiginn á sextándu. Heiðar setti þá þrjá bolta út fyrir völl sem þýddi að hann varð að taka fjórða bolta á teig og slá þar sjöunda höggið sitt. Heiðar endaði á að fá 11 högg á holuna en það eru 6 högg yfir pari. Björgvin lenti líka í miklum vandræðum og fékk 8 högg á þessa holu þannig að staðan var allt í einu orðin jöfn og um leið var Kristján Þór Einarsson úr Kili kominn inn í baráttuna en hann lék frábærlega á fjórða degi og kom inn á par og um leið á fjórum höggum yfir pari samanlagt. Heiðar og Björgvin fengu báðir skolla á 17. holunni en tryggði sér umspil með því að ná pari á 18. og síðustu holunni. Umspilið var því staðreynd.

Heiðar og Kristján léku frábærlega í umspilinu og enduðu báðir á einu höggi undir pari en Björgvin lék aftur á móti höggi yfir pari. Kristján átti eitt högg á þá báða fyrir þriðju og síðustu holuna í umspilinu en Heiðar tryggði sér þá bráðabana með því að ná fugli.

Helena Árnadóttir endurtók leikinn frá 2006 þegar hún vann sinn annan Íslandsmeistaratitil í Eyjum í gær. Alveg eins og fyrir tveimur árum þá vann hún ríkjandi Íslandsmeistara í umspili (og bráðabana).

Þær Helena og Nína Björk voru jafnar eftir 72 holur en Helena lék fjórða hringinn á 77 höggum og vann upp eina höggið sem Nína Björk hafði í forskot fyrir lokadaginn. Það var mikil taugaspenna á lokasprettinum. Helena var höggi á undan fyrir síðustu tvær holurnar en fékk tvöfaldan skolla á sautjándu þegar hún sló yfir flötina og í vatnið. Nína fékk aftur á móti par og var því komin með eins höggs forskot fyrir lokaholuna. Helena bætti fyrir holuna á undan með því að eiga frábært högg inn á flöt og náði fugli í kjölfarið á sama tíma og Nína fékk öruggt par.

Það þurfti síðan fimm holur til þess að skera út um Íslandsmeistarana því stelpurnar voru aftur jafnar eftir þriggja holu umspil. Þær léku fyrst 10., 11. og 12. holu í umspili og fengu báðar par á 10., skolla á 11. og par á 12. holu. Báðar fengu síðan tvöfaldan skolla á fyrstu holu í bráðabana (10. hola) en Helena stóðst pressuna og náði pari á annarri holu í bráðabana (11. hola). Nína átti möguleika á að jafna hana en átti slakt pútt og varð að lokum að sætta sig við tvöfaldan skolla. Helena var þar með orðin Íslandsmeistari í annað skiptið á þremur árum. Tinna Jóhannsdóttir úr GK varð í þriðja sæti, þremur höggum á eftir þeim Helenu og Nínu og Eygló Myrra Óskarsdóttir úr GO endaði í fjórða sæti en hún var í forustu eftir tvo fyrstu dagana.

ooj@frettabladid.is



**ÍSLANDSMEISTARARNIR 2008** Kristján Þór Einarsson úr Kili og Helena Árnadóttir úr GR með bikarana í mótslok. VÍKURFRÉTTIR/VALUR

Helena Árnadóttir úr GR vann Íslandsmeistaratitilinn aftur eftir umspil og sýndi að hún er með stáltaugar:

# Kannski að sálfræðiprófið hjálpi eitthvað

**GOLF** Helena Árnadóttir úr GR sýndi að hún er með sannkallaðar stáltaugar þegar hún tryggði sér öðru sinni Íslandsmeistaratitilinn eftir umspil.

„Jú, ætli ég sé ekki bara með stáltaugar,“ sagði Helena kát þegar Fréttablaðið náði í skottið á henni að gera sig klára fyrir lokahátíð mótsins. „Þetta var bara fram og til baka. Þetta var örugglega spennuþrungnasti lokadagur sem ég hef spilað. Ég er mjög sátt,“ sagði Helena og bætti við:

„Fyrir tveimur árum var ég hálfpartinn dottin úr keppninni eftir fyrstu tíu holurnar á lokadeginum en svo kom ég til baka. Núna var þetta miklu jafnara,“ segir Helena sem þurfti eitt meistarahögg á átjándu til þess að tryggja sér umspilið. Þetta var ekki fyrsta meistarahöggið hennar á mótinu í Eyjum. „Þau eru búin að vera nokkur dálítið góð,“ segir Helena hógvær.

Hún segir að það hafi reynt mikið á að spila í þessu roki enda dróst keppnin talsvert. „Ég hafði trú á því allan tímann að ég gæti unnið og þyrsti mikið í sigurinn. Ég ætlaði ekki að gefa neitt eftir. Þetta var mjög erfitt og maður þurfti að taka öllu sínu til þess að halda einbeitingunni. Maður tók þetta bara á þrjóskunni í lokin,“ segir Helena sem segist vinna í andlega þættinum.

„Ég veit ekki hvaðan þessar stáltaugar koma. Ég er nú með BA-próf í sálfræði og það er kannski hugsanlegt að það hjálpi mér eitthvað,“ sagði Helena í léttum tón. Hún lét það ekkert á sig fá að kylfusveininn hennar sem er jafnframt móðir hennar skyldi úlnliðsbrotna á öðrum deginum. „Ég var ekkert að láta það trufla mig enda hefði hún ekki orðið ánægð með það,“ sagði Helena og móðir hennar, Kristín Margrét Axelsdóttir, var sú fyrsta til að faðma hana þegar titillinn var í höfn. - óój



**TAUGALAUS** Helena Árnadóttir sýndi mikinn andlegan styrk á lokadeginum. VÍKURFRÉTTIR/VALUR

| Grindavík | 3-5 | Valur |
|---|---|---|
| Akranesvöllur, áhorf.: 1117 | | Kristinn Jakobsson (8) |

*0-1 Henrik Eggerts (21.)*
*0-2 Helgi Sigurðsson, víti (23.)*
*1-2 Gilles Mbang Ondo (26.)*
*1-3 Bjarni Ólafur Eiríksson (63.)*
*2-3 Tomasz Stolpa (72.)*
*2-4 Helgi Sigurðson, víti (79.)*
*3-4 Grétar Ólafur Hjartarson (90.)*
*3-5 Helgi Sigurðsson (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–12 (6–8) |
| Varin skot | Zankarlo 3 – -Kjartan 4 |
| Horn | 1–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–8 |
| Rangstöður | 1–6 |

| **GRINDAV.** 4–5–1 | | **VALUR** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Zankarlo Simunic | 5 | Kjartan Sturluson | 6 |
| Ray Anthony Jónsson | 3 | Rasmus Hansen | 6 |
| Zoran Stamenic | 4 | Atli Sv. Þórarinsson | 5 |
| Marinko Skaricic | 3 | Barry Smith | 6 |
| Jósef K.Jósefsson | 5 | Rene Carlsen | 7 |
| Scott Ramsay | 4 | Henrik Eggerts | 7 |
| Orri Freyr Hjaltalín | 5 | (76. Hafþór Ægir | -) |
| Grétar Hjartarson | 6 | Baldur Bett | 5 |
| Jóhann Helgason | 4 | (80. Einar Marteinss. | -) |
| (66. Aljosa Gluhovic | 6) | Sigurbjörn Hreiðarss. | 5 |
| Andri St. Birgisson | 5 | (86. Guðm. Hafst. | -) |
| (83. Bogi Rafn Ein. | -) | Bjarni Ólafur Eiríkss. | 7 |
| Gilles Mbang Ondo | 5 | Helgi Sigurðsson | 7 |
| (66., Tomasz Stolpa | 6) | ***Guðm. Benedikts** | **8** |

**Maður leiksins*

| ÍA | 2-5 | FH |
|---|---|---|
| Akranesvöllur, áhorf. 1255 | | Garðar Örn Hinrikss. (6) |

*0-1 Matthías Vilhjálmsson (16.)*
*0-2 Atli Guðnason (33.)*
*1-2 Björn Bergmann Sigurðars. (38.)*
*1-3 Tryggvi Guðmundsson, víti (40.)*
*1-4 Tryggvi Guðmundsson (49.)*
*1-5 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (62.)*
*2-5 Guðm. Böðvar Guðjónsson (67.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–21 (6–14) |
| Varin skot | Trausti 9 – Gunnar 4 |
| Horn | 2–11 |
| Aukaspyrnur fengnar | 19–21 |
| Rangstöður | 3–2 |

| **ÍA** 4–3–3 | | **FH** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Trausti Sigurbjörnss. | 5 | Gunnar Sigurðsson | 5 |
| Þórður Guðjónsson | 6 | Höskuldur Eiríksson | 5 |
| Árni Thor Guðm. | 4 | (51. Guðm. Sævars. | 6) |
| Heimir Einarsson | 3 | Ásgeir G. Ásgeirsson | 7 |
| Guðjón H. Sveinsson | 3 | Tommy Nielsen | 4 |
| (59. Igor Bilokapic | 4) | Hjörtur Logi Valgarðs. | 7 |
| Bjarni Guðjónsson | 7 | Björn Daníel Sverriss. | 7 |
| Guðm. Böðvar Guðjón. | 5 | Davíð Þór Viðarsson | 6 |
| Jón Vilhelm Ákason | 3 | ***Matthías Vilhjálms.** | **8** |
| (76. Andri Júlíusson | -) | (82. Jónas Grani | -) |
| Stefán Þór Þórðars. | 5 | Atli Guðnason | 8 |
| Vjek.Svaðumovic | 4 | Atli Viðar Björnsson | 7 |
| (46. Árni Ingi Pjet. | 6) | Tryggvi Guðmundss. | 8 |
| Björn Bergmann Sig. | 6 | (77. Matth. Guðmunds. | -) |

**Maður leiksins*

## STAÐA MÁLA

*Landsbankadeild karla*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **13** | **9** | **1** | **3** | **31-14** | **28** |
| Keflavík | 12 | 8 | 2 | 2 | 26-16 | 26 |
| **Valur** | **13** | **7** | **2** | **4** | **24-18** | **23** |
| Breiðablik | 12 | 6 | 3 | 3 | 25-17 | 21 |
| **Fjölnir** | **12** | **7** | **0** | **5** | **22-14** | **21** |
| KR | 12 | 6 | 0 | 6 | 20-15 | 18 |
| **Fram** | **12** | **6** | **0** | **6** | **13-11** | **18** |
| Grindavík | 13 | 5 | 2 | 6 | 20-25 | 17 |
| **Þróttur** | **12** | **4** | **4** | **4** | **19-23** | **16** |
| Fylkir | 12 | 4 | 0 | 8 | 12-22 | 12 |
| **ÍA** | **13** | **1** | **4** | **9** | **13-33** | **7** |
| HK | 12 | 1 | 2 | 9 | 12-32 | 5 |

**MARKAHÆSTIR**

| | |
|---|---|
| **Björgólfur Takefusa, KR** | **10** |
| Helgi Sigurðsson, Valur | 9 |
| **Nenad Zivanovic, Breiðablik** | **8** |
| Tryggvi Guðmundsson, FH | 8 |
| **Guðmundur Steinarsson, Keflavík** | **7** |
| Atli Viðar Björnsson, FH | 7 |
| **Pálmi Rafn Pálmason, Valur** | **7** |
| Pétur Georg Markan Fjölnir | 6 |
| **Prince Rajcomar, Breiðablik** | **6** |
| Gunnar Már Guðmundsson, Fjölnir | 6 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **HK-Fram** | **mán. 28. júl. 19:15** |
| Fylkir-Keflavík | mán. 28. júl. 19:15 |
| **Þróttur R.-Breiðablik** | **mán. 28. júl. 20:00** |
| KR-Fjölnir | þri. 29. júl. 20:00 |
| **Keflavík-HK** | **mið. 06. ágú. 19:15** |
| Fram-ÍA | mið. 06. ágú. 19:15 |
| **FH-Þróttur R.** | **mið. 06. ágú. 19:15** |
| Breiðablik-KR | mið. 06. ágú. 19:15 |
| **Fjölnir-Grindavík** | **fim. 07. ágú. 19:15** |
| Valur-Fylkir | fim. 07. ágú. 19:15 |

Helgi Sigurðsson skoraði þrennu þegar Íslandsmeistararnir fóru upp í þriðja sæti Landsbankadeildarinnar:

# Valssigur í rokinu í Grindavík í gærkvöldi

**FÓTBOLTI** Það var rok í Grindavík þegar Valsmenn mættu í heimsókn í 13. umferð Landsbankadeildar karla í gærkvöldi. Grindvíkingar hafa verið að bæta við sig mannskap að undanförnu og Grétar Ólafur Hjartarson var í fyrsta skipti í liðinu eftir félagaskiptin frá KR. Hann skoraði í sínum fyrsta leik en það dugði þó ekki því Valsmenn lyftu sér í 3. sætið með 5-3 útisigri þar sem Helgi Sigurðsson skoraði þrennu.

Leikurinn fór rólega af stað en Henrik Eggerts kom Val yfir á 21. mínútu með skoti úr teignum og einungis tveimur mínútum síðar skoraði Helgi Sigurðsson úr vítaspyrnu sem Kristinn Jakobsson dæmdi eftir klaufagang hjá Zoran Stamenic í vörninni.

Grindvíkingar voru þó ekki lengi að minnka muninn því Gilles Mbang Ondo skoraði aðeins þremur mínútum eftir mark Helga og staðan orðin 2-1.

Seinni hálfleikur var jafn framan af en á 63. mínútu kom Bjarni Ólafur Eiríksson Valsmönnum í 3-1 þegar hann slapp inn fyrir vörn Grindavíkur.



**BESTUR Á VELLINUM** Guðmundur Benediktsson átti góðan leik með Val í gær. VÍKURFRÉTTIR

Grindvíkingar voru heldur daufir sóknarlega í seinni hálfleik en þrátt fyrir það náðu þeir að minnka muninn með marki Tomasz Stolpa en hann var þá nýkominn inn sem varamaður. Hann fékk sendingu inn fyrir vörnina og kláraði færið með stæl.

Helgi Sigurðsson kom svo Val í 4-2 á 79.mínútu með marki úr annarri vítaspyrnu Vals eftir að Hafþór Ægir Vilhjálmsson féll.

Á 90. mínútu komu svo tvö mörk. Fyrst skoraði Grétar Ólafur með glæsilegu skoti úr teignum og strax í næstu sókn skoraði Helgi sitt þriðja mark eftir að hafa fengið frábæra sendingu frá Guðmundi Benediktssyni inn fyrir vörnina, en Guðmundur átti mjög góðan leik í liði Vals.

Lokatölur 5-3 og Helgi var ánægður í leikslok. „Já, það er draumur hvers knattspyrnumanns að skora þrennu í sigurleik. Það er búið að vera frábær stígandi í þessu hjá okkur undanfarið og gott að enda þessa törn sem hefur verið undanfarið með sigri,“ sagði Helgi og bætti við að vindurinn hefði gert mönnum erfitt fyrir. „Já, þetta var náttúrlega erfitt fyrir bæði lið en ég held að á köflum hafi þetta verið ágætis knattspyrna. Við hefðum jafnvel getað skorað fleiri mörk.“

Grétar Ólafur Hjartarson skoraði í sínum fyrsta leik fyrir Grindavík í sumar en var auðvitað ekki sáttur við úrslitin. „Við erum auðvitað ekki sáttir við að tapa þessum leik og hvað þá að fá á okkur fimm mörk. Það þýðir ekkert að dvelja við þetta lengur heldur fara bara að hugsa um næsta leik. Þeir voru bara betri en við í dag.“ **- sjj**

# FH-ingar sýndu sparihliðarnar

## Skagamenn þurftu að sætta sig við enn eitt stórtapið í fyrsta leiknum undir stjórn tvíburanna Arnars og Bjarka Gunnlaugssona þar sem sjö mörk og tvö rauð spjöld litu dagsins ljós.

**FÓTBOLTI** FH tyllti sér á topp Landsbankadeildar karla með auðveldum sigri á ÍA, 5-2, á Akranesi. FH lék sinn besta leik í langan tíma í deildinni og var sigurinn eins öruggur og tölurnar gefa til kynna.

FH komst verðskuldað yfir strax á 16. mínútu með marki Matthíasar Vilhjálmssonar. Atli Guðnason bætti öðru marki við á 33. mínútu. Björn Bergmann Sigurðarson minnkaði muninn fyrir ÍA eftir skyndisókn en aðeins tveimur mínútum síðar fékk Heimir Einarsson að líta rauða spjaldið þegar hann braut á Matthíasi sem var kominn einn inn fyrir vörn ÍA og víti dæmt. Tryggvi Guðmundsson skoraði af öryggi úr vítinu og staðan 3-1 í hálfleik.

Tryggvi Guðmundsson skoraði aftur á fjórðu mínútu síðari hálfleiks og þegar Ásgeir Gunnar skoraði fimmta markið á 62. mínútu benti allt til þess að FH myndi láta kné fylgja kviði og keyra enn frekar yfir gjörsigraða Skagamenn.

Það breyttist allt þremur mínútum síðar þegar Tommy Nielsen fékk rautt spjald fyrir að slá Stefán Þórðarsonar. Ótrúlegur gjörningur í stöðunni 5-1. ÍA náði að rétta sinn hlut örlítið með síðasta marki leiksins á 67. mínútu og þar við sat.

Allt annað var að sjá til sóknarleiks FH en hefur verið í síðustu leikjum og spurning hve mikið andstæðingurinn hafi spilað þar inn í. Björn Daníel Sverrisson og Matthías Vilhjálmsson komu inn í lið FH fyrir Dennis Siim og Arnar Gunnlaugsson og frískuðu þeir mikið upp á leik liðsins.

„Það er hluti af þessu en það var 18 ára gutti í liðinu hjá okkur í dag, Björn Daníel, og hann á skilið hrós. Hann stóð sig frábærlega sem og allt liðið,“ sagði Matthías um hvort hann hefði gert gæfumuninn í bættri spilamennsku FH.

„Þetta var alls ekki létt en mér fannst við spila mjög vel í dag. Það var mjög gott hratt spil hjá okkur fram á við. Við sýndum hvað í okkur býr í dag. Skagamenn reyndu að spila fótbolta í dag og það er framför miðað við upp á síðkastið en það þarf eitthvað að laga þarna,“ sagði Matthías.

Bjarni Guðjónsson var líklega að spila sinn síðasta leik fyrir ÍA en vildi ekkert segja um hvort þetta var hans síðasti leikur með liðinu. „Það verður að koma í ljós bara.“ Bjarni var álíka fámáll aðspurður hvort hann vildi halda áfram að berjast með ÍA í fallbaráttunni. „Það er ekki í mínum höndum. Ég vil ekkert um það segja,“ sagði Bjarni. **- gmi**



**FJÖGUR MÖRK Í TVEIMUR LEIKJUM** Tryggvi Guðmundsson er búinn að finna skotskóna og er orðinn þriðji markahæstur í deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valsstúlkur færðust nær Íslandsmeistaratitlinum í gær þegar Breiðablik vann KR í Landsbankadeild kvenna:

# Sprækar Blikastúlkur unnu verðskuldað

**FÓTBOLTI** „Mér fannst þetta vera algjör klassaleikur hjá mínu liði og við áttum þetta svo sannarlega skilið,“ sagði Vanda Sigurgeirsdóttir, þjálfari Breiðabliks, eftir glæsilegan sigur á KR á Kópavogsvelli í gær, 3-1. Orð að sönnu hjá Vöndu enda var Blikaliðið mun betra í leiknum.

„Við vorum mun betri frá fyrstu mínútu og það var svo mikill hugur í mínu liði að ég var ekki einu sinni stressuð fyrir þennan leik. Það kom ekkert annað til greina en að vinna og það gerðum við. Það er frábær karakter í þessu liði,“ sagði Vanda.

Miðað við spilamennsku Blikaliðsins í gær er spurning af hverju það er ekki í baráttunni á toppi deildarinnar. „Við höfum svo sannarlega getuna til þess en



**MIKIL BARÁTTA** Það gekk á ýmsu í sigri Blikastúlkna á bikarmeisturum KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

það hefur verið of mikill óstöðugleiki og liðið verið að leika undir getu. Við höfum tapað mikilvægum stigum en ég vissi að getan væri alltaf til staðar. Stelpurnar hafa fengið að kynnast því hvað það er leiðinlegt að tapa og það skapaði hungur fyrir þennan leik,“ sagði Vanda.

María Björg Ágústsdóttir, markvörður KR, varði vítaspyrnu í fyrri hálfleik áður en KR-liðið komst yfir á 42. mínútu með glæsilegu marki Eddu Garðarsdóttur. En strax í næstu sókn á eftir náði Hlín Gunnlaugsdóttir að jafna með ekki síðra marki og bæta upp fyrir að hafa misnotað vítaspyrnu.

Blikastúlkur voru sterkari og nálguðust verkefnið af meiri ákefð. Þær náðu forystu á 55. mínútu þegar Harpa Þorsteinsdóttir skoraði glæsilegt mark með þrumuskoti í hornið. Berglind Björg Þorvaldsdóttir innsiglaði síðan sigur heimaliðsins undir lokin en öll mörkin í leiknum voru ansi falleg.

Skemmtilegt var að fylgjast með Blikaliðinu í gær, það spilaði flottan fótbolta og tilþrifin voru mikil. Eftir þessi úrslit má segja að Valsstúlkur séu komnar með aðra höndina á Íslandsbikarinn og erfitt að sjá að hann fari af Hlíðarenda.

„Þetta var skelfilegt. Við áttum ekkert skilið úr þessum leik. Ég get eiginlega ekkert sagt. Þetta eru bara algjör vonbrigði,“ sagði Helena Ólafsdóttir, þjálfari KR, en hún var nánast orðlaus. **- egm**

## > David Arquette

„Karlmönnum er sagt að þeir eigi að vera kvensamir og harðir naglar en svo lærir maður að það skiptir litlu sem engu máli og getur jafnvel skemmt fyrir manni.“ Arquette leikur í þættinum „Vinir í raun (In Case of Emergency)“ sem sýndur er í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ HELGA ÞÓREY JÓNSDÓTTIR SPILAR EKKI Í LU-LEIKNUM

# Þröngsýni í auglýsingum

Þegar ég var krakki vissi ég fátt skemmtilegra en sjónvarpsauglýsingar. Ég man eftir að hafa verið á kafi í pleimó þegar ég skyndilega heyrði upphafsstef auglýsinganna úr stofunni. Þá reif ég mig úr leiknum og hljóp fram. Blöstu þar við mér stórkostlegar auglýsingar á borð við Hubba Bubba þar sem börn og unglingar hoppuðu um á risatyggjóum. Myllu, Myllu, Myllu, Myllu söng ég hástöfum og heimtaði að mamma keypti handa mér Hi-Spot.



Mér þykja auglýsingar enn þá skemmtilegar en ég geri þó aðrar gæðakröfur en í gamla daga. Núna þurfa þær ekki endilega að vera fjörugar heldur snjallar og vel gerðar. Það þykja mér auglýsingarnar frá LU ekki vera. LU kex er eitthvert danskt kex sem allar konur verða að elska. Svo mikið að í auglýsingunni hlaupa þær spenntar að risaskjá til þess að fræðast um alveg rosa skemmtilegan leik sem hægt er að taka þátt í kaupi maður LU. Ég á ekkert sameiginlegt með þessum konum. Ég ætla aldrei að taka þátt í æðislegum leik frá LU.

Dömubindaauglýsingar eru sér kapítuli útaf fyrir sig. Aldrei má sýna blóð eða tala um hvernig það er í alvörunni að vera á túr. Auglýsingarnar eru þess í stað stútfullar af orðum eins og rakadræg, öryggi, frelsi eða einhverju álíka.

Mér skilst að það hafi orðið mikið hneyksli í Danmörku þegar Tampax auglýsti túrtappa með því að sýna konu syndandi í blóðugum sjó, rétt eins og hún hefði orðið fyrir hákarlaárás. Það má nefnilega ekki tala um eða sýna blóð í túrtengdum auglýsingum. Bara eitthvert blátt jukk sem líkist innihaldi notaðra dömubinda nákvæmlega ekki neitt. Ég veit ekki hvaða konur það eru sem blæðir bláu vatnskenndu blóði. Kannski eru það sömu konurnar og kaupa LU. Þær eru að minnsta kosti ekki í sama markhópi og ég. Mér blæðir nefnilega rauðu – og hefur alltaf gert.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.45** Þróttur-Breiðablik beint — STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** Seinfeld — STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** Eureka — SKJÁR EINN



▶ **22.15** Missing — STÖÐ 2



▶ **22.45** Slúður (Dirt II) — SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ungar ofurhetjur**
**17.55 Gurra grís**
**18.00 Lítil prinsessa**
**18.12 Herramenn**
**18.25 Út og suður** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.55 Fótspor mannsins** (Human footprint) Bresk heimildamynd.
**20.45 Vinir í raun** (In Case of Emergency) (7:13) Bandarísk þáttaröð um fjögur skólasystkini sem hittast aftur löngu seinna og styðja hvert annað í lífsins ólgusjó. Aðalhlutverk: David Arquette, Jonathan Silverman, Greg Germann og Kelly Hu.
**21.10 Anna Pihl** (Anna Pihl) (2:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahoj-stöðinni í Kaupmannahöfn. Aðalhlutverk: Charlotte Munck, Iben Hjejle, Paw Henriksen, Kurt Ravn og Peter Mygind.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sportið** Farið yfir íþróttaviðburði helgarinnar, innlenda sem erlenda.
▶**22.45 Slúður** (Dirt II) (14:20) Önnur syrpan úr vinsælli bandarískri þáttaröð. Blaðamaður og ljósmyndari sem vinna á þekktu slúðurtímariti eru í stöðugri baráttu við að ná í heitustu fréttirnar úr heimi fræga fólksins. Aðalhlutverk: Courteney Cox.
**23.30 Kastljós** (e)
**23.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Over the Hedge**
**10.00 Life Support**
**12.00 Robots**
**14.00 Big Momma's House 2**
**16.00 Over the Hedge**
**18.00 Life Support**
**20.00 Robots** Tölvuteiknimynd fyrir alla fjölskylduna um ungt og efnilegt vélmenni sem dreymir um að verða uppfinningamaður.
**22.00 Stealth**
**00.00 From Dusk Till Dawn 2. Texas**
**02.00 The Prophecy 3**
**04.00 Stealth**
**06.00 Cool Money**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Ofurhundurinn Krypto og Kalli kanína og félagar.
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Notes From the Underbelly** (7:13)
**10.40 Bandið hans Bubba** (9:12)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Neighbours**
**12.55 Numbers** (24:24)
**13.35 The Perfect Man**
**15.15 Friends**
**15.35 Friends**
**15.55 Háheimar**
**16.15 Leðurblökumaðurinn**
**16.40 Tracey McBean**
**16.53 Louie**
**17.03 Skjaldbökurnar**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Ísland í dag**
**19.04 Veður**
**19.15 The Simpsons** (14:21) Marge vill láta byggja nýja menningarmiðstöð í Springfield. Hómer lendir í fangelsi þar sem hann gerist uppljóstrari.
**19.40 Friends** Joey kemur fram í spurningaþætti sem stjörnuvinur þátttakanda. Rachel og Monica ráða karlkynsstrippara í gæsaveislu Phoebe.
**20.05 So you Think you Can Dance**
**21.30 So you Think you Can Dance**
▶**22.15 Missing** (12:19) Jess Mastrini er sjáandi og sérlegur aðstoðarmaður bandarísku alríkislögreglunnar við leit að týndu fólki.
**23.00 The Mudge Boy** Fjórtán ára unglingspiltur missir móðir sína og reynir að halda í minningu hennar með því að herma eftir siðum hennar.
**00.35 Las Vegas** (3:19)
**01.20 Silent Witness** (4:10)
**02.10 The Riverman**
**03.35 The Perfect Man**
**05.15 Missing** (12:19)
**06.00 Fréttir**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**13.45 PGA mótaröðin** Útsending frá Canadian Open.
**16.45 Íslandsmótið í golfi 2008**
▶**19.45 Landsbankadeildin 2008** Þróttur - Breiðablik Bein útsending frá leik í Landsbankadeild karla.
**22.00 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.
**23.00 Umhverfis Ísland á 80 höggum** Magnaður þáttur þar sem Logi Bergmann Eiðsson fer Umhverfis Ísland á 80 höggum.
**23.45 Landsbankadeildin 2008** Þróttur - Breiðablik Útsending frá leik í Landsbankadeild karla.
**01.35 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**17.50 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**18.20 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**19.15 Bestu leikirnir** Portsmouth - Derby
**20.55 Argentina. River Plate v Boca** Í þessum þætti er fjallað á vandaðann hátt um viðureignir River Plate og Boca Juniours í gegnum tíðina og hið sérstaka samband sem ríkir á milli þessara keppinauta í Argentínu. Bæði þessi félög hafa alið af sér mikla snillinga.
**21.50 PL Classic Matches** Arsenal - Man United, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.20 Bestu leikirnir** West Ham - Liverpool.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (e)
**09.30 Vörutorg**
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**16.00 Vörutorg**
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Dynasty**
**19.20 Top Chef** (e)
**20.10 Kimora. life in the fab line** (7:9) Þáttaröð þar sem Kimora Lee Simmons stofnandi Baby Phat og Phat Farm hleypir áhorfendum inn í skrautlegt líf sitt. Kimora undirbýr risaveilsu til að kynna nýja skartgripalínu sína, Hello Kitty. Hún kallar meðal annars til feng shui meistara til að allt sé í réttu jafnvægi.
**20.35 Hey Paula** (5:7) Paula ætlar að leigja sér hús á meðan það er verið að gera endurbætur á heimili hennar og hún biður besta vin sinn, Daniel, að sjá um að innrétta nýja húsið. Þegar hún sér afraksturinn er hún óánægð með útkomuna og neitar að flytja inn.
▶**21.00 Eureka** (11:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Jack Carter er búinn að fá nóg af furðufuglunum í Eureka og íhugar að flytja burt úr bænum en SARAH, tölvan sem stýrir heimili hans, er ekki sátt við það og grípur til sinna ráða.
**21.50 The Evidence** (5:8) Bandarísk sakamálasería þar sem Anita Briem leikur eitt aðalhlutverkanna.
**22.40 Jay Leno**
**23.30 Criss Angel Mindfreak** (e)
**23.55 Family Guy** (e)
**00.20 Dynasty** (e)
**01.10 Vörutorg**
**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**18.45 Gönguleiðir** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.45 daginn eftir. (e)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





Markaðurinn í lok dags

Sindri Sindrason fer yfir viðskipti dagsins alla virka daga kl 16:45 á visir.is.

Fylgstu með Markaðinum í lok dags á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.12 og 18.18.

visir.is ...ég sá það á visir.is



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.25

### So You Think You Can Dance



So You Think You Can Dance er án efa heitasti þáttur sumarsins en hann hefur aldrei verið vinsælli en einmitt nú. Tuttugu manna úrslitin hefjast í kvöld og nú eru dansararnir paraðir saman og keppa þau þannig í fyrsta sinn.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Fótspor mannsins

**Sjónvarpið kl. 19.55**

Í þessari bresku heimildamynd er vegferð mannsins fylgt frá vöggu til grafar og dregin upp mynd af því hve mikils meðalmaðurinn neytir, hvað hann notar af ýmiss konar varningi og hve mikinn úrgang hann skilur eftir sig á ævinni.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Látún
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Út um víðan völl
**15.03** Útvarpssagan: Barnið og tíminn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Tónlist úr þularstofu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Andblær frá Ipanema
**21.10** Framtíð lýðræðis
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Mín liljan fríð
**22.45** Dalakofinn
**23.30** Lostafulli listræninginn
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (4:13)
**17.30 Entourage** (17:20)
**18.00 Live From Abbey Road** (6:12)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**

▶**20.00 Seinfeld** (4:13) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

**20.30 Entourage** (17:20) Verðlaunaþættir lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlbergs í bíóborginni. Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram en leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött. Á slíkri þrautagöngu kemur sér vel að eiga góða vini en stundum getur það líka bara skemmt fyrir.

**21.00 Live From Abbey Road** (6:12) Þættir með lifandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið.

**22.00 Women's Murder Club** (6:13) Fjórar perluvinkonur sem vinna allar við morðrannsóknir. Ein er rannsóknarlögregla, önnur saksóknari, þriðja dánardómstjóri og sú fjórða er rannsóknarblaðakona.

**22.45 The Riches** (7:7)
**23.30 Wire** (6:13)
**00.30 Sjáðu**
**00.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Logi Ólafsson, Erla Ragnarsdóttir og Sigríður Klingenberg.

**21.00 Vangaveltur** Umsjón: Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir Gestur: Jóna Björg Sætran menntunarráðgjafi hjá kennslu- og ráðgjafafyrirtækinu Námstækni ehf.

**21.30 Í kallfæri** Umsjón: Jón Kristinn Snæhólm Gestur: Sveinn Andri Sveinsson.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.00** Et dejligt hundeliv **11.30** Søren Ryge - Herregårdskarl på Samsø **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **13.35** Krampe-tvillingerne **14.00** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Lotte fra Spektakelmagergade **16.00** Se det summer **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Hercule Poirot **18.00** Det vilde Kina **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret på DR1 **19.40** Et godt mord **20.50** Mistænkt 5: Svækket dømmekraft **22.35** Seinfeld

## NRK 1

**9.55** Norsk på norsk jukeboks **10.55** Ut i naturen jukeboks **12.00** Dansefot jukeboks **13.00** Autofil jukeboks **14.15** Bare skyer beveger stjernene **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lisa Loop **16.10** Vennene på Solflekken **16.20** Tryllefeen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Smaken av Danmark **18.00** Norsk attraksjon **18.30** 'Allo, 'Allo! **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Tudors **20.30** I kveld **21.00** Kveldsnytt **21.15** Den mistenkte **22.55** 20 spørsmål **23.20** Sport Jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Oraklen **10.35** Sportspegeln **11.05** Grön glädje **12.35** I dur och skur **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Himlen över Danmark **15.30** Strömsö **16.00** Hannas hjälplinje **16.10** Ebb och Flo **16.15** Rorri Racerbil **16.25** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.30** Hej hej sommar **16.31** Planet Sketch **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Unge greve Dracula **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Sommartorpet **18.30** Vägen till OS **19.30** Kommissarie Montalbano **21.10** Blod, svett och danska skallar **21.35** Rapport **21.45** Allsång på Skansen **22.45** Brottskod: Försvunnen **23.30** Sändningar från SVT24


# BYLGJAN ER ÓMISSANDI UM VERSLUNARMANNAHELGINA

Farið verður um víðan völl í gríni og alvöru. Fréttir af öllu því sem gerist ásamt bestu tónlistinni. Stórskotalið Bylgjunnar verður á vaktinni alla helgina: Simmi og Jói, Sveppi og Svansí, Heimir Karls, Ásgeir Páll og Bragi.



**UPPI Á PALLI, INNI Í TJALDI, Í HJÓLHÝSI, HÚSBÍL EÐA HEIMA. ÞAÐ ER SAMA HVAR ÞÚ VERÐUR – VIÐ VERÐUM ÞAR.**

BYLGJAN 989 - ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

**REYKJAVÍK OG SUÐVESTURHORNIÐ:**
Reykjavík - 98,9
Mosfellsbær - 91,4
Grindavík - 96,0

**NORÐURLAND:**
Hrútafjarðarháls - 99,5
Blönduós - 98,9
Skagafjörður - 97,9
Siglufjörður - 102,3
Ólafsfjörður - 100,6
Dalvík - 97,9
Akureyri og nágrenni - 92,7
Húsavík - 100,9
Raufarhöfn og Þórshöfn - 100,5

**VESTFIRÐIR:**
Patreksfjörður - 101,3
Bolungarvík - 94,9
Ísafjörður og nágrenni - 97,9
Tálknafjörður - 104,1

**VESTURLAND:**
Borgarnes - 91,7
Borgarfjörður - 96,4
Borgarfjörður, Skorradalur - 101,9
Ólafsvík - 92,1
Grundafjörður - 104,1
Stykkishólmur - 100,9
Búðardalur - 97,9

**AUSTURLAND:**
Vopnafjörður - 104,1
Egilsstaðir - 98,9
Seyðisfjörður - 89,7
Neskaupstaður - 98,9
Eskifjörður - 97,9
Reyðarfjörður - 94,8
Fáskrúðsfjörður - 103,0
Hornafjörður - 100,9
Djúpivogur - 104,1
Stöðvarfjörður - 98,9

**SUÐURLAND:**
Kirkjubæjarklaustur - 97,9
Mýrdalssandur og Skeiðarársandur - 94,5
Vík í Mýrdal - 100,9 og 94,5
Vestmannaeyjar - 100,9
Laugarvatn og Flúðir - 91,8
Selfoss, Hveragerði og Þorlákshöfn - 97,9



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Maður hlustar mikið á það sama. Ég er með mikið af gömlu íslensku í tölvunni, Ingimar Eydal, Ellý og Brunaliðið til dæmis, og svo hlustar maður á FM957 í bland.“*

Inger Birta Pétursdóttir bifvélavirki.

# Spennandi andlit í Ástríði

Tökur á þáttaröðinni Ástríði hefjast í næstu viku. Ilmur Kristjánsdóttir er þar í aðalhlutverki sem hin unga Ástríður, sem hefur störf hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Ráðið hefur verið í helstu aukahlutverk líka, en þau Þórir Sæmundsson, Þóra Karítas Árnadóttir, Friðrik Friðriksson, Kjartan Guðjónsson og Rúnar Freyr Gíslason munu öll koma fyrir í stærri hlutverkum í þáttaröðinni, að sögn leikstjórans, Silju Hauksdóttur. „Þau vinna flest hjá sama fjármálafyrirtæki og í sömu deild og Ástríður,“ útskýrir hún.

„Hilmir Snær Guðnason og Margrét Vilhjálmsdóttir munu líka koma fyrir í skemmtilegum hlutverkum,“ bætir Silja við, en hún segir áhorfendur ekki eiga að vænta þess að sjá þekktum andlitum úr fjármálageiranum bregða fyrir á skjánum. „Ég myndi nú samt segja að það verði spennandi andlit innan um, þó þau verði ekki úr þeim geira,“ segir Silja dularfull.

Áætlað er að tökum ljúki í byrjun september, en Ástríður verður í formi tólf framhaldsþátta, sem Stöð 2 mun að öllum líkindum taka til sýninga eftir áramót. - sun



**Í fjármálageirann**
Þóra Karítas Árnadóttir og Kjartan Guðjónsson hafa tekið að sér hlutverk í þáttaröðinni, sem fjallar um unga stúlku sem kemur til starfa í fjármálafyrirtæki.



**NÓG AF SPENNANDI ANDLITUM** Silja Hauksdóttir segir að nóg verði af spennandi andlitum í þáttaröðinni Ástríði, þó að þekktum fjármálamógúlum muni tæplega bregða fyrir.



**LÁRÉTT**
**2.** jurt, **6.** kúgun, **8.** ról, **9.** eldsneyti, **11.** í röð, **12.** súla, **14.** planta, **16.** í röð, **17.** nagdýr, **18.** galdrastafur, **20.** 999, **21.** lofttegund.

**LÓÐRÉTT**
**1.** á endanum, **3.** guð, **4.** mergð, **5.** skjön, **7.** kotbær, **10.** hjör, **13.** lærdómur, **15.** stefna, **16.** æxlunarkorn, **19.** nafnorð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gras, **6.** ok, **8.** ark, **9.** kol, **11.** aá, **12.** stöng, **14.** smári, **16.** gh, **17.** mús, **18.** rún, **20.** im, **21.** óson.
**LÓÐRÉTT: 1.** loks, **3.** ra, **4.** aragrúi, **5.** ská, **7.** kotshús, **10.** löm, **13.** nám, **15.** ismi, **16.** gró, **19.** no.

## VEISTU SVARIÐ, SVÖR

Svör við spurningum á bls. 8

1. Sögu Borgarættarinnar frá 1921.
2. FH bar sigur úr býtum við ÍR.
3. Risahvönn.


Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




**SKÚTUSMIÐIR** Jarl Stefánsson og Carl Brynjar Dieterson standa nú í skútusmíðum með óhefðbundnum aðferðum, en þeir smíðuðu vél og gerðu hugbúnað til að létta sér lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

JARL STEFÁNSSON OG CARL BRYNJAR DIETERSON: SMÍÐA RUGLUDALL

# Stunda skútusmíði með óhefðbundnum aðferðum

Vinirnir Jarl Stefánsson og Carl Brynjar Dieterson hafa staðið í skútusmíðum undanfarin ár, með frekar óhefðbundnum aðferðum. „Ég fékk þá hugmynd þegar ég bjó úti í Kanada fyrir um sex, sjö árum síðan að það væri gaman að smíða sér skútu, taka sér frí frá vinnu í nokkur ár og sigla um heiminn. Ég tók upp símann og spurði besta vin minn, sem þá bjó á Íslandi, hvort hann langaði ekki að smíða eitt stykki skútu. Hann tók nokkuð vel í það og ég flutti aftur heim til að ráðast í málið,“ útskýrir Jarl.

Þeir kynntu sér í kjölfarið skútusmíði með lestri ítarlegra handbóka. „Við erum báðir tiltölulega laghentir en höfðum svo sem aldrei smíðað neitt sem átti að fljóta. Sem betur fer eru til nokkrir doðrantar um þetta,“ segir Jarl kíminn. Jarli og Carli fundust þó aðferðirnar sem bækurnar útlistuðu nokkuð frumstæðar. „Ég vinn við tölvur og var sannfærður um að það að sveigja efnið sjálfur á milli nagla til að fá útlínur í bátinn væri ekki besta leiðin. Við réðumst þess vegna í það að búa bátinn til í þrívídd í tölvu, alveg niður í síðasta boltagat og skrúfu. Það fóru allnokkrir mánuðir í það,“ útskýrir Jarl.

„Næsta skref var að skera efnið niður, og við hugsuðum með okkur að það yrði nú dálítið vesen að gera það alltsaman í höndunum. Okkur fannst að það hlyti að vera stórgóð hugmynd að smíða vél til þess að skera þetta allt út,“ segir Jarl kíminn. „Það tók tvö og hálft ár,“ bætir hann svo við. Þar að auki þurfti að búa til hugbúnað til að stýra vélinni, en enginn slíkur búnaður var fáanlegur.

Vélin var hins vegar, eins og við má búast, nokkuð snarari í því að skera til stálið í skútuna en hendur þeirra félaga hefðu orðið. „Það tók þrjá daga að skera allt, sem hefði tekið miklu lengri tíma í höndunum. Manni finnst þetta samt svolítið öfugsnúið, að eyða tveimur og hálfu ári í vélina og svo þremur dögum í skurðinn,“ segir Jarl. „Það er samt gaman að geta gert hlutina eftir eigin höfði,“ segir Jarl, sem vonast til að skrokkurinn verði að mestu leyti tilbúinn með vorinu.

Jarl kveðst lítil viðbrögð við þessum vinnuaðferðum hafa fengið frá öðrum skútusmiðum, enda viti fáir af framtakinu. Það má hins vegar kynna sér betur á heimasíðunni rugludallur.com, sem, mikið rétt, er nafn skútunnar. „Okkur fannst það hæfa ágætlega,“ segir Jarl og hlær við.

sunna@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Gestir 101 hótels ráku upp stór augu þegar fríður hópur karla fékk sér sæti síðla kvölds á fimmtudag. Þar fór fremstur í flokki **Jón Ásgeir Jóhannesson** en auk þess voru með í för **Pálmi Haraldsson**, **Þorsteinn M. Jónsson** og **Ari Edwald**. Þeir félagar dreyptu á rauðvíni og skeggræddu málin. Ekki fylgdi sögunni hvort þeir hefðu komist að því hver á heiðurinn af umdeildu FL-Group myndbandi sem gengur um netheima.

Tenórinn **Garðar Thor Cortes** steig á svið í fyrsta sinn á bandarískri grundu fyrir stuttu þegar hann kom fram á hinni virtu Newport tónlistarhátíð á Rhode Island. Tónleikar Garðars voru hápunktur hátíðarinnar og var þeirra beðið með eftirvæntingu. Tónleikarnir fóru þó ekki vel í alla og skrifar gagnrýnandi vefritsins Projo.com að þessir fyrstu tónleikar Garðars í Bandaríkjunum hefðu ollið vonbrigðum. „Hann hóf tónleikana á lögum af plötu sinni Cortes en söngurinn var hvorki eins dramatískur né ástríðufullur og á geisladiskunum, sem fékk mig til að halda að Cortes væri ekki jafn sannfærandi á sviði og í upptökuveri eða að hann hefði verið illa fyrirkallaður þetta kvöld,“ skrifar gagnrýnandi Projo.com.



Garðar Cortes hefur vakið verðskuldaða athygli úti í heimi undanfarið og því koma svona skrif nokkuð á óvart. Skipuleggjendur tónleikanna sögðu enda að Garðar hefði verið að jafna sig eftir veikindi og því ekki verið upp á sitt besta. „Á heildina litið var lítið um magnaðan söng sem hreyfði við áhorfendanum né heldur fengum við að kynnast þeim Cortes sem hefur tekið Evrópu með stormsveip. Þetta voru vonbrigði,“ skrifar gagnrýnandinn að lokum.

- fgg/sm


FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Glænýr villtur lax
Úrval fiskrétta á grillið
Óbreytt fiskverð frá áramótum
opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00




# Ástfangin og í fantaformi

„Enn þá að æfa? Heldur betur,“ segir Margrét Sigurðardóttir - Magga massi. Magga er einhver frægasta vaxtarræktardrottning sem Ísland hefur alið af sér en nú er hún í pásu frá keppnum. Vökul augu sem stunda líkamsrækt í World Class sjá þar Möggu taka á því svo um munar. „Ég er rosalega köttuð núna,“ segir Magga sem hefur stundað vaxtarrækt í rúm 23 ár eða frá því hún var nítján ára gömul. Í dag er hún 42 ára og í fantaformi, jafnvel sínu besta formi. Enda hefur hún aldrei hlaupið í spik. „Nei, ég hef aldrei hætt að æfa. Svo vill maður alltaf gera meira en maður er að gera hverju sinni þannig að ég held mér vel við efnið. Ég verð bara betri með árunum eins og maður segir.“

Magga byrjaði í lyftingunum samhliða knattspyrnu, en hún æfði fótbolta með Leikni á sínum tíma. „Ég var alltaf að skoða vaxtarræktarblöð og fann að mig langaði meira út í þetta,“ segir Magga sem lagði skóna á hilluna í kjölfarið.

Magga starfar hjá Öryggismiðstöðinni og hefur gert það í um það bil eitt ár. „Ég er á útkallinu þar. Það er mjög gott djobb,“ segir Magga en aðspurð hvort hún hafi komist á hann krappan vill hún ekkert segja, enda bundin trúnaði.

Að öðru leyti nýtur Magga sumarsins til hins ýtrasta og er sátt við lífið. „Ég er sátt við lífið og mína fjölskyldu. Ég á yndislega konu og yndislegan son,“ segir Magga massi - rúmlega fertug, í fantaformi og yfir sig ástfangin.

- shs



**MAGGA MASSI** Er í fantaformi 42 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR


Klæddu þig vel
66° NORTH
Allt fyrir Verslunarmannahelgina!
66°Norður markaður á annari hæð í Faxafeni 12.
Opnunartími:
Mán - Fim 28. – 31. júlí: 9:00-18:00
Föstudagur 1. ágúst: 9:00-16:00

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



lægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri




**BAKÞANKAR**
**Þráins Bertelssonar**

## *Kulnun í starfi*

Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú bráðlega staðið stýrisvaktina í heilan mannsaldur svo að engan þarf að undra þótt fæturnir gerist fúnir. Eftir því sem valdatímabil Flokksins lengist fara fleiri og fleiri að efast um að samfélaginu sé hollt að því síðara sé stýrt öllu lengur af hinu fyrra.

**ÞJÓÐIN** hefur þolað Flokknum margt af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi stóð hann jafnan vaktina hér á árum áður þegar efnahagsmálin voru annars vegar. Og í annan stað eru dugmiklir íhaldsflokkar nauðsynlegt bætiefni í lýðræðisþjóðfélögum - þótt óhollt sé að lifa á bætiefnum eingöngu. En nú dansa þau saman deyfðin og ráðleysið. Eina lífsmarkið er þegar dómsmálaráðherrann gjammar að forsætisráðherranum og vill taka upp evru en lýsa frati á Evrópusambandið sem á höfundarréttinn að þeirri mynt.

**„VALD** spillir“ er grundvallarlögmál sem gildir um bæði stjórnmálaflokka og manneskjur. Löngum valdaferli fylgir hroki, hugmyndakreppa og andlegur doði. Öll þjóðin þekkir nýleg dæmi um stjórnmálamenn sem voru fyrst efnilegir og síðan öflugir en sátu of lengi og enduðu sem nátttröll. Sama á við um stjórnmálaflokka. Endurnýjunarkrafti Flokksins er best lýst með því að rifja upp að sá draumaprins sem Flokkshestar trúa að eigi að vekja Flokkinn af Þyrnirósarsvefngöngu heitir Bjarni Benediktsson.

**VAR** einhver að tala um valdaapparat ætta- og fjármagnstengsla? Var einhver að tala um endurtekið efni? Var einhver að tala um meira af því sama? Ber það ekki vott um kulnun í starfi og forneskjuleg viðhorf þegar Flokknum dettur það helst í hug í efnahagskreppu að kýta um hvort Bjarni II sé réttborinn til að erfa veldi Bjarna I - hversu huggulegur maður sem Bjarni krónprins kann að vera? Og núna er ýmislegt annað meira aðkallandi fyrir íslensku þjóðina en að bíða eftir því að Flokkurinn leysi forystuvandamál sín. Til dæmis að leysa Flokkinn undan forystuhlutverkinu og gefa honum svigrúm til að leysa innri vandamál sín í næði. Vonandi er utanríkisráðherrann ekki of upptekin af sjálfri sér og gloríu embættisins til að hugsa um hvað sé Flokknum, þjóðinni og meira að segja Samfylkingunni fyrir bestu.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er mánudagurinn 28. júlí, 211. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.23 | 13.34 | 22.43 |
| Akureyri | 3.48 | 13.19 | 22.47 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


ISUZU D-MAX
ISUZU

3.990.000
MEÐ 35" BREYTINGU





SJÁLFSKIPTUR ISUZU D-MAX* - 35" BREYTTUR

„ER HÆGT AÐ GERA BETRI KAUP Á PALLBÍL?“

3,0 l dísilvél, 163 hestöfl, **3ja tonna dráttargeta**, aksturstölva, loftkæling, skriðstillir, rafmagn í speglum, ljóskastarar í framstuðara, hljómflutningstæki og **35" breyting innifalin. Takmarkaður fjöldi bíla.**

ENNEMM / SÍA / NM34786

*Bíll á mynd er með pallhúsi sem er ekki innifalið í verðinu. Pallhúsið er hins vegar á 200.000 kr. tilboði, málað í lit og komið á bílinn.





Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON